

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1531
komudagur 4.4. 2006 Reykjavík 4.4.06

Ágæti þingmaður,

Á yfirstandandi þingi fer fram endurskoðun á lax-og silungsveiðilögum frá árinu 1970 og vill undirritaður fá að koma fram með nokkrar athugasemdir vegna núverandi laga. Með setningu lax-og silungsveiðilaganna frá árinu 1970 var landeigendum gert skylt að stofna veiðifélag um hverja lax-og silungsveiðiá á Íslandi (44. grein). Í sömu lagagrein er jafnframt kveðið á um að veiðifélag geti leigt réttinn til stangveiða í öllu fiskihverfinu eða hluta þess eða skipt veiði milli félagsmanna og úthluta hverjum veiðihluta sínum. Í 56. grein laganna er tekið fram að halda skal aðalfund ár hvert þar sem afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundinum og hafa allar jarðir jafnan atkvæðisrétt, óháð stærð jarða (48. grein). Með öðrum orðum þá ræður afl atkvæða á aðalfundum veiðifélaga hvort stangaveiðiréttur landeiganda sé leigður til leigutaka eða hvort félagsmenn skipti veiði sín á milli og úthluti hverjum landeiganda veiðihluta sínum.

Í samtölum mínum, við landeigendur sem eiga lönd að laxveiðiám, hefur komið berlega í ljós óánægja með núverandi fyrirkomulag á atkvæðagreiðslum innan veiðifélaga á nýtingu veiðiréttar því þeim finnst óréttlátt að vægi atkvæði innan veiðifélaga séu óháð stærð jarða. Sumir þeirra hafa haldið fram að með núverandi lögum sé stjórnarskrárvarinn nýtingarréttur landeigenda brotinn, því ákvörðun um hvernig nýta eigi eigi veiðirétt einstakrar jarðar sé í höndum annarra landeigenda en landeigandans sjálfs. Atkvæðagreiðslur innan veiðifélaga með jöfnum atkvæðisrétt jarða eru tímaskekkja og þeim eigi að hætta. Hver landeigandi fyrir sig eigi að ákveða sjálfur hvort hann nýti sjálfur sinn veiðirétt, eins og önnur landgæði jarða, eða leigi hann áfram til leigutaka en eigi ekki að þurfa að bera það undir atkvæði annarra landeiganda.

Í tæp 30 ár hef ég veitt í Langadalsá við Ísafjarðardjúp og þekki orðið marga landeigendur við ána. Þar á meðal eru forsvarsmenn Stangaveiðifélags Ísafjarðar (SVFÍ) en SVFÍ eru félagasamtök stangaveiðimanna frá Ísafirði sem eiga tvær jarðir í Langadalsá við Ísafjarðardjúp, sem samtals eru 30,29% af bakkalengd Langadalsár og er SVFÍ stærsti landeigandi við ána en samtals eiga 8 jarðir veiðirétt í ánni. Að gefnu tilefni vil ég að það komi skýrt fram að ég er hvorki landeigandi í Langadalsá né meðlimur í SVFÍ, heldur áhugamaður um laxveiðar.

SVFÍ er dæmi um landeiganda sem lögin hafa leikið grátt þar sem þeir hafa ekki getað nýtt veiðiréttindi jarða sinna fyrir sína félagsmenn, heldur hafa þurft að leigja veiðiréttinn frá sér þar sem aðrir landeigendur í Veiðifélagi Langadalsár hafa ávallt ákveðið að ganga til samninga við leigutaka. Með núverandi leigusamningi er SVFÍ einfaldlega meinað að hámarka arð jarða sinna því gildistími hans er 5 ár og leigutekjurnar föst tala. Á sama tíma hafa verið veiðileyfa hækkað umtalsvert án þess að landeigendur hafi nokkuð fengið fyrir sinn snúð, þ.e.a.s. leigutakinn hefur makið krókinn. Samkvæmt útreikningum þá gæti SVFÍ aukið arð sinn um 125%, miðað við arðgreiðslur núverandi leigusamnings eða um tæpar 1.000.000 krónur á ári með breytingum á lögnum eða 5.000.000 krónur á leigutímanum. Þetta væri mögulegt ef félagið gæti leyst til sín 30% af veiðidögnum, óháð atkvæðagreiðslum innan veiðifélagsins, og selt sínum félagsmönnum (**Sjá viðhengi**). Fyrir lítið félag eins og SVFÍ sem er enn að borga af einni jörð sinni við Langadalsá, Fremri-Bakka, munar um minna þar sem þessar tekjur myndu létta skuldabyrðina. Með núverandi

lagaákvæðum hefur SVFÍ því tapað umtalsverðum fjárhæðum í áranna rás, þar sem nýtingarréttur jarða félagsins er ekki í þeirra höndum.

Miðað við samtöl mín við forsvarsmenn SVFÍ og aðra landeigendur við aðrar laxveiðiár tel ég brýnt að gera eftirfarandi breytingar á laxveiðilögunum:

1. Núverandi atkvæðagreiðslur með jöfnum atkvæðarétt um nýtingu veiðiréttinda jarða á aðalfundum veiðifélaga verði **felldar niður**. Ákvörðun um nýtingu stangaveiðiréttis jarða, til leigu eða eigin nota, á að vera í höndum hvers landeiganda fyrir sig. Landeigandi geti leyst til sín stangardaga í samræmi við stærð jarðar ef hann kys að nýta veiðiréttinn sjálfur. Þannig gæti t.d. SVFÍ fengið rúm 30% af stangardögum Langadalsár á hverju sumri fyrir sína félagsmenn en leigutakinn tæp 70% af stangardögunum, ef aðrir landeigendur kysu að framleigja sín veiðiréttindi til hans. **Þannig væri ákvörðunarréttur hvers einasta landeiganda virtur, óháður stærð jarðar hans.**
2. Alla aðra þætti, **aðra en nýtingu veiðiréttar**, sem varða rekstur veiðifélaga (seiðasleppingar, veiðivarsla, veiðistaðamerkingar o.fl.) skal bera undir atkvæðagreiðslu aðalfunda veiðifélaga eins og áður, að því tilskyldu að vægi atkvæða innan veiðifélags verði í samræmi við eignarhlut jarðar. Það er sanngjarnt að þeir landeigendur sem eiga stærri eignarhlut hafi meiri vægi í sínum atkvæðum en litlir landeigendur með lítinn eignarhlut.
3. Landeigandi yrði áfram í veiðifélagi viðkomandi veiðiár, hvort sem hann myndi leigja frá sér veiðiréttinn eða nýta hann sjálfur. Landeigandi myndi borga rekstrarkostnað í samræmi við eignarhlut jarðar eða arðskrá veiðifélags. Arðgreiðslur frá veiðifélagi detta sjálfkrafa niður ef landeigandi nýtir veiðirétt sinn sjálfur.

Ég vona að þú takir þér tíma til að fara yfir þetta og ígrunda athugasemdir mínar rækilega. Ef við myndum heimfæra núverandi lax-og silungsveiðilög yfir á t.d. hrossabændur á ákveðnu svæði, þá þætti mörgum hrossabóndanum örugglega freklega brotið á eignar-og nýtingarrétt sínum ef hann þyrfti að borga leigu til leigutaka fyrir úthagabeit á sinni eigin jörð, vegna þess að félag landeiganda í kringum hann ákváðu það fyrir hann. Af hverju ættu landeigendur lax-og silungsveiðiáa að þurfa að sætta sig við það?

Að lokum vil ég rekja tvö tilbúin dæmi hvernig núverandi óréttlát lög virka í raunveruleikanum fyrir marga landeigendur.

Dæmi 1:

Þrjár jarðir eigi veiðirétt að laxveiðiá, A, B og C. Landeigandi A á 80%, landeigendur B og C eiga 10% hvor. Veiðifélaginu berst tilboð í veiðiréttindin uppá 5.000.000 krónur. Álagning leigutakans er 5.000.000. Verðskrá hans hljóðar því upp á 10.000.000. Landeigandi A vill að veiðifélagið sjái sjálft um sölu veiðileyfa í ána en B og C vilja ganga að tilboði leigutakans. Gengið er til atkvæðagreiðslu og þar ræður afl atkvæða B og C og gengið er til samninga við leigutakann. 20% eignarhlutur B og C hefur því meira vægi atkvæða heldur en 80% eignarhlutur A.

Rekstrarkostnaður veiðifélagsins er um 1.000.000 á ári og því er arður landeigenda 4.000.000 sem skiptist eftir eignarhluta. **A fengi 3.200.000 í sinn hlut, B og C fengu 400.000 hvor.**

Með ofangreindum breytingum á lögnum gæti arðsemi jarðar A aukist umtalsvert. Landeigandi A ákveður nú að nýta sinn veiðirétt með því að selja sjálfur veiðileyfi og fengi hann 80% af veiðidögum í sinn hlut. Landeigandi A yrði áfram í veiðifélaginu og myndi taka þar þátt í rekstrarkostnaði eins og áður. Landeigandi A myndi vera með sömu verðskrá og leigutakinn og selja veiðileyfi fyrir 8.000.000. Hlutfall hans í rekstrarkostnaði veiðifélags er 80% af 1.000.000 eða 800.000. **Arður jarðar A gæti því orðið 7.200.000! Þarna munar um 4.000.000 á milli ára eða aukning á arði um 125% á milli ára.**

Nýtingarréttur og arðsemi jarðar A er því algjörlega háð atkvæðum B og C.

Dæmi 2:

Þrír veiðifélagar eiga 10% eignarhlut í laxveiðiá. Þeir vilja nýta sinn veiðirétt og taka sín 10% af veiðidögum en ákveðið er að ganga að tilboði leigutaka eftir atkvæðagreiðslu innan veiðifélagsins miðað við núverandi lög. Stangardagar eru tæpir 300. Arður jarðar þeirra er 400.000/ár. Þeir veiða 3 sinnum í ánni á sumri í samtals 9 daga en 3 stangir eru leyfðar í ánni. Meðalverð fyrir hverja stöng/veiðidag er 40.000 krónur/dag. Hvert þriggja daga holl kostar því: $40.000 \cdot 3 \cdot 3$ eða 360.000 krónur/3ja daga holl. Þeir fara í þrjár veiðiferðir sem samtals kosta 1.080.000 krónur.

Þessir landeigendur þurfa því að borga **680.000 krónur til leigutaka á hverju ári fyrir að veiða á sinni eigin jörð**, eftir að arður þeirra frá veiðifélagi hefur verið dreginn frá.

Ef þeir fengu að nýta 10% af veiðidögum í eigin þágu eða 27 stangardaga (þrjú 3ja daga holl) og borga 10% rekstrarkostnað vegna veiðifélags þá þyrftu þeir í raun aðeins að **borga 100.000 krónur/ár fyrir veiðileyfin.**

Virðingarfyllst,

Aron Jóhannsson B.Sc. í líffræði og M.Sc. í umhverfisverkfræði.

Stífluseli 3

109 Reykjavík

Forsendur: 276 stangardagar/ítmabil, 30,29% hlutur SVFI gera tæplega 84 daga

Verð stangardags til félagsmanna SVFI er miðað við verðskrá Lax-á 2005

Arði er deilt þannig að 50% er skipt jafnt á milli 8 jarða óháð stærð, hinum 50% er skipt eftir stærð jarða.

Veitileyfa SVFI (Ítmabil)	Verð	Stangardagar	Stangir	Alls
Júní	15.000	3	3	135.000
Júlí	20.000	3	3	180.000
Júlí	32.000	3	3	288.000
Júlí	32.000	3	3	288.000
Ágúst	32.000	4	3	384.000
Ágúst	28.000	3	3	252.000
Ágúst	26.000	3	3	234.000
September	20.000	3	3	180.000
September	20.000	3	3	180.000
Alls sala		28		2.121.000

Verðskrá Lax-á 2005	
Leiga Lax-á til jarðeigenda	4.040.000
Álagning Lax-á	3.000.000
Rekstrarkostnaður Vf. Langadalsár	30%
Rekstrarkostnaður Vf. Langadalsár	1.212.000
Arður Veiðifélags	2.828.000
Arður Bakkasels (15,41%)	394.647
Arður Fremri-Bakka (14,88%)	387.153
Alls arður SVFI	751.503

Jarðir	Hlutfall
Kirkjuból	29,76
Bakkasel	15,41
Fremri-Bakki	14,88
Neðri-Bakki	12,72
Brekka	9,52
Arngerðareyri	10,71
Tunga	3,52
Rauðamýri	3,47

Arður SVFI til félagsmanna Lax-á 2005	
Sala veiðileyfa SVFI til félagsmanna	2.121.000
Rekstrarkostnaður Vf. Langadalsár	1.212.000
Hlutfall SVFI	30,29%
Rekstrarkostnaður SVFI	367.115
Arður SVFI	1.753.885

Tekjumissalir SVFI	972.085
---------------------------	----------------

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Landbúnaðarnefnd Alþingis

Alþingi
Erindi nr. P 132/1641
komudagur 18.4.2006

Efni: Umsögn Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands um þingmál 607; frumvarp til laga um lax- og silungsveiði.

Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands gerði ítarlega greinargerð um efnahagslegan ávinning af aukinni fiskgengd á vatnasvæði Hvítár og Ölfusár. Í greinargerðinni sem kom út í mars 2004 voru gerðar eftirfarandi tillögur um hvernig auka mætti efnahagslegan ávinning af þeirri auðlind sem stangveiðar á svæðinu eru:

1. Að stofnað verði félag til að koma verkefninu af stað og stýra því.
2. Að net verði tekin upp strax og auðið er.
3. Að fjármögnun verkefnisins verði tryggð.
4. Að ræktun á laxi verði hafin í samstarfi við Veiðimálastofnun.
5. Að 5 veiðihús verði byggð í samræmi við velgengni verkefnisins.
6. Að stöngum verði fjölgað í takt við aukna fiskgengd og veiði.
7. Að verð á veiðileyfum verði hækkað í takt við aukna veiði og með aukinni þjónustu.
8. Að arður verði greiddur til landeigenda í lok verkefnisins og þaðan í frá.
9. Að verkefnið verði unnið í nánú samstarfi við Veiðimálastofnun.

Fyrir þessum tillögum voru færð eftirfarandi rök:

Laxveiðar á stöng á vatnasvæði Hvítár og Ölfusár eru eftirsóknarverðar og svæðið dýrmæt auðlind. Helstu styrkleikar svæðisins eru stærð þess eða umfang og fjölbreytileiki, nálægð við Keflavíkurlflugvöll og Reykjavík. Aðstæður til fiskiræktar eru víðast mjög góðar og svæðið er auk þess sjálfbært varðandi hrygningar. Hlutfall stórlaxa er hátt.

Helstu veikleikar svæðisins eru þeir að laxveiði hefur farið minnkandi með hverju árinu og lítil þjónusta er í boði fyrir veiðimenn. Verð á veiðileyfum hefur því verið tiltölulega lágt. Félagskerfi Veiðifélags Árnesinga, eigenda auðlindarinnar, er óskilvirkt og flókið og er helsta fyrirstaða gegn breytingum. Netaveiðar eru stundaðar á svæðinu og hefur hlutfall þeirra verið hátt í samanburði við stangaveiði. Tortryggni hefur gætt milli bænda á svæðinu og stangaveiðimanna.

Helstu leiðir til að auka efnahagslegan ávinning af auðlindinni eru; annars vegar að auka fiskgengd með verndun og ræktun, og hins vegar að bæta aðbúnað og þjónustu við veiðimenn. Þannig má auka tekjur af auðlindinni.

Fiskgengd verður best aukin með upptöku neta og ræktun á sjógönguseiðum í stórfelldum stíl.

Þjónusta verður best aukin og aðbúnaður bættur með byggingu veiðihúsa sem uppfylla nútímakröfur veiðimanna, og sölu á fæði, gistingu og leiðsögn ásamt öðru því sem veiðimenn vanhagar um.

Með þessum aðgerðum má fjölga veiðimönnum á svæðinu og þar með skila meiri tekjum inn á svæðið. Gerðar eru tillögur um leiðir að þessu markmiði og að sett verði af stað verkefni sem nær til 10 ára. Með þeim aðgerðum sem þar er mælt með tífaldast greiðslur til landeigenda, en þær gætu orðið yfir 250 miljónir króna á ári.

Ávinningur af aðgerðum sem lagt er til að farið verði í:

- Að vatnasvæði Hvítár og Ölfusár verði eitt það eftirsóknaverðasta og besta í heimi í hugum stangaveiðimanna.
- Að þar verði veitt á 100 stangir í 100 daga, samtals 10 þúsund stangardaga.
- Að byggð verði fimm lúxusveiðihús til að hýsa veiðimenn á svæðinu. Öll húsin verði búin fullkomnum nútímapægindum, m.a. veitingaaðstöðu, bar, heitum pottum og nauðsynlegri aðstöðu fyrir veiðimenn og búnað.
- Að gerðar verði 50 sleppitjarnir fyrir eina miljón sjógönguseiða.
- Að árleg meðalveiði verði yfir 10 þúsund laxar, eða að meðaltali rúmlega einn lax á dag á stöng.
- Að aðgengi verði með besta móti og veiðistaðir verði bættir.
- Að markaðssetning á öllu svæðinu verði samræmd, bæði hvað varðar stangaveiði og aðra ferðaþjónustu á svæðinu öllu, sem og aðra þjónustu og verslun þar.
- Að félagskerfi landeigenda verði samræmt með heildarhagsmuni allra landeigenda í huga.

Niðurlag:

Athygli landbúnaðarnefndar Alþingis er vakin á að einfaldasta og skjótvirkasta leiðin að framangreindum markmiðum er breyting á 27. grein frumvarpsins, í þá átt að leyfa eingöngu veiðar á stöng og færi. Bann við notkun á netum við veiðar í straumvatni fellur auk þess afar vel að þeirri framtíðarsýn sem blasir við í lax- og silungsveiði sem atvinnugrein í dreifbýli. Efling greinarinnar er einnig vel til þess fallin að auka atvinnutekjur í landbúnaði og þannig bæta búsetuskilyrði á landsbyggðinni og efla jákvæða byggðapróun.

Greinargerð Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands um efnahagslegan ávinning af aukinni fiskgengd á vatnasvæði Ölfusár og Hvítár, má finna á heimasíðu sjóðsins “www.sudur.is” eða fá senda ef þess er óskað. Sjóðurinn hefur einnig tekið saman ýmsar tölulegar upplýsingar um efnahagsleg áhrif netaveiði, en þær má einnig að finna á heimasíðu sjóðsins.


Gert á Selfossi, 18/ apríl 2006.

Virðingarfyllt,



ATVINNUÞRÓUNARSJÓÐUR SUÐURLANDS
Austurvegi 56, 800 Selfoss
Kt. 580281-0309

Róbert Jónsson, framkvæmdastjóri
Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands
Austurvegi 56
800 Selfossi.



Alþingi
Erindi nr. P 132/1649

komudagur 19.4 2006

Landbúnaðarnefnd Alþingis
bt. Elísabetar Ránar Andrésdóttur
Alþingi
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 18. apríl 2006
SP/hó

Efni: Frumvörp til laga um lax- og silungsveiði o.fl. (607., 612., 613., 595. og 596. mál)
Tilv: 2006030013

Bændasamtök Íslands hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um lax- og silungsveiðar, 607. mál, ásamt fjórum fylgifrumvörpum. Okkur gafst einnig kostur á að kynna okkur umsögn Landssambands veiðifélaga um sömu frumvörp. Bændasamtökin taka undir þá umsögn í öllum megin dráttum, en vilja auk þess koma eftirfarandi athugasemdum/ábendingum um einstakar greinar á framfæri.

Frv. um lax- og silungsveiði (607. mál).

8. grein: Veiðiréttur í óskiptri sameign.

Þessi grein kemur í stað 4. greinar gildandi laga.

Athygli er vakin á því, að 2. tl. 4. gr. gildandi laga fellur niður, en þar er kveðið á um, að við landskipti skuli veiðiréttur vera í hlutfalli við landverð hvers jarðarlhuta, ef ekki verður samkomulag um annað.

Það þarfnast skoðunar, hvort þetta má falla út.

15. grein: Landbúnaðarstofnun fær heimild til að takmarka eða banna veiðar á silungi í sjó án þess að fyrir liggi formlegar óskir frá aðliggjandi veiðifélögum eða umsögn Veiðimálastofnunar um þörf slíks.

Þessi heimild til eignaupptöku er rýmri en fyrri heimildir sama efnis og eðli máls samkvæmt of rúm.

Eigendur sjávarjarða þurfa samkvæmt frumvarpinu að sanna fjárhagslegt tjón vegna takmörkunar veiði, en horft virðist fram hjá því að margir eigendur sjávarjarða stunda sjávarveiðar silungs sé til ánægju og öflunar góðmetis til eigin nota. Slíkar veiðar eru vandmetnar til fjár og sönnun tjóns fyrir dómi því erfið.

Hér er um viðkvæmt mál að ræða, sem vanda þarf lagasetningu um þannig að allrar sanngirni sé gætt.

29. og

30. grein: Í greinum þessum er kveðið á um reglur, nýtingaráætlanir, annars vegar um stangveiði í straumvatni og hins vegar um veiðitæki og veiðiaðferðir í stöðuvötnum. Reglur þessar skal Landbúnaðarstofnun staðfesta að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar, en Landbúnaðarstofnun getur skv. frumvarpinu, sett slíkar reglur að eigin frumkvæði, ef veiðifélög/veiðiréttarhafar sinni ekki þeirri skyldu.

Hér er rétt að íhuga hvort staðfestingarferillinn þurfi að vera fortakslaus og gilda jafnvel um minnstu fiskihverfi, þar sem nýtingin er sú ein t.d. að einn eða fáir landeigendur veiða sér til matar. Miða skal við það meginsjónarmið að innleiða enga nýja skrifinnsku né opinbert eftirlit, sem ekki eru gildar ástæður fyrir.

Frv. um fiskrækt (613. mál).

Bændasamtök Íslands sakna þess að frumvarpið innifelur ekki lagasetningu um Fiskræktarsjóð, heldur er vísað til þess í athugasemdum, að 14. kafli gildandi laga nr. 76/1970 um Fiskræktarsjóð eigi að standa óbreyttur “um sinn”. Þetta veikir ný lög um fiskrækt og skapar óvissu um framtíð Fiskræktarsjóðs, sem Bændasamtökin leggja ríka áherslu á að verði tryggð.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands



SKÓGAR-FLÓKADAL

Alþingi

Erindi nr. P 132/1589

komudagur 11.4.2006

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Drífa Hjartardóttir alþingismaður, formaður
Alþingi

Hafnarfirði 27. mars 2006

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, þskj. 891/607. mál, sem landbúnaðarráðherra hefur mælt fyrir. Hefur frumvarpinu verið vísað til landbúnaðarnefndar.

Eigendur jarðarinnar Skóga í Flókadal, Borgarfjarðarsýslu, sem eru aðilar að Veiðifélaginu Flóku, hafa miklar athugasemdir við grundvallaratriði frumvarpsins, þ.e. atkvæðisrétt jarðareigenda sem veiðirétt eiga í veiðifélagi. Vilja þeir koma sjónarmiðum sínum þar að lútandi á framfæri við landbúnaðarnefnd Alþingis, þegar frumvarpið verður til umfjöllunar í nefndinni, í von um að nefndarmenn geri sér grein fyrir þýðingu málsins fyrir jarðareigendur og geri breytingar á frumvarpinu verði það til afgreiðslu í nefndinni.

Þann 29. janúar 2002 eftir að landbúnaðarráðherra (1. júlí 2001) hafði skipað þriggja manna nefnd til að endurskoða lög um lax- og silungsveiði, leitaði formaður Landssambands veiðifélaga, L.V., til aðila veiðifélaga landsins og hvatti þá til þess að koma með ábendingar eða tillögur sem þeir teldu að gera þyrfti á gildandi löggjöf. Formaður L.V. vakti sérstaka athygli á því að margar breytingar hefðu verið gerðar á gildandi lax- og silungsveiðilöggjöf l. nr. 76/1970 en ekki verið hreyft við VIII kafla laganna um veiðifélög. „Ljóst er að þar þarf ýmsu að breyta og færa til samtíma viðhorfa” eins og segir í bréfi hans.

Í bréfi sem eigendur Skóga sendu breyttri skipan endurskoðunarnefndar lax- og silungsveiðilaga 4. ágúst 2005 og fylgir þessu bréfi ásamt fylgiskjölum kemur skýrt fram skoðun eigenda Skóga, sem þeir höfðu áður kynnt endurskoðunarnefndinni. Þar segir „að ákvæði um atkvæðisrétt jarðeigenda í veiðifélögum skv. lögum nr. 76/1970 sé brot á eftirtöldum greinum stjórnarskrárinnar, lög nr. 33/1944: eignarréttarákvæði 72. gr., jafnréttisákvæði 65. gr og undanþágu frá félagafrelsi 2. mgr. 74. gr. Þá vísa eigendur Skóga til laga nr. 62/1994 um

SKÓGA-FLÓKADAL

Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) ásamt viðauka nr. 1 við hann svo og í Mannréttindadóm Evrópu (M.D.E.) frá 29. apríl 1999, mál Chassagnon o.fl. gegn Frakklandi. Með bréfinu fylgdi jafnframt breytingatillaga sem eigendur Skóga höfðu lagt til að gerð yrði á 48. gr. laga nr. 76/1970, lax- og silungsveiðilögunum sem í gildi eru. Skv. tillögu eigenda Skóga skyldi atkvæðisréttur veiðiréttareigenda vera skv. eignarétti þeirra og arðskrárhlua í veiðifélagi.

Í frumvarpi til nýrra laga um lax- og silungsveiði, sem landbúnaðarnefnd hefur nú til umfjöllunar er gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi laga nr. 76/1970 um atkvæðisrétt veiðiréttar eigenda verði það lögfest óbreytt. Skv. 40. gr. frumvarpsins skal eitt atkvæði fylgja hverri jörð á félagssvæði veiðifélags og breytir engu hver er eignaréttur jarðareigenda skv. arðskrárhlua hans í veiðifélagi. Meira að segja skal landeigandi sem sameinar tvær jarðir sínar missa atkvæðarétt fyrir annarri jörðinni vegna sameiningar, og skiptir ekki máli þótt eignin sé hin sama og eignarétturinn óbreyttur.


Eigendur Skóga vilja með bréfi þessu koma til landbúnaðarnefndar breytingatillögu við 40. gr. frumvarps til laga um lax- og silungsveiði, þar sem lagt er til að lögfest verði, að atkvæðisréttur veiðiréttareigenda verði skv. eignarétti þeirra og arðskrárhlua í veiðifélagi, fylgiskj. I. Aðrar breytingar verði gerðar á frumvarpinu til samræmingar.

Auk bréfsins frá 4. ágúst 2005 fylgir til glöggvunar fyrir landbúnaðarnefnd dómur Mannréttindadómstólsins frá 22. apríl 1999 svo og 4. tbl. 54. árg. Úlfjótis, tímarits laganema 2001, hvort tveggja sem vikið er að í bréfinu.

Treystum rétttri niðurstöðu landbúnaðarnefndar samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Virðingarfyllst,

eigendur jarðarinnar Skóga - Flókadal,
Borgarfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu.



Birgir J. Jóhannsson Birgir Þorgilsson Matthías Á. Mathiesen
Mánatúni 2, 105 Rvk Miðleiti 5, 103 Rvk Hringbraut 59, 220 Hf

Breytingatillaga við 40. gr. frumvarps til laga um lax- og silungsveiði

40. gr.

Atkvæðisréttur í veiðifélagi

Á fundi þeim sem boðaður hefur verið samkvæmt 39. gr. skal lagt fram bréf frá þeim sem boða til fundar um stofnun veiðifélags ásamt öðrum skjölum sbr. 12. gr. Á fundinum skal ræða um stofnun félags og verkefni, setja veiðifélaginu samþykktir og kjósa stjórn.

Á stofnfundi veiðifélagsins fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Eigendur hvers lögbýlis, sem metið er til verðs í gildandi fasteignamati, skulu hafa eitt atkvæði fyrir hverja jörð, hvort sem hún er í ábúð eða eyði. Nú eru ábúendur lögbýlis eða eigendur eyðijarðar fleiri en einn eða félagsskapur manna skal gert skriflegt samkomulag um hver fari með atkvæðisrétt jarðarinnar og skal það lagt fram á fundinum. Fela má öðrum að fara með atkvæði samkvæmt skriflegu umboði. Samkomulags og umboðs skal getið í fundargerðarbók.

Þegar arðskrá hefur verið samþykkt fyrir veiðifélag samkvæmt lögum þessum, sbr. 41. gr., skal fara um atkvæðisrétt jarðareigenda á fundum í veiðifélaginu eins og hér segir: Við allar atkvæðagreiðslur skal hver jarðareigandi hafa atkvæðisrétt samkvæmt arðskrárhlut hans og ræður afl atkvæða. Öll stjórn veiðifélags skal kosin árlega. Við stjórnarkjör á félagsmaður rétt á að krefjast meirihlutakosningar, hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar og skal ósk um það berast stjórn félagsins eigi síðar en fjórum dögum fyrir boðaðan aðalfund.

Nú er stofnað veiðifélag, sem eingöngu tekur til veiðivatna á afréttum, og skal þá koma eitt atkvæði fyrir hvert lögbýli hvort heldur er í ábúð eða er eyðijörð, sem á veiðirétt á þeim afréttum eða rétt til upprekstrar á þá. Hafi verið gerð arðskrá fyrir veiðivatnið, þá fer um atkvæðisrétt veiðiréttareigenda skv. 3. málsgrein.

Ef landareign er leigð skv. ábúðarlögum skal ábúandi fara með atkvæðisrétt ábúðarjarðar sinnar, nema á annan veg hafi verið samið sbr. 3. mgr. 5. gr.

SKÓGAR-FLÓKADAL ehf

Endurskoðunarnefnd lax- og silungsveiðilaga nr. 76/1970
Þorgeir Örlygsson, prófessor, formaður
Ingimar Jóhannsson, skrifstofustjóri
Karl Axelsson, hrl., Páll S.Hreinsson, prófessor

Hafnarfirði, 4. ágúst 2005

Með tilvísun til bréfa til endurskoðunarnefndar lax- og silungsveiðilaga nr. 76/1970, sem dagsett voru 29. apríl 2002 og 7. apríl 2003, frá eigendum jarðarinnar Skóga Flókadal, en jörðin er aðili að Veiðifélaginu Flóku, Borgarfjarðarsýslu, vilja eigendur Skóga, að breyttri skipan nefndarinnar, ítreka tillögu þá að breytingu sem þeir hafa kynnt og leggja til að gerð verði á 48. gr. l. nr. 76/1970 sbr. fskj. 1.

Eins og áður hefur fram komið og gerð hefur verið grein fyrir í ofangreindum bréfum, eru eigendur Skóga þeirrar skoðunar, að ákvæði um atkvæðisrétt jarðeigenda í veiðifélögum, skv. l. nr. 76/1970 sé brot á eftirtöldum greinum stjórnarskrárinnar l. 33/1944: eignarréttarákvæði 72. gr., jafnréttisákvæði 65. gr. og undanþágu frá félagafrelsi 2. mgr. 74. gr. Þá vísa eigendur Skóga og til l. nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE) ásamt viðauka nr. 1 við hann svo og Mannréttindadóms Evrópu (MDE) frá 29. apríl 1999, mál Chassagnou o.fl. gegn Frakklandi.


Í því dómsmáli reyndi á hvort skylduáðild ákveðinna veiðifélaga í Frakklandi væri brot á 1. gr. sammingsviðauka nr. 1 við (MSE) og 11. gr. Dómstóllinn taldi svo vera, þar sem veiðifélögin voru skipuð veiðimönnum eða landeigendum sem voru einkaréttarlegir aðilar, væri því hér um brot á 11. gr. (MSE) að ræða. Grein er gerð fyrir þessum dómi og um hann fjallað í tímaritinu Úlfjótí, bls. 519-531, 4. tbl., 54. árg. 2001.

Að dómi MDE frá 29. apríl 1999 athuguðum, sýnist mega leiða líkur að því, að dómur Hæstaréttar 11. febrúar 1999, í máli nr. 263/1998 um atkvæðisrétt landeigenda í veiðifélagi skv. l. 76/1970 hefði fallið á annan veg, ef dómur MDE í nefndu máli hefði þá verið genginn. Mætti því búast við breyttri niðurstöðu nú, ef Hæstiréttur fengi nýtt mál til úrvinnslu.


Eigendur Skóga leggja áherslu á, að endurskoðunarnefndin beiti sér fyrir umræddri breytingu á 48. gr. l. nr. 76/1970 svo og öðrum breytingum sem nauðsynlegar kunna að vera til samræmingar. Með því yrði lax- og silungsveiðilöggjöfin færð mjög til „sam tíma viðhorfa“, eins og réttilega er talin þörf fyrir og bent er sérstaklega á í bréfi formanns Landssambands veiðifélaga til veiðifélaga, 29. janúar 2002, sbr. fskj. 2.


Hjálagt fylgja:

- I. fylgiskjal merkt 1, breytingartillaga, eigenda Skóga, við 48. gr. l. 76/1970
- II. fylgiskjal merkt 2, bréf formanns Landssambands veiðifélaga til veiðifélaga, 29. janúar 2002,


Birgir J. Jóhannsson
Kt. 270329-7999
Mánatúni 2, 105 Reykjavík

Virðingarfyllst,
eigendur jarðarinnar Skóga, Borgarfjarðarsveit
SKÓGAR – FLÓKADAL ehf.


Matthías A. Mathiesen hrl., form.
Kt. 060831-3439
Hringbraut 59, 220 Hafnarfirði



Birgir Þorgilsson
Kt. 100727-3669
Miðleiti 5, 103 Reykjavík


Afrit: Landbúnaðarráðherra Guðni Ágústsson
Landsamband veiðifélaga, form. Óðinn Sigþórsson
Veiðifélagið Flóka, Borgarfjarðarsýslu, form. Ólöf K. Guðbrandsdóttir


1. Á fundi þeim sem boðaður hefur verið samkvæmt 47. gr. skal leggja fram bréf með ákvörðun veiðimálastjóra og veiðimálanefndar um félagsstofnun ásamt öðrum skjölum sem fram hafa komið um málið. Á fundinum skal ræða um stofnun félags og verkefni, kjósa stjórn og bóka fundargerð.
2. Á þeim fundi fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Eigendur hvers lögbylis, sem metið er til verðs í gildandi fasteignamati, skulu hafa eitt atkvæði fyrir hverja jörð, hvort sem hún er í ábúð eða eyði. Nú eru ábúendur lögbylis eða eigendur eyðijarðar fleiri en einn eða félagsskapur manna skal gert skriflegt samkomulag um hver fari með atkvæðisrétt jarðarinnar og skal það lagt fram á fundinum. Fela má öðrum að fara með atkvæði samkvæmt skriflegu umboði. Samkomulags og umboðs skal getið í fundargerðarbók.
3. Þegar arðskrá hefur verið samþykkt fyrir veiðifélag samkvæmt lögum þessum skal fara um atkvæðisrétt jarðareiganda á fundum í veiðifélaginu eins og hér segir: Við allar atkvæðagreiðslur skal hver jarðareigandi hafa atkvæðisrétt samkvæmt arðskrárhlut hans (hlutfallstölu). Öll stjórn veiðifélags skal kosin árlega. Við stjórnarkjör á félagsmaður rétt á að krefjast hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar og skal ósk um það berast stjórn félagsins eigi síðar en fjórum dögum fyrir boðaðan aðalfund.
4. Nú er stofnað veiðifélag, sem einungis tekur til veiðivatna á afréttum, og skal þá koma eitt atkvæði fyrir hvert lögbyli hvort heldur er í ábúð eða er eyðijörð, sem á veiðirétt á þeim afréttum eða rétt til upprekstrar á þá. Hafi verið gerð arðskrá fyrir veiðivatnið, þá fer um atkvæðisrétt veiðiréttareigenda skv. 3. málsgrein.

Eigendur Skóga vænta þess að þeir sem fjalla um endurskoðun lax- og silungsveiðilaganna séu sammála þeim sjónarmiðum, sem fram koma í bréfi þessu og beiti sér fyrir áðurgreindri breytingu á lax- og silungsveiðilöggjöfinni svo og breytingum sem nauðsynlegar kunna að vera til samræmingar.

Virðingarfyllst,
eigendur Skóga í Flókadal
Borgarfjarðarsveit


Birgir J. Jóhannsson
Ásenda 15, Rvk.
kt. 270329-7999


Birgir Þorgilsson
Eikjuvogi 14, Rvk.
kt. 100727-3669


Matthías Á. Mathiesen
Hringbraut 59, 220 Hf.
kt. 060831-3439



LANDSSAMBAND VEIÐIFÉLAGA

Bolholt 6 • 105 Reykjavík • Sími 553 1510 • Símbréf 568 4363 • www.angling.is • info@angling.is

29. janúar 2002.

Veiðifélag Ferka

Kæri formaður,

Landbúnaðarráðherra hefur nýlega skipað þá dr. Gauk Jörundsson, Ingimar Jóhannsson, skrifstofustjóra og Pál S.Hreinsson, prófessor til að endurskoða lög um lax-og silungsveiði. Er hér um heildarendurskoðun laganna að ræða og stefnt að því að búa þau þannig úr garði að löggjöfin standist kröfur sem nú eru gerðar til slíkra laga bæði gagnvart sjónarmiðum um eignarhald, meðferð veiðiréttinda, sem og um nýtingu þeirra hlunninda sem falla undir veiðimál.

Gildandi löggjöf var árangur af seinustu heildarendurskoðun laganna, sem samþykkt var á alþingi og gildi tók 1970. Síðar hafa verið gerðar nokkrar breytingar á lögnum, sem hófust 1994 og síðar hafa komið til sögunnar nokkrir áfangar í þá veru, sem meðal annars voru fólgnar í að skilið var sundur stjórnarsýsla veiðimála og rannsóknir á því sviði, eins og kunnugt er. Hins vegar hefur til þessa t.d. ekki verið hreyft við VIII kafla laganna um veiðifélög. Ljóst er að þar þarf ýmsu að breyta og færa til samtíma viðhorfa

Í sambandi við þá endurskoðun sem nú er hafin þurfum við hjá Landssambandi veiðifélaga að koma á framfæri við fyrrgreinda aðila þeim breytingum sem að við viljum fá fram. Af þeim sökum leitum við m.a. til ykkar hjá veiðifélaginu og óskum eftir að þið ræðið þetta málefni og komið að því loknu til stjórnar Landssambandsins ábendingum eða tillögum um breytingar sem þið teljið að þurfi að gera á löggjöfinni.

Slíkar ábendingar berist bréflaga á skrifstofu LV að Bolholti 6 Reykjavík eða á netfang LV angling@binet.is Einnig er hægt að hafa samband við formann LV Óðinn Sigbórsson sé þess óskað.

Stjórn Landssambands veiðifélaga mun halda fund í marsmánuði n.k. og fjalla vandlega um þessi efni og þess vegna væri nauðsynlegt að til okkar hafi þá borist þær hugmyndir, ábendingar eða tillögur sem þið hafið fram að færa.

Með bestu kveðju,

Óðinn Sigbórsson formaður

Hjálagt: Gildandi lög um lax-og silungsveiði með áorðnum breytingum.



COUR EUROPÉENNE DES DROITS DE L'HOMME
EUROPEAN COURT OF HUMAN RIGHTS

CASE OF CHASSAGNOU AND OTHERS v. FRANCE


(Applications nos. 25088/94, 28331/95 and 28443/95)

JUDGMENT

STRASBOURG

29 April 1999

ÚLFJÓTUR



**Tilinkað
fræðaskrifum laganema**



MEÐAL EFNIS:

Laganemar	Sveitarstjórnarréttur - fimm greinar	465
Laganemar	Félagaréttur I - fjórar greinar	519
Laganemar	Réttarsaga - fjórar greinar	567

Neikvætt félagafrelsi

- Þýðing dóms MDE 29. apríl 1999 í máli
Chassagnou o.fl. gegn Frakklandi -

*Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir
og Drífa Kristín Sigurðardóttir,
laganemar.*



Efnisyfirlit

1. Inngangur
2. Almenn um félagafrelsi
3. Stjórnarskráin og Mannréttindasáttmáli Evrópu - skýring og beiting
 - 3.1. Ákvæði 2. mgr. 74. gr. stjskr.
 - 3.2. Ákvæði 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu
4. Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu um 11. gr. MSE og áhrif þeirra á íslenskan rétt
 - 4.1. Breska járnbrautarmálið
 - 4.2. Íslenska leigubílstjóramálið
 - 4.3. Áhrif á íslenskan rétt
5. Hugtakið „félag“
 - 5.1. Skilgreining félaga í íslenskum rétti
 - 5.2. Skilgreining félaga hjá Mannréttindadómstól Evrópu
6. Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu, 29. apríl 1999 (Chassagnou o.fl. gegn Frakklandi)
 - 6.1. Málavextir
 - 6.2. Veiðifélögin voru talin félög í skilningi 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu
 - 6.3. Skylduaðild að veiðifélögum talin brjóta gegn 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu
7. Íslensk veiðifélög með hliðsjón af dómi Mannréttindadómstóls Evrópu, 29. apríl 1999
 - 7.1. Eru veiðifélög félög?
 - 7.2. Tekur 11. gr. Mannréttindasáttmálans til veiðifélaga?
 - 7.3. Skipulag og starfsemi veiðifélaga
8. Niðurlag

skrá. Einnig hefur 52. gr. lax- og silungsveiðilaganna að geyma mikilvæga leiðbeiningarreglu.

Hins vegar má deila um það hvort nægilegt sé að 2/3 félagsmanna greiði samþykktum atkvæði sitt, en þær hafa að geyma ákvæði um ýmis mál sem geta varðað félagsmenn miklu, t.d. um svigrúm stjórnarinnar til að taka ákvarðanir sem snerta félagið og aðila þess. Lögin um lax- og silungsveiði setja veiðifélögum ekki miklar skorður að þessu leyti. Í samþykktum eiga m.a. að vera ákvæði um skipun og starfsemi félagsstjórnar, en skv. 57. gr. er hverjum manni óheimilt að veiða í vatni á félagssvæðinu nema hann hafi samþykki félagsstjórnar. Þetta á ekki síst við þegar litið er til 104. gr. lax- og silungsveiðilaga, en þar segir að það varði sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að hlíta eigi settum reglum um veiðifélög eða samþykktum þeirra.

8. Niðurlag

Það er óhætt að fullyrða, sérstaklega í ljósi þess sem áður hefur verið sagt um skýringu á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, að dómur Mannréttindadómstóls Evrópu hafa áhrif á íslenska réttarframkvæmd. Hins vegar er erfitt að segja til um áhrif þessa dóms Mannréttindadómstóls Evrópu frá 29. apríl 1999 á stöðu íslenskra veiðifélaga. Skotveiðifélögin, sem ágreiningurinn stóð um í dómnum, og íslensk veiðifélög skv. lax- og silungsveiðilögum eru ekki alveg sambærileg. Til að mynda er aðildarskylda að íslensku veiðifélögunum almenn, þ.e. tekur til allra sem eiga veiðirétt, en í Frakklandi var skyldan hins vegar bundin við eigendur jarða á tilteknum svæðum og af tiltekinni stærð. Þetta var eitt af því sem dómstóllinn lagði áherslu á þegar hann tók afstöðu til þess hvort frönskum stjórnvöldum hefði tekist að sýna fram á nauðsyn aðildarskyldu.

Það er ljóst að umræddur dómur styrkir það neikvæða félagafrelsi sem er verndað af Mannréttindasáttmálanum og má því velja því fyrir sér hvort líta megi svo á að neikvæða félagafrelsið standi nú jafnfætis því jákvæða. Samkvæmt dómnum er skýrt tekið fram að tilgangur 11. gr. sé að veita félagafrelsi raunhæfa vernd. Leiðir það til þess að gildissvið hennar er víðara en áður hefur verið talið. Hugtakið félag er skýrt sjálfstæðri skýringu hjá dómnum og því virðist ekki vera hægt að útiloka að 11. gr. MSE taki einnig til íslenskra veiðifélaga. Þó hér verði ekki tekin afstaða til þess hvort dómurinn hafi í reynd áhrif á lögmati skylduaðildar að veiðifélögum hér á landi gefur hann vissulega tilefni til endurskoðunar á þeim. Með ríkari vernd neikvæðs félagafrelsis og aukinni áherslu á tengsl þess við skoðana- og tjáningarfrelsi er ljóst að gera verður strangar kröfur til þess að hægt sé að skylda mann til aðildar að félagi og þá einnig réttar hans til áhrifa innan félagsins.

Landbúnaðarnefnd Alþingis
b/t Elísabet Rán Andrésdóttir
Nefndasvið Alþingis Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík.

Efni: Athugasemdir við lagafrumvarp.

Félag eigenda sjávarjarða við austanverðan Eyjafjörð hefur haft til skoðunar frumvarp til laga um lax og silungsveiðar, þskj. 891 - 607 mál, lagt fyrir Alþingi 2005 - 2006. Leyfir félagið sér að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið, og jafnframt gera tillögur að breytingum á nokkrum greinum þess.

- (1) Úr 15gr. frv. falli brott setningin,, Við veiðar göngusilungs í fastar veiðivélar í netlögum einstakra sjávarjarða skal miðað við þann netafjölda sem viðkomandi fasteign hafði síðustu 5 ár fyrir gildistöku laga um lax og silungsveiði nr. 53/1957,,**

Er það mjög dregið í efa að ofanrituð málsgrein standist eignarréttarákvæði stjórnarskrár Íslands, sem og jafnræðisreglur.

Úr 15 gr. falli einnig ákvæðið sem skyldar sjávarjarðaeigendur til samráðs við nærliggjandi veiðifélag, sé stangveiði stunduð í netlögum jarðanna.

5 mgr. 15 gr. falli alveg brott.

Úr 15 gr. falli einnig heimild Landbúnaðarstofnunar til að setja á einhliða bann, um veiði göngusilungs.

Þess í stað er lagt til að 5 mgr. 15 gr. frv. og áfram, hljóði þannig: Heimilt er veiðifélagi ár, og eigendum nærliggjandi sjávarjarða, að gera með sér frjálsan samning, um nýtingu beggja aðila á veiði göngusilungs. Sé ekki gerður slíkur samningur, skal Landbúnaðarstofnun, í samráði við aðila, setja reglur um nýtingu veiðihlunnindanna, þar sem gætt skal réttar beggja aðila.

Telji veiðifélag þörf á takmörkun silungsveiða á tilteknu svæði, eða um tiltekinn tíma, skal það því aðeins tekið greina, að fram hafi farið vísindalegar rannsóknir á slíkri þörf kostaðar af viðkomandi veiðifélagi.

Tillaga félags okkar um frjálsa samninga, miðar að því að viðunandi sátt geti ríkt um þessi mál milli veiðifélaga og sjávarjarðaeigenda.

- (2) Um 16 gr. frv. Lagt er til að slíku banni sem þar um ræðir, verði eigi beitt nema fyrir liggja vísindalegar rannsóknir á slíkri þörf.**

(3) Um 37 gr og 38 gr.

Þar stendur að skylt sé að hafa veiðifélag með skylduaðild allra veiðiréttarhafa í hverju fiskihverfi.

Ekki er hér ljóst hvort fiskihverfi nær yfir bæði viðkomandi á og nærliggjandi netlög strandjarða, sbr. það skritna ákvæði sem áður er nefnt í 15 gr. um skyldu eigenda sjávarjarða um samáð við nærliggjandi veiðifélög um stangveiðar, í netlögum strandjarðanna. Nánari skýringar vantar á þessu.

(4) Um 49 gr.

Hér er fjallað um bótaskyldu vegna skerðingar á veiðirétti.

Í lagabálinum öllum er það rauði þráðurinn, að sá sem óskar banns á veiðum annara, hefur enga sönnunarbyrði um nauðsyn banns.

Þvert á móti er þeim sem bannið beinist að, gert að sækja rétt sinn og sanna tjón sitt og skaða.

Er þetta alger viðsnúningur á því sem áður gildi og er þessari breytingu harðlega mótmælt.

Ætlast verður til þess að umbiðjendur takmarkana og banna, sanni með faglegum og vísindalegum rökum, meinta þörf sína fyrir slíkum aðgerðum, sbr. athugasemd okkar við 15 gr. frv.

(5) Inn í ákvæði til bráðabirgða verði bætt, að einn fulltrúi samráðsnefndar skuli vera frá samtökum sjávarjarðaeigenda, verði þá fulltrúar ellefu í samráðsnefnd.


(6) Þá vill félagið vekja athygli landbúnaðarnefndar á nauðsyn þess að gætt verði jafnræðis á milli veiðiheimilda á laxi í net uppi í á og veiða á göngusilungi í netlögum sjávarjarða hvað varðar veiðitíma, bæði hvað snertir dagafjölda í viku og yfir veiðitímabilið í heild.


Sömuleiðis og ekki hvað síst, að landbúnaðarnefnd kanni það til hlítar, hvort takmarkanir á veiði sjávarjarðaeigenda, og einhliða, bótalaust afnám veiðiréttar jarðanna í netlögum, séu ekki í andstöðu við jafnræðisreglur stjórnarskrár og friðhelgi eignarréttarins.


Félag okkar telur miklar líkur á að svo geti verið, eins og fyrr er vikið að.

Jafnframt því að senda ofanritaðar athugasemdir, óskar félagið eftir að fulltrúar þess fái að koma á fund landbúnaðarnefndar til að skýra nánar sjónarmið sjávarjarðaeigenda.

Virðingafyllst,


Haukur Halldórsson, formaður.


Sveinberg Laxdal.


Asta Flosadóttir.

Frá formönnum nokkurra veiðifélaga á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði.

Til formanns Landbúnaðarnefndar Alþingis.

Frú Drífa Hjartardóttir.

(samrit sent til annara nefndarmanna)

Ágæti þingmaður.

Nýlega var, á hinu háa Alþingi, mælt fyrir stjórnarfrumvarpi til laga um lax- og silungsveiði.

Í umræðum, sem þá fóru fram var mikið rætt um 27. grein frumvarpsins, þar sem kveðið er á um veiðitæki og veiðiaðferðir.

Sumir ræðumanna töldu að í straumvatni væri rétt að banna með lögum alla netaveiði á laxi. Aðrir mæltu með frjálsum samningum í þessu efni og töldu það betri lausn.

Vitnuðu þá gjarna til árangurs af slíkum aðgerðum á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði síðastliðin 15 ár.

Við, sem flest höfum komið að þessari samningagerð um margra ára bil fullyrðum að sú samningsgerð hefur ekki verið sá dans á rósum, sem einstaka þingmaður lét í veðri vaka við umræðurnar. Gerð samninga hefur alltaf verið erfið, og því torveldari sem lengra hefur liðið. Aðeins einu sinni hafa samningar náðst til þriggja ára, tvisvar til tveggja. Annars hefur verið samið til eins árs í senn og þá gjarna undir mikilli tímapressu. Þar með eru talin síðustu 5 ár. Nú, - í aprílbyrjun 2006 – er staða mála þannig að ekki virðist mögulegt að neinir heildarsamningar náist.

Allir vita að veiði á stöng skapar mun meiri tekjur fyrir hvern veiddan lax en netaveiddur fiskur skilar. Við teljum eðlilegt að eigendur netaveiðiréttar fái bætur fyrir tekjumissi sinn og ennfremur hluta af aukinni verðmætasköpun við veiðarnar.

En kröfur þeirra um meira en fjórfalt nettóverðmæti netaafans teljum við óaðgengilegar. Á því stranda samningar nú.

Við hyggjumst ekki reyna að segja Landbúnaðarnefnd fyrir verkum. En við treystum ykkur til að leita færra leiða, sem tryggt geta netabændum sinn hlut, en um leið gera hagkvæmustu nýtingu þessara hlunninda mögulega.

Við viljum gjarna mæta á fund hjá Landbúnaðarnefnd ef þið teljið að það geti skýrt þessi mál frekar.

Borgarfirði í aprílbyrjun 2006.

Virðingarfyllst. Frá formönnum eftirtalinna veiðifélaga:

Veiðifélags Andakílsár, Veiðifélags Grímsár & Tunguár, Veiðifélags Flókadalsár, Veiðifélags Reykjadalárs og Veiðifélags Norðurár.

Til Landbúnaðarnefndar Alþingis.
b.t. Drífu Hjartardóttur, formanns nefndarinnar.

komudagur 24.4.2006

Frá formönnum veiðifélaga við bergvatnsár í Borgarfirði.

Efni: Umsögn um frumvarp það til laga um lax- og silungsveiði, sem nú er til umræðu á Alþingi.

1. Almennt um frumvarpið.

Í heild þykir okkur vel hafa til tekist við samningu frumvarpsins. Á margan hátt er það skýrara og einfaldara en gildandi lög, til dæmis hvað snertir atkvæðisrétt í veiðifélögum. Þá teljum við aukin áhrif veiðifélaga um eigin málefni til bóta, enda ljóst af langri reynslu að þeim er vel treystandi til að fara með slíkt. Hér á eftir munum við víkja nánar að einstökum greinum frumvarpsins.

2. Um 17. gr. Veiðitími lax.

Þessi grein, (áður 18. og 19. grein gildandi laga) er skýr og greinileg. Ljóst er að samkvæmt henni getur hvert veiðifélag takmarkað notkun ákveðinna veiðitækja innan síns félagssvæðis. Innan fiskhverfis Hvítár í Borgarfirði starfa 10 veiðifélög. Hvert um sig getur ráðið veiðitækjum innan síns svæðis, en til slíkra ákvarðana fyrir fiskhverfið allt þarf hér algjóra samstöðu allra veiðifélaganna. Hvað varðar friðun fyrir netaveiði hefur slík takmörkun verið í gildi innan fiskhverfis Hvítár síðastliðin 15 ár. Sífellt reynist erfiðara að ná áframhaldandi samningum um það fyrirkomulag. Heildarsamningar fyrir árið 2006 hafa enn ekki náðst.

Við teljum, að vanda þennan megi leysa með því að meirihluti veiðiréttareigenda í hverju fiskhverfi geti ákveðið hvaða veiðitæki skuli notuð innan þess svæðis alls. Missi einhverjir veiðiréttareigendur möguleika til nýtingar hlunninda sinna vegna slíkra samþykktu yrði að bæta þann skaða að fullu eftir mati samkvæmt VI kafla laga þessara. Bæturnar greiði þeir veiðiréttareigendur, sem ætla má að hagnist á breyttri notkun veiðitækja. Helst ættu bætur þessar að verða ákveðnar sem hlutur í arðskrá.

Komið hafa fram hugmyndir um tilfærslu á löglegum netaveiðitíma, þannig að í stað friðunar frá föstudagskvöldi til þriðjudagsmorguns verði netaveiði leyfð um helgar en friðun gildi aðra tíma vikunnar. (Sjá Mbl. 13. apríl, bls. 11) Röksemdir eru þær að netaveiði í dag sé að mestu frístundaveiði, sem menn stundi sér til ánægju en ekki sem atvinnu. Því sé betra að stunda hana um helgar. Við vörum eindregið við þessu, vegna þess að líklegt verður að teljast að ástundun netaveiða myndi aukast verulega við slíka breytingu. Þó kann þetta að vera vel athugandi ef löglegur veiðitími yrði um leið stytur verulega, til dæmis niður í einn sólarhring í viku hverri.

3. Um 27. grein. Veiðitæki og veiðiaðferðir.

Mikið hefur verið rætt og ritað undanfarið um hvernig auðvelda megi breytingu frá netaveiði yfir í stangaveiði, enda óumdeilt að síðartalda aðferðin skapar stórum meiri tekjur af hverjum veiddum fiski. All nokkuð fylgi virðist vera við að banna netaveiðar í straumvatni með öllu. Ef löggjafinn kýs að fara þá leið viljum við minna á að réttur til netaveiði er í eðli sínu jafn sterkur og réttur til stangaveiði. Því verður að fara með fullri gát við bann af þessu tagi og ljóst að ekki er hægt að hindra nýtingu netaveiðaréttar án fullra bóta fyrir þá skerðingu. Að öðru leiti vísast til umsagnar okkar varðandi 17. grein hér að ofan.

4. Varðar VI kafla frumvarpsins. Um veiðifélög.

Við teljum að breytingar á þessum kafla séu almennt til einföldunar og bóta. Ákvæði kaflans um atkvæðisrétt eru mun skýrari en áður. Skal þó vakin athygli á að atkvæðagreiðsla samkvæmt hlut hvers einstaks félaga í arðskrá er nokkuð flókin í framkvæmd og torveldar mjög leynilega atkvæðagreiðslu, sem þó telst vera einn af hornsteinum lýðræðisins. Þá skal og bent á að víða hagar svo til innan einstakra veiðifélaga að lítill hluti landeigenda getur myndað meirihluta samkvæmt þessari aðferð. Slíkt teljum við að beri að forðast og biðjum Landbúnaðarnefnd að gjalda mikin varhug við tillögum í þá átt að auka notkun arðskrár sem undirstöðu atkvæðisréttar frá því sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

5. Varðar VII kafla. Um matsgerðir og skaðabætur.

Við teljum vel hafa til tekist með breytingar á þessum þýðingarmikla kafla og leggjum til að hann verði samþykktur eins og hann er í frumvarpinu.

6. Um önnur sérlög í lagabálki þessum.

A: **Veiðimálastofnun.** Við teljum að önnur málsgrein fyrstu greinar sé óþörf og íþyngjandi fyrir starfsemi stofnunarinnar. Ekki verður séð að ákvæði sem þetta tengist að neinu leiti upptalningu á verkefnum Veiðimálastofnunar, eins og þau eru skilgreind í 4. grein. Því leggjum við til að málsgrein þessi falli úr frumvarpinu.

B. **Um fiskrækt.** Ekki eru gerðar beinar athugasemdir við frumvarpið. Fagnað er ákvæði um óskilyrtan rétt veiðifélaga til öflunar klakfisks. Við hörmum að ekki skuli hafa tekist að fella lagaákvæði um Fiskræktarsjóð inn í frumvarp þetta, eins og til stóð í upphafi.

C. **Varnir gegn fisksjúkdómum.** Við gerum ekki athugasemdir við frumvarpið og teljum að flestar breytingar frá gildandi lögum séu til bóta.

D. **Um eldi vatnafiska.** Ekki eru gerðar athugasemdir við frumvarpið

Borgarfirði í aprilmánuði 2006.

Þóður Jónsson form. Veiðif. Fudlakilsár
Móttun Mótunsson, form. Veiðif. Einmsár.
Blöf Guðmundsdóttir form. Veiðifél. Flóru
Sigræddi Þorgeirsson, formadur veiðifél. Rygjadalssár
Kristján F. Axelsson form. Veiðifél. Þornár
Sigrún Valdimarsson form. Veiðifélags Norðurlár
Birna G. Konráðsdóttir f.h. Veiðifélags Grjúfurar



GRÝTUBAKKAHREPPUR

Gamla skólanum · 610 Grenivík · Sími 463 3159
Fax 463 3269 · Netfang sveitarstjori@grenivik.is

Alþingi
Erindi nr. **P** 132/1889
komudagur 27.4.2006

Grenivík 26. apríl 2006,

Landbúnaðarnefnd Alþingis,
Alþingi,
150 Reykjavík.

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um lax-og silungsveiði.

Hér með tilkynnist að sveitarstjórn Grýtubakkahrepps tekur undir athugasemdir við frumvarp til laga um lax-og silungsveiði frá stjórn Félags eigenda sjávarjarða við austanverðan Eyjafjörð.

Virðingarfyllst,


Guðný Sverrisdóttir



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Nefndasvið Alþingis
Landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/2164
komudagur 31. 5. 2006

Reykjavík, 30.05.2006
Tilv. 90.13
JS/sv

Málefni: Til umsagnar frumvörp til laga. Mál 595, 596, 607, 612 og 613.

Vísað er í erindi Landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 28. mars 2006 um ofangreint málefni.

Hafrannsóknastofnunin gerir ekki athugasemdir við eftirfarandi þingmál: Frumvarp til laga um eldi vatnafiska, frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, frumvarp til laga um lax- og silungsveiði og frumvarp til laga um Veiðimálastofnun og frumvarp til laga um fiskrækt.

F. h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

575-2000

Póstfax:

575-2001

Heimasíða:

www.hafro.is

Tölvupóstfang:

hafro@hafro.is

Alþingi
Erindi nr. P 132/1642
komudagur. 18.4.2006

Helgi Þorsteinsson
Ytra-Nýpi
690 Vopnafjörður

Landbúnaðarnefnd
Nefndarsviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

18. apríl 2006

Athugasemdir og ábendingar við frumvarp til laga um lax-og silungsveiði, 607. mál

Þegar á heildina er litið hefur þróun veiðmála á Íslandi verið góð og betri en víða annarstaðar í heiminum. Megin ástæðu þess tel ég vera sterk veiðifélög sem starfað hafa samkvæmt lax-og silungsveiðilögum. Í því frumvarpi sem nú liggur fyrir tel ég margt vera til bóta en nú gefst kærkomið tækifæri til að sníða agnúa af eldri lögum sem helst hafa verið óskýr og valdið deilum. Skylduáðild að veiðifélögum gerir það sérlega mikilvægt að lögum um starfsemi veiðifélaga séu skýr og réttur jafnt minnihluta sem meirihluta og stórra sem smárra veiðiréttarhafa sé tryggður. Það er eina leiðin til að veiðifélögum verði sterk áfram og til þess fær að gegna hlutverki sínu.

Í VI kafla 37 gr. er fjallð um hlutverk veiðifélaga. Þar er talið upp ýmislegt sem er hlutverk þeirra og það er mín skoðun að það væri kostur að þessi kafli væri mun ítarlegri þannig að veiðifélög geti ekki farið út í framkvæmdir sem ekki eru beintengdar nýtingu veiðinnar. Ég legg til að við b lið 37 gr. komi: “og leitist við að hámarka arð félagsmanna af hlunnindum sínum.” Ég óttast að ef slíkt ákvæði er ekki sett í lögum komi upp sú staða að meirihluti í veiðifélagi vilji aðeins rækta fisk og horfa á hann, sem er allt í lagi í sjálfu sér ef það gefur mestan arð af auðlindinni en ef ekki hver er þá réttur minnihlutans? Minnihlutanum mun verða bent á að í lax-og silungsveiðilögum sé ekkert ákvæði sem segir að það sé skilda veiðifélags að leitast við að hámarka arð af auðlindinni.

Ég vil nefna að telji félagsmaður að útleiga veiðinnar sé ekki í samræmi við markaðsaðstæður geti hann krafist að veiðiréttur sé boðinn á almennum markaði.

Ég legg til að í lögum komi: “Telji félagsmaður að samningar um útleigu veiðiréttar sé ekki í samræmi við markaðsaðstæður getur hann krafist þess að veiðiréttur sé boðinn á almennum markaði með auglýsingu. Greiða skal atkvæði um tillöguna og telst hún samþykkt ef ¼ félagsmanna samþykkir og gildir þá hver eining í arðskrá sem eitt atkvæði samanber 40. gr.”

Ef meirihluti í veiðifélagi hefur mestan áhuga á hlutum sem ekki koma veiði beint við eða hafa ekki áhuga á arðsemi er allt eins líklegt að viðkomandi vildu leigja veiðiréttinn með annað en arðsemi í huga og þannig gengið gegn hagsmunum félaga sem hafa afkomu sína af veiðinni. Einnig gæti komið upp að einhver hefði keypt sér meirihluta í félaginu og vildi nú leigja einhverjum vini sínum eða sjálfum sér ána undir markaðsverði. Með þessu ákvæði er minnihlutanum tryggður réttur til að verja sig og setja veiðina á almennan markað. Það er gríðalega mikilvægt að atvinnu og afkomuhagsmunir manna séu ekki fyrir borð bornir með þessari skerðingu á eignaréttinum.

Ég tel að í 40.gr. 7. málsg. ætti að miða við meðaltekjur síðustu 3ja ára í stað aðeins eins árs. Slíkt gefur sannari mynd af fjárhag félagsins og minnkar líkur á að hægt sé að misnota þetta. Stærsta fjárhagslega ákvörðun félags er hvernig útleigu er háttáð þannig að eðlilegt verður að teljast að sami háttur sé hafður á þegar leigusamningar eru afgreiddir.

Ég legg til að málsgreinin orðist svo: “Ef lagt er fyrir fund í veiðifélagi að ráðast vegna starfsemi félagsins í framkvæmdir, sem hafa fjárútlát í för með sér er nema a.m.k. 25% af meðaltekjum félags af veiði síðustu þriggja ára, getur hver félagsmaður krafist þess að ákvörðun ráðist með greiðslu atkvæða er hafi vægi í samræmi við arðskrá félagsins. Gildir þá hver eining í arðskrá sem eitt atkvæði. Sami háttur skal hafður á við afgreiðslu á samningum um útleigu veiðiréttar. Í samþykktum veiðifélags o.s.frv.”

Við gerð arðskrár þarf að taka tillit til mun fleiri þátta en koma fram í frumvarpinu og sjálfsagt þeir séu taldir upp í lögnum m.a. í ljósi þess að ekki á að vera um yfirmat að ræða í framtíðinni. Menn vilja gleyma gömlum réttindum s.s. veiði í friðunarsvæðum ósa og sjálfsagt að það sé tekið skýrt fram í lögnum að þau beri að meta eins og hvern annan bakka árinna. Veiði á þessum svæðum á ekki að meta og bæta í eitt skipti fyrir öll, enda hefur hún verið hluti af bjargráðum landeigenda um langan aldur, heldur setja þau með eðlilegum hætti inn í arðskrá. Það gengur ekki að meta þau eftir afla, þau hafa oft á tíðum ekki verið nýtt nema að litlu leiti, sjálfsagt oft af tillitssemi við stangveiði og það er ástæðulaust að hegna mönnum fyrir það. Ég legg til að aftan við þriðju málsgrein 15. gr. komi: “og skal friðunarsvæði metast í arðskrá veiðifélags eins og hver annar bakki árinna.”

Einnig er mikilvægt að tekið sé tillit til uppeldis, hrygningarskilyrða, botnstærðar (ekki bara bakkalengdar) og lífríkis vatnsins. Vatn er auðugra á láglandi heldur en upp á hálendinu og sjálfsagt að taka tillit til þess. Lengd virks veiðitíma er mismunandi eftir veiðisvæðum svo og reksturkostnaður s.s. vegagerð, seiðasleppingar, viðhald fiskvega, o.s.frv.

Eftirtalin atriði þarf að mínu mati að bæta í 41 gr. um það hvað meta ber í arðskrá: foran veiðirétt, friðunarsvæði við árósa, lengd veiðitíma, rekstrarkostnað, ósasvæði, veiðitölur síðustu ára, lífríki vatnsins, aðgengi.

Ég legg til að í 42. grein komi ákvæði um rétt til fundarsetu, til að taka af allan vafa, þannig að aðeins einn fulltrúi hafi rétt til fundarsetu fyrir hverja jörð sem aðild á að veiðifélagi. Þannig gæti 5. málsgrein hafist svo: “Aðalfund veiðifélags skal halda árlega fyrir 1. júní ár hvert og aukafund eftir þörfum og hefur aðeins einn fulltrúi rétt til fundarsetu fyrir hverja jörð sem atkvæði á í veiðifélagi.”

Virðingarfyllst



Helgi Þorsteinsson
Ytra-Nýpi
Vopnafirði



Jón Kristjánsson
fiskifræðingur
Krosshömrum 7A,
112 Reykjavík

Símar: 587 9779, 892 7864
jonkr@mmedia.is

Alþingi
Erindi nr. P 132/1656
komudagur 19.4.2006

Reykjavík, 18. apríl 2006

Umsögn um frumvarp til laga um lax og silungsveiðar

Þingskjal 891 -- 607. mál.

Inngangur

Ég undirritaður lauk námi í fiskifræði frá Oslóarháskóla 1971. Frá 1970-1986 starfaði ég sem fiskifræðingur á Veiðimálastofnun og hafði rannsóknir og nýtingu stöðuvatna á minni könnu. Má segja að ég hafi hafið seinni tíma rannsóknir á silungi og stöðuvötnum. Auk þess sinnti ég rannsóknum á laxi og ýmsum fyrirspurnum um nýtingu vatnafiska á mínum ferðum um landið, eins og gengur á faliðaðri stofnun. Mér var snemma ljóst að flest vötn landsins voru vannýtt og silungur oft horaður vegna fæðuskorts sem rekja mátti til offjölgunar. Þetta ástand hefur lítið breyst. Hvatt var til aukinnar nýtingar, sérstaklega skyldu veiðar auknar á smáum silungi í því skyni að auka vöxt, holdafar og gæði fisksins almennt. Eftir veru mína á Veiðimálastofnun hef ég starfað sjálfstætt við rannsóknir og ráðgjöf í söltu og ósöltu vatni. M.a. vann ég við fiskeldistryggingar í 6 ár, var sérfræðingur nokkurra tryggingafélaga, skoðaði væntanlega tryggendur, gerði upp tjón og fylgdist með daglegum rekstri í því skyni að minnka tjónaáhættu.

Áherslur í starfi

Í starfi mínu á Veiðimálastofnun lagði ég m.a. áherslu á nýtingu stöðuvatna, sérstaklega að veiðiréttareigendur (bændur) gættu hagnýtt vötn sín sem tekjulind með veiðum, vinnslu og sölu á silungi. Sérstaklega vil ég nefna Austurlandsverkefni 1983-1988, en það var sérstakt átak í nýtingu veiðivatna á Austurland. Það verkefni fæddi svo af sér smærri verkefni t.d. veiðar í vötnum á Skaga í samvinnu við Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar, þá undir stjórn Tuma Tómassonar. Einnig var ég um árabíl í starfshópi sem hafði það hlutverk að auka tekjur bænda af sínum veiðivötnum. Hvatt var til aukinnar nýtingar, sérstaklega skyldu veiðar auknar á smáum silungi í því skyni að auka vöxt, holdafar og gæði fisksins almennt.

Lagaumhverfið á þeim tíma var mótað af þeirri skoðun að vernda þyrfti silung gegn veiði, annars væri hætta á ferðum. Þetta má rekja allt aftur til ráðlegginga Bjarna Sæmundssonar frá níttjándu öld þar sem hann ráðlagði að stækka möskva til að vernda ungvíði og hlífa hrygningarfiski á riðstöðvum í von um aukna viðkomu.

- Fiski - Rannsóknir og ráðgjöf -

Þessi skoðun ríkti almennt til 1970 þegar í ljós kom að flest vötn voru ofsetin og vanveidd eins og áður sagði.

Ég reyndi árangurslaust að fá aflétt lögboðinni friðun í nokkrum vötnum, m.a. Kleifarvatni, Skorradalsvatni og Djúpatvatni. Veiðimálastjóri reyndist ekki tilbúinn að leggja málinu lið.

Þrátt fyrir tilraunir til að auka nýtingu og bæta ástand fisks virðist sem ástand vatnanna hafi lítið breyst, flest eru vannýtt, m.a. vegna galla í lögum sem hindra eðlilega nýtingu. Þar er bæði um að ræða skyldufriðun og ákvæði um veiðifélög sem geta sett reglur sem hindra veiðar og koma þar með í veg fyrir eðlilega nýtingu. Um er að ræða félagsleg vandamál sem ekki eiga sé nein fiskifræðileg rök, þ.e. að vernda þurfi fiskstofn fyrir of mikilli veiði.

Umsögn um frumvarp til laga um lax og silungsveiðar

Þingskjal 891 -- 607. mál.

Inngangur

Fyrst er þess að geta að mér þykir einkennilegt að ég og aðrir sem unnu við vatnarannsóknir og nýtingu vatna skulu ekki hafa verið kvaddir til á meðan frumvarpið var í undirbúningi. Í Athugasemdum með frumvarpinu er einungis minnst á að forstjóri Veiðimálastofnunar hafi veitt sérfræðiaðstoð. Sá sem nú gegnir því starfi hefur í raun lítið fengist við nýtingu silungs og silungsvatna að ég best veit. Eðlilegt hefði verið að kalla til aðila sem starfað hafa við veiðar í vötnum, veiðibændur, sjálfstætt starfandi fiskifræðinga og lögfræðinga sem hafa verið með mál veiðibænda sem finnast þeir hafa verið órétti beittir.

3. gr. Skilgreiningar

Skilgreiningar vantar á ýmsum hugtökum sem eru í lögnum, t.d.

Færi, krókur, dorg, stöng, t.d. en þau eru nefnd í 27. grein um veiðitæki og veiðiaðferðir.

13. gr. 4. málsg: á eftir Veiðimálastofnun. komi: sem og öðrum sem þær þurfa í rannsóknaskyni. sbr. ákvæði í 26. grein um veiðiskírteini.

Það ert óeðlilegt að Veiðimálastofnun skuli hafa einkarétt á veiðiskýrslum.

Upp kom staða árið 2000 þar sem mér var neitað um aðgang að veiðiskýrslum úr Mývatni og kærði ég atvikið til Samkeppnisstofnunar sem úrskurðaði mér í vil. Úrskurðinn má finna á www.fiski.com/skrar/akv2700.doc

Úrskurðarorðin fylgja með þessu skjali sem **Viðauki 1**.

- Fiski - Rannsóknir og ráðgjöf -

17. gr. Þarna er Veiðimálastofnun enn umsagnaraðili og gæti notfært sér það til að þvinga menn til að kaupa af henni rannsóknir.

19. gr. 2. málsgrein: Óeðlilegt er að gera reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir að skylduákvæði.

Nær væri að hafa heimildarákvæði er hljóðaði eitthvað á þessa leið: Veiðifélög eða veiðiréttareigendur geta tímabundið sett nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir ef fiskifræðileg rök mæla með því og Landbúnaðarstofnun samþykkt þau rök.

Þá þykir mér rétt að undanskilja heimildir um leyfi til að setja veiðitakmarkanir í almenningi stöðuvatna, nema alveg sérstaklega standi á, sbr. ákvæði í 6. gr. þar sem veiði í almenningi er 'öllum jafnheimil'.

Ástæðan er sú að dæmi eru um að veiðifélög hafa sett veiðireglur sem hafa haft þann eina tilgang að hindra veiðar einstakra eða fárra veiðibænda sem hafa byggt afkomu sína af veiðum og sölu á silungi. Dæmi um þetta er frá Apavatni, þar sem veiðifélagið setti veiðireglur sem gilt hafa frá 1985, um takmarkaðan netafjölda í vatninu, u.þ.b. 300 net. Fjöldi neta hefur svo verið úthlutað til veiðiréttarhafa í samræmi við arðskrá. Flesti nýta ekki sínar heimildir þar sem þeir stunda litla sem enga veiði, svo netafjöldi hefur oftast verið innan við 50 á hverjum tíma.

En þeim sem stunda veiðar í atvinnuskyni er ekki heimilt að nota fleiri net en honum hefur verið úthlutað, og bannað er að leigja til sín net.

Þessar reglur, sem engin fiskifræðileg rök eru fyrir, eru því beinlínis settar til höfuðs þeim sem atvinnu hafa af veiðum í eigin vatni. Hafa þessir aðilar orðið að þola þetta bótalaut.

Önnur dæmi hafa komið upp, þar sem örfáir sumarbústaðaeigendur, sem e.t.v. koma að vatni einu sinni á ári, hafa hindrað eðlilega nýtingu ábúenda við vötn.

Á þessu bar í tengslum við Austurlandsverkefni, sem nefnt var í inngangi.

19. gr. 3. málsgrein. Óþarfa skrifinska er að veiðimenn eða félög þurfi að leggja fram s.k. nýtingaráætlun og ófært að hún skuli háð samþykki Veiðimálastofnunar. Þarna er reyndar dæmi um hvernig Veiðimálastofnun gæti þvingað veiðifélög til að kaupa af sér rannsóknir þar sem hún er umsagnaraðili, eins og reyndar út um allt í þessum lögum.

24. 1. málsg. ... "að fenginni tillögu Veiðimálastofnunar". Þessi orð falli burt og í staðinn komi "ef fiskifræðileg rök réttlæta það (mæla með því)"

Í þessari grein eru athyglisverð ákvæði um skaðabætur, sbr. umsögn mína um 19. gr.

26. gr. Orðin "Að jafnaði skal tiltekið til hverra veiðivatna rannsókn tekur", svo og næsta málsgrein, falli niður.

Annað hvort er mönnum treystandi til að stunda rannsóknir eða ekki. Eins og tengsl Veiðimálastjóra og Veiðimálastofnunar hafa verið og eru enn, flokkast þetta undir óréttmæta samkeppni.

Þá er óeðlilegt að hafa í lögum að rannsóknaraðili megi ekki nýta sér fisk sem er veiddur til rannsókna.

- Fiski - Rannsóknir og ráðgjöf -

30. gr. Þar sem flest vötn landsins eru vannýtt og engin dæmi eru um að fiski hafi verið eytt með veiði, tel ég að ekki sé nauðsyn á að setja sérstakar reglur um veiðitæki eða veiðiaðferðir í stöðuvötnum. Heimilt á að vera að stunda veiði með öllum tiltækum aðferðum, nema eitri eða sprengiefnum. Þá er undarlegt að sjá bann við ádrætti í almenningi stöðuvatns, því ádráttarnót er dregin upp í fjöru.

Skv. greininni er bannað að nota gildirur eða dragnót, en ég hef þróað slík tæki til að auðvelda og efla nýtingu vatna!

37. gr. Hér finnst mér vanta ákvæði: **Að láta stunda veiði.**

Þá er þarna ákvæði um að eftir stofnun veiðifélags megi enginn stunda veiði nema með leyfi veiðifélags.

Vísa ég til umsagnar minnar um 19. gr. og ákvæða í 24. gr. um skaðabætur.

Almennt má segja að lög og reglur um veiðifélög taka of mikið mið af laxveiðum í ám.

Stofnun veiðifélaga var á sínum tíma tæki til að þvinga veiðieigendur til að leigja hlunnindi sín til stangveiði. Aðferð sem var beitt til að þjóna kröfum sportveiðimanna. Síðar hafa þeir enn frekar saumað að nýtingarrétti landeigenda.

Löggjafinn þarf að sjá til þess að slík þróun gangi ekki út í öfgar, sbr. nýjar tillögur um að stöðva með lögum netaveiðar á Ölfusár- Hvítársvæðinu.

49. gr. Rétt er að löggjafinn athugi vel þessa grein í ljósi þeirra takmarkana sem þetta frumvarp allt setur veiðieigendum. Verði þau samþykkt óbreytt er eins víst að upp risi málaferli og endalausar bótakröfur á ríkissjóð og veiðifélög.

Varla er tilgangur laganna að búa til slíkt umhverfi?

Umsögn um frumvarp til laga um Veiðimálastofnun

612. mál.

Inngangur

Það hefur stundum verið lagt til að Veiðimálastofnun (Vmst) verði lögð niður og á Alþingi eru nú menn sem sett hafa slíkt fram. Rót þessa er að oft hefur verið almenn óánægja með störf stofnunarinnar. Ekki skal farið nánar út í það hér að öðru leiti en því að stofnunin hefur verið nær einráð á sviði vatnarrannsóknna og ráðgjafar og nú á tímum aukinnar menntunar og frjálsræðis má kalla það einokun.

Svo virðist sem þessum lögum sé ætlað að treysta þá stöðu. Enn vil ég vekja athygli á því að forstjóri stofnunarinnar var laganefndinni til 'faglegrar' ráðgjafar, að því er kemur fram í athugasemdum með frumvarpinu.

Þar kemur einnig fram að drög að lögunum hafi verið kynnt á vef Landbúnaðarráðuneytisins í september 2005 og að athugasemdir hafi borist frá 34 aðilum (ekki lítið!) og samtökum, að

- Fiski - Rannsóknir og ráðgjöf -

farið hafi verið yfir þær og tekið tillit til þeirra eftir því sem efni stóðu til. Hins vegar hafa þessa athugasemdir ekki verið birtar og ekki fengist þó sérstaklega hefi verið leitað eftir því.

4. gr. 6. liður. Mér finnst ekki rétt að Vmst veiti ráðgjöf um lífríki, mannvirkjagerð o. fl. þar sem hún er einnig umsagnaraðili, og hefur heimild til að stunda og taka gjald fyrir rannsóknir, sem er svo aftur grundvöllur ráðgjafar. Þetta er óeðlilegt.

7. liður. Hér er Vmst sett inn á fyrirtækjasvið / einkasvið. Þetta krefst fjárfestinga í mannvirkjum og starfsfólki og er umsvifamikið starf sem stofnunin ætti að fela einkaaðilum. Spyrja má einnig: Fyrir hvern er stofnunin að gera þetta?

9. liður. Stofnunin skal veita lögboðnar umsagnir. Þetta er í blóra við samkeppnislög ef 10. liður 4. gr. og 6. gr. um gjaldtöku verður samþykkt.

10. Falli brott. Ekki á að vera hægt að rannsaka, taka gjald og veita svo umsögn um eigin verk. Þetta getur leitt til fjárkúgunar, beinnar eða óbeinnar.

11. liður. Óþarfur, þar sem 1. liður nær til þessa!

5. gr. 3. málsgrein. Óþarfi og felur í sér mikinn kostnað, og óeðlilega samkeppni við einkaaðila, sbr. umsögn við 7. lið 4. gr.

4. málsgrein. Þetta er ósamræmanlegt því hlutverki að vera rannsóknaraðili. Ef Vmst. eignast hlut t.d. Stjórnun Odda, hvar ætlar hún að kaupa merki?

6. gr. **Þessi grein verður að falla burt.** Í raun ætti að standa í þessari grein að Vmst sé **óheimilt að taka gjald** fyrir rannsóknir. Ef hið opinbera vill láta stunda grunnrannsóknir og hafa stofnun sem sér um skráningu og veitir umsagnir verður sú stofnun að vera fjárhagslega sjálfstæð.

Ég hef sjálfur orðið fyrir barðinu á einokun Vmst. Þeir hafa haft af mér mörg verkefni sem ég var byrjaður á með því að beita verkkaupa mína þrýstingi. Hafa þeir orðið að láta undan hótunum og segja mér upp. Í sumum slíkum tilfellum hef ég sent skaðabótareikning. Vmst hefur einnig hótað mínum viðskiptavinum því að versli þeir ekki við Vmst, þá fái þeir ekki vilyrði eða meðmæli við beiðnum sínum um framkvæmdir eða fyrirgreiðslu.

Þá hafa þeir beitt rógi til að sverta mig í augum viðskiptavina og sagt að betra sé að versla við stofnun en einstaklinga. Ég vil ekki nefna einstök atvik, en skal telja þau upp verði þess óskað.

Þó vil ég benda á gagnkvæman samning Vmst og OR um rannsóknir í Elliðaám, þar sem Vmst hefur þegið rannsóknafé í 20 ár, gegn því að taka ekki of hart á aðgerðum OR í ánum í

- Fiski - Rannsóknir og ráðgjöf -

tengslum við rafmagnsframleiðslu, með tilheyrandi þurrkunum á árfaravegi. Einnig "gagnkvæmri samvinnu" Landsvirkjunar og Vmst í tvo áratugi.

Engir aðrir virðast fá tækifæri til að komast þar að.

Þá virðist Vmst hafa, í gegn um samtryggingakerfi, aðgang að sjóðum, t.d. Framleiðnisjóði og Fiskræktarsjóði. Aðrir komast þar ekki að.

Fleira mætti nefna, sem hindrar samkeppni eins og samvinnu ríkis- og bæjarstofnana um að skipta með sér styrkjum og verkefnum. Hér á ég m.a. við HÍ og Náttúrustofu Kópavogs. Allt til að koma í veg fyrir að einkaaðilar geti eftt sínar rannsóknir.

Veiðimálastofnun á að vera bannað að selja út vinnu. Ef það vantar fé á að draga sig út úr s.k. þjónusturannsóknum, um þær getum við einkaaðilar séð, segja upp þeim sem við það hafa starfað og fara fram á fé til að sinna því sem þeim stjórnvöld ætla þeim.

Þeir ættu svo að miðla þekkingu til okkar í einkageiranum, skýra frá því sem kemur fram á ráðstefnum erlendis og hafa við okkur gagnkvæma samvinnu um rannsóknaniðurstöður.

Þeir eiga **ekki** að fá að halda áfram fyrri starfsháttum, að niða niður skóinn af keppinautunum.



Jón Kristjánsson

Reykjavík, 18. maí 2006

Viðauki 1: Úrskurðarorð samkeppnisstofnunar í máli 27/2000

5.

Eins og fram kemur í 5. gr. samkeppnislaga er það eitt af meginhlutverkum samkeppnisráðs að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni. Samkvæmt úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 4/1997, *Tryggingastofnun ríkisins gegn samkeppnisráði*, getur samkeppnisráð gripið til aðgerða gegn m.a. athöfnum opinberra aðila að því marki sem þær kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni, að því tilskildu að sérlög hafi ekki að geyma sérstakar reglur um heimild eða skyldu til slíkra athafna. Að mati samkeppnisráðs standa ákvæði sérlaga ekki í vegi fyrir bindandi beitingu samkeppnislaga í þessu máli.

Það er álit samkeppnisráðs að samkeppnisaðstæður á þeim markaði sem hér er til umfjöllunar séu óásættanlegar fyrir keppinauta Veiðimálastofnunar. Þessar aðstæður, sem felast m.a. í meðferð upplýsinga og gagna, fjárhagslega óskiptum rekstri og tengslum við embætti veiðimálastjóra, hafa gert stofnuninni kleift að misbeita stöðu sinni í samkeppni við kvartanda í máli þessu. Verður því að mæla fyrir um meðferð gagna stofnunarinnar og fjárhagslegan aðskilnað á milli samkeppnisrekstrar og lögbundinna verkefna.

Samkeppnisráð væntir þess að þær aðgerðir sem mælt er fyrir um í máli þessu leiði til þess að jöfnuð verði sú samkeppnislega mismunun sem verið hefur og embætti veiðimálastjóra hafi hliðsjón af þeim athugasemdum sem hér hafa verið settar fram í samskiptum við Veiðimálastofnun og aðra þá sem starfa á verkssviði stofnunarinnar.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Í samskiptum við kvartanda í máli þessu hefur Veiðimálastofnun haft skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga beinir samkeppnisráð þeim fyrirmælum til Veiðimálastofnunar að hún tryggi að jafnræði ríki milli samkeppnisrekstrar stofnunarinnar og keppinauta varðandi aðgang að þeim gögnum og upplýsingum sem stofnunin hefur aflað í skjóli lögbundinna verkefna. Í þessu felst m.a. að keppinautar skulu fá þessar upplýsingar á sams konar formi og samkeppnisrekstur Veiðimálastofnunar og gegn sambærilegu endurgjaldi, ef við á.

Með vísan í 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga, sbr. 17. gr. þeirra, mælir samkeppnisráð fyrir um fjárhagslegan aðskilnað á milli þess hluta rekstrar Veiðimálastofnunar sem annast lögboðin verkefni stofnunarinnar og þess hluta stofnunarinnar sem annast rannsóknir og önnur verkefni á starfssviði stofnunarinnar fyrir einstaklinga, félög og stofnanir gegn endurgjaldi. Hinn fjárhagslegi aðskilnaður skal framkvæmdur með eftirfarandi hætti frá 1. janúar 2001:

1. Stofnuð verði sérstök eining um rekstur er lýtur að verkefnum á starfssviði Veiðimálastofnunar sem unnin eru gegn sérstöku endurgjaldi. Reikningshald einingarinnar skal vera sjálfstætt. Reikningsskil skulu gerð í samræmi við meginreglur laga um ársreikninga og skulu þau liggja fyrir opinberlega með sambærilegum hætti og almennt gerist.

- Fiski - Rannsóknir og ráðgjöf -

2. Gera skal sérstakan stofnefnahagsreikning. Skulu þær eignir sem teljast til einingarinnar metnar á markaðsverði ef þess er kostur en annars á endurkaupsverði að frádregnum hæfilegum afskriftum.

3. Með skuldum einingarinnar skulu teljast skuldbindingar sem tengjast starfsemi hennar.

4. Öll viðskipti milli hinnar sérstöku einingar og þess hluta Veiðimálastofnunar sem annast lögboðin verkefni stofnunarinnar skulu verðlögð á markaðsverði eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða. Ef markaðsverð liggur ekki fyrir skal miðað við kostnaðarverð að viðbættri hæfilegri álagningu.

5. Gjaldskrá skal standa undir rekstrarkostnaði hinnar sérstöku einingar auk hæfilegrar álagningar eins og um sjálfstæðan rekstur væri að ræða.“

Alþingi
Erindi nr. P 132/1784
komudagur 25. 4. 2006



Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Selfossi, 24.04.2006
Ref: lbs0406006/JG

Efni: Endurskoðun laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Vísað er til erindis landbúnaðarnefndar Alþingis dags. 28. mars s.l. þar sem óskað er eftir umsögn Landbúnaðarstofnunar um fimm lagafrumvörp, sem lögð hafa verið fram vegna endurskoðunar laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Landbúnaðarstofnun fagnar því að fram hafa komið tillögur um heildar endurskoðun framangreindra laga og telur margt til bóta í þeim frumvörpum sem nú eru til umfjöllunar á Alþingi. Þó telur stofnunin rétt að koma með nokkrar ábendingar og tillögur um úrbætur, ekki síst hvað varðar stjórnsýslulega framkvæmd, en þar er Landbúnaðarstofnun ætlað stórt hlutverk.

Almennar athugasemdir.

Við skipan og framkvæmd stjórnsýslu samkvæmt framlögðum frumvörpum ber að gæta að því að hún verði skilvirk og ekki á neinn hátt flóknari en þörf er á. Til að þessu markmiði verði náð er rétt að skoða hvort ekki megi einfalda stjórnsýslu og þá ekki síst þær kröfur sem gerðar eru um umsagnarferli í fjölmörgum greinum laganna. Jafnframt er nauðsynlegt að huga að aðgreiningu á hlutverki þeirra sem fara annars vegar með stjórnsýslu og hins vegar ráðgjöf eða rannsóknir.

Til áréttingar er rétt að byrja á vísan til frumvarps til laga um Veiðimálastofnun (612. mál), sem Landbúnaðarstofnun gerir ekki athugasemd við. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er Veiðimálastofnun rannsóknastofnun, sem m.a. getur átt aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum, sem koma að verkefnum sem stofnunin vinnur að, sbr. 5. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um stjórnskipulag Veiðimálastofnunar. Með hliðsjón af þessu er álitamál hvort fela á Veiðimálastofnun jafn umfangsmikið hlutverk og raun er á í tengslum við stjórnsýsluverkefni Landbúnaðarstofnunar. Fjölmörg dæmi eru um það í frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði (þskj. 891 – 607. mál) að Landbúnaðarstofnun er gert skylt að leita umsagnar Veiðimálastofnunar áður en stofnunin tekur stjórnsýsluákvörðun. Nær væri að setja almenn ákvæði um að Landbúnaðarstofnun geti leitað umsagnar Veiðimálastofnunar þegar það á við og að síðarnefnda stofnunin skuli veita umsögn þegar eftir er leitað. Slík framkvæmd væri í samræmi við 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins, sem hljóðar svo: "Við setningu reglugerða og reglna samkvæmt lögum þessum skal leita faglegra umsagna eftir því sem við kann að eiga, þar með talið frá viðkomandi veiðifélögum eða veiðiréttarhöfum". Á þessu kunna þó að vera undantekningar og er þá sérstaklega átt við ákvæði þar sem Veiðimálastofnun er ásamt öðrum aðilum falið að veita umsögn um tiltekin mál, s.s.

samkvæmt 11. gr. frumvarpsins og 7. og 12. gr. frumvarps til laga um eldi vatnafiska (Þskj. 879 – 595. mál).

Til frekari áréttingar skal einnig vísað til þess að misræmi er í ákvæðum þessara frumvarpa þar sem fjallað er um setningu reglugerða um frekari framkvæmd mála. Eins og að framan greinir gerir frumvarp til laga um lax- og silungsveiði ráð fyrir að leita skuli faglegra umsagna eftir því sem við á. Í frumvarpi til laga um eldi vatnafiska segir í 3. mgr. 4. gr. að við setningu reglugerða skuli ávallt leita faglegrar umsagnar Landbúnaðarstofnunar og Veiðimálastofnunar, í frumvarpi til laga um fiskrækt (613. mál) kemur fram í 2. mgr. 4. gr. að ávallt skuli leitað faglegrar umsagnar Landbúnaðarstofnunar, Veiðimálastofnunar og fisksjúkdómanefndar og í frumvarpi til laga um varnir gegn fisksjúkdómum (Þskj. 880 – 596. mál) kemur það sama fram í 3. mgr. 4. gr., en síðan segir í 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins að ráðherra skuli hafa samráð við Landbúnaðarstofnun og fisksjúkdómanefnd við setningu reglugerða. Í framangreindum ákvæðum um setningu reglugerða kemur þannig fram að afla skuli umsagna eða hafa samráð og þá er ýmist byggt á almennum ákvæðum, eða ákvæðum þar sem tiltekna stofnanir og nefndir eru tilgreindar. Þá virðist vera augljóst misræmi milli 4. og 11. gr. frumvarps til laga um varnir gegn fisksjúkdómum.

Þar sem landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt þessum frumvörpum, en framkvæmd stjórnábylgjunnar er að öðru leyti í höndum Landbúnaðarstofnunar, er eðlilegt að þessir aðilar hafi samráð um setningu regla um framkvæmd mála. Hins vegar er ekki ástæða til að tilgreina frekar hverjir skuli veita umsögn, enda getur það ráðist af því hvað málið varðar hverju sinni. Hvað varðar þátt fisksjúkdómanefndar verður einnig að horfa til þess hvaða hlutverk nefndin á að hafa. Samkvæmt núgildandi löggjöf er fisksjúkdómanefnd ráðherra til aðstoðar við yfirstjórn fisksjúkdómamála. Gerð er tillaga um breytingu á þessari skipan með 4. gr. frumvarps til laga um varnir gegn fisksjúkdómum og kemur þar fram að fisksjúkdómanefnd skuli vera Landbúnaðarstofnun til ráðgjafar. Gangi þetta eftir má gera ráð fyrir að stjórnábylgjuhlutverk fisksjúkdómanefndar breytist og að nefndin verði fyrst og fremst ráðgefandi eins og frumvarpið segir til um. Þessa breytingu þarf þá að endurspegla í öðrum ákvæðum og vart lengur ástæða til að tilgreina nefndina sem sérstakan umsagnaraðila í lögum.

Með hliðsjón af framansögðu og stjórnábylgjuþáttum, sem lagt er til að Landbúnaðarstofnun annist, gerir stofnunin eftirfarandi athugasemdir og tillögur um breytingar á þeim frumvörpum sem hún hefur fengið til umsagnar:

I. Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði – 607. mál.

Lagt er til að eftirfarandi bætist við 4. mgr. 4. gr. frumvarpsins: *”Veiðimálastofnun, sem starfar samkvæmt lögum nr. xx/2006, skal vera Landbúnaðarstofnun til ráðgjafar, leiti hún eftir umsögn vegna setningar reglna eða annarra stjórnábylgjuverkefna sem henni er falið að annast á grundvelli þessara laga”.*

Tillaga þessi er gerð með hliðsjón af því að embætti Veiðimálastjóra hefur nú verið fært til Landbúnaðarstofnunar og því er mikil þekking og reynsla hjá stofnuninni af stjórnábylgju vegna lax- og silungsveiði. Ekki er talin þörf á að stofnuninni sé skylt að

leita umsagnar um öll mál, heldur geri stofnunin það þegar þörf er á. Með þessum hætti verður stjórnýsla mun skilvirkari. Í samræmi við þessa tillögu er lagt til að í eftirfarandi greinum frumvarpsins verði felld út ákvæði um að leita skuli umsagnar Veidimálastofnunar: 16. til 20. gr., 24. gr., 27. til 30. gr., 32. og 34. gr.. Þá verði eftirfarandi texti jafnframt felldur burt í lok 5. mgr. 28. gr.: "..., enda mæli Veidimálastofnun ekki gegn slíku".

Með framangreindum breytingum næst nauðsynlegur aðskilnaður milli stjórnýslu og rannsókna, auk þess sem stjórnýsluleg framkvæmd verður skilvirkari.

Nái sú breyting fram með frumvarpi til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, að fisksjúkdómanefnd verði ráðgefandi fyrir Landbúnaðarstofnun, og verði því ekki lengur til aðstoðar ráðherra við yfirstjórn fisksjúkdómamála, þá er ekki þörf á að kveða á um Landbúnaðarstofnun skuli leita umsagnar fisksjúkdómanefndar skv. þessu frumvarpi eða öðrum frumvörpum sem hér eru til umfjöllunar. *Landbúnaðarstofnun mun eðlilega leita ráðgjafar hjá fisksjúkdómanefnd og því óþarfi að kveða á um umsagnarrétt nefndarinnar í 25. gr. frumvarpsins.* Verði hins vegar horfið frá því að breyta stöðu nefndarinnar, er eðlilegt að þetta ákvæði standi óbreytt.

Vegna 58. gr. frumvarpsins vekur Landbúnaðarstofnun athygli á að gera verður ráð fyrir kostnaði við starfsemi stofnunarinnar við eftirliti og yfirumsjón þess, auk þess sem tryggja þarf að nauðsynlegur búnaður til eftirlits sé fyrir hendi og aðstaða til geymslu hans.

II. Frumvarp til laga um eldi vatnafiska – 595. mál.

Lagt er til að síðari setning 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins falli burt. Ráðherra getur þá leitað eftir faglegri umsögn eftir því sem við á. Með hliðsjón af stjórnýsluhlutverki Landbúnaðarstofnunar telur hún ljóst að ráðherra muni hafa samráð við gerð tillagna um framkvæmd laganna, en Alþingi getur ákvarðað hvort á þessu skuli tekið í lögum.

Í samræmi við fyrri athugasemdir er lagt til að ákvæði um fisksjúkdómanefnd verði fellt burt í 5. til 7. gr. og 20. gr. frumvarpsins. Gerður er sami fyrirvari og áður um breytingu á hlutverki nefndarinnar. Ekki er lögð til breyting á ákvæði um Veidimálastofnun í þessum greinum.

III. Frumvarp til laga um fiskrækt – 613. mál.

Lagt er til að síðari setning 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins falli burt. Ráðherra getur þá leitað eftir faglegri umsögn eftir því sem við á. Með hliðsjón af stjórnýsluhlutverki Landbúnaðarstofnunar telur hún ljóst að ráðherra muni hafa samráð við gerð tillagna um framkvæmd laganna, en Alþingi getur ákvarðað hvort á þessu skuli tekið í lögum.

Í samræmi við fyrri athugasemdir er lagt til að ákvæði um fisksjúkdómanefnd verði fellt burt í 10. gr. frumvarpsins. Gerður er sami fyrirvari og áður um breytingu á hlutverki nefndarinnar. Ekki er þó lögð til breyting á hlutverki Veidimálastofnunar og verði því gerð krafa um að umsögn hennar fylgi umsókn um undanþágu.

IV. Frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum – 596. mál.

Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins er fjallað um fisksjúkdómanefnd og skipan hennar. *Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu á skipan og hlutverki fisksjúkdómanefndar frá því sem er samkvæmt núgildandi lögum.* Landbúnaðarstofnun vekur athygli á að verði fisksjúkdómanefnd ráðgefandi fyrir stofnunina, þá ætti ekki að ætla nefndinni stjórnsýsluhlutverk umfram það sem í þessu felst og er því vísað til fyrri athugasemda sem gerðar hafa verið í þá veru.

Í 2. mgr. 4. gr. kemur einnig fyrir það nýmæli í störfum Landbúnaðarstofnunar að henni er ætlað að hafa forgöngu um að stundaðar séu fisksjúkdómarannsóknir. Þetta hlutverk hefur fisksjúkdómanefnd í dag. Mælst er til þess að þetta ákvæði verði tekið til nánari skoðunar, þar sem Landbúnaðarstofnun er fyrst og fremst eftirlits- og stjórnsýslustofnun. Verði niðurstaðan sú sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verður að liggja ljóst fyrir hvaða ábyrgð stofnunin ber varðandi fisksjúkdómarannsóknir og hvort henni er til dæmis ætlað að standa undir kostnaði við þær.

Lagt er til að síðari setning 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins falli burt. Ráðherra getur þá leitað eftir faglegri umsögn eftir því sem við á. Með hliðsjón af stjórnsýsluhlutverki Landbúnaðarstofnunar telur hún ljóst að ráðherra muni hafa samráð við gerð tillagna um framkvæmd laganna, en Alþingi getur ákvarðað hvort á þessu skuli tekið í lögum. *Þá er lagt til að 11. gr. frumvarpsins verði tekin til vandlegrar skoðunar.* Í 11. gr. er fjallað almennt um setningu reglugerða og samráð við tilgreinda aðila, en í 3. mgr. 4. gr. er fjallað um umsagnarrétt sömu aðila, auk Veiðimálastofnunar. Hér virðist vera misræmi milli ákvæða frumvarpsins. Í 11. gr. er einnig fjallað um fyrirmæli og reglur sem geta gengið geng skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum, en lögin þurfa að tryggja að framkvæmd mála verði í samræmi við skuldbindingar alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Þá er fisksjúkdómanefnd þar ætlað hlutverk, sem ekki samræmist öðrum ákvæðum frumvarpsins um skipan og hlutverk nefndarinnar. *Við skoðun 11. gr. er nauðsynlegt að gæta þess að ekki falli burt heimildir til að framkvæma eftirlit og standa undir nauðsynlegum kostnaði vegna þess og ráðstafana sem nauðsynlegar eru.*

Að lokum mælist Landbúnaðarstofnun til þess að skoðað verði hvort ákvæði 10. gr. frumvarpsins samræmist lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sbr. einnig lög nr. 76/2005 um breytingu á ýmsum lögum við stofnun Landbúnaðarstofnunar. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að Landbúnaðarstofnun hafi heimild til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að hefta útbreiðslu smitsjúkdóma eða sníkjudýra, en lög um dýrasjúkdóma gera ráð fyrir að stofnunin geri tillögur til ráðherra, sem getur fyrirskipað nauðsynlegar ráðstafanir.

V. Frumvarp til laga um Veiðimálastofnun – 612. mál.

Ekki er gerð athugasemd við frumvarp til laga um Veiðimálastofnun, en með vísan til tillögu Landbúnaðarstofnunar um breytingu á 4. mgr. 4. gr. frumvarps til laga um lax- og silungsveiði, er mikilvægt að ekki verði gerð breyting á 9. tl. 4. gr. frumvarps til laga um Veiðimálastofnun. Ákvæði þetta tryggir að unnt verði að leita eftir faglegri ráðgjöf Veiðimálastofnunar þegar nauðsyn er á vegna eftirlits- og stjórnsýsluverkefna.

Lokaorð.

Landbúnaðarstofnun þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um framangreind frumvörp og er tilbúin til að senda fulltrúa á fund landbúnaðarnefndar Alþingis til að fjalla nánar um þau atriði sem hér koma fram.

F.h. Landbúnaðarstofnunar,



Jón Gíslason, forstjóri



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/1648
komudagur 19.4.2006

LHG/55/9.6 /DS/sig
Reykjavík 18. apríl 2006

Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um
frumvarp til laga um eldi vatnafiska, 595. mál,
frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, 596. mál,
frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, 607. mál,
frumvarp til laga um Veiðimálastofnun, 612. mál,
frumvarp til laga um fiskrækt, 613. mál,


Landbúnaðarnefnd Alþingis hefur sent Landhelgisgæslu Íslands framangreind frumvörp til umsagnar. Landhelgisgæslan gerir ekki athugasemdir við lagafrumvörp þessi.

Þó skal tekið fram að Landhelgisgæslan telur jákvætt að einfalda málsmeðferð vegna brota á hafinu sem liggja ljós fyrir eins og gert er ráð fyrir í 56. gr. frumvarps um lax- og silungsveiði og mætti hafa þetta ákvæði til fyrirmyndar við breytingu á fleiri lögum um eftirlit með fiskveiðum.

Álagning stjórnvaldssektar fremur en kæra og útgáfa ákæru í kjölfarið er jákvæð ekki eingöngu fyrir ákæruvaldið og dómskerfið heldur einnig fyrir þann sem sektin er lögð á því að slíkar sektir fara ekki á sakaskrá. Hinn brotlegi getur valið um að greiða sektina strax eða þá að fara dómstólaleiðina ef hann telur sektina ekki á rökum reista.

Gera þarf ráð fyrir álagningu stjórnvaldssekta vegna fiskveiðibrota í innheimtukerfi ríkisins.

f.h. Landhelgisgæslu Íslands


Dagmar Sigurðardóttir lögfr.



Alþingi

Erindi nr. P 132/1640

komudagur 18.4.2006

Landbúnaðarnefnd Alþingis.
Nefndarsvið Alþingis.
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Garðabær 15 apríl 2006.

Umsögn um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, þingskjal 891- 607.

Landssamband Stangaveiðifélaga fagnar því tækifæri að gefa umsögn um ofangreint frumvarp. Frumvarpið er ítarlegt og tekur á öllum helstu málum sem snerta umgjörð lax og silungsveiði og er því mjög mikilvægt sem umgjörð til nýtingar auðlindarinnar. Almennt lýsir LS yfir ánægju með frumvarpið er vill þó benda á neðangreindar athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins. Sérstaklega er nauðsynlegt að ihuga vel 17 gr og 27 gr frumvarpsins og þá sérstaklega þegar horft er til markmiða laganna eins og fram er sett í fyrstu grein frumvarpsins. Upprunalegur texti frumvarpsins er hér skrifaður með skáletri en tillögur að nýjum texta eru settar fram með feitletruðum texta.

Umsögn um einstaka liði frumvarpsins:

17 gr.

“Laxveiðar eru heimilaðar á tímabilinu frá 20 maí til 30 september ár hvert, en þó aðeins í níutíu daga innan þess tímabils.” Lögð er til eftirfarandi breyting. **Laxveiðar á stöng eru heimilaðar á tímabilinu frá 20 maí til 30 september ár hvert en netaveiði er heimil frá 1 júlí. Aðeins er leyfilegt að stunda laxveiði í níutíu daga innan tímabilsins sé um stangveiði að ræða.**

Rökstuðningur: Veiðimálastofnun, Landssamband Veiðifélaga og Landssamband Stangaveiðifélaga hafa ítrekað bent á þá staðreynd að Íslenski stórlaxastofninn er nánast í útrýmingarhættu. Hér er því verið að takmarka veiði í net á meðan stórlaxinn er að ganga en göngutími stórlaxins er fyrri partur sumars.

“Netaveiði má aldrei stunda frá föstudagskvöldi klukkan 22 til þriðjudagsmorguns klukkan 10.” Lögð er til eftirfarandi breyting. **Netaveiði má einungis stunda frá 8.00 á laugardagsmorgni til kl. 22 á sunnudagskvöldum.**

Rökstuðningur: Þrátt fyrir ítrekuð tilboð til netabænda hafa ekki náðst samningar um leigu netaréttar, sem er forsenda fyrir uppbyggingu á þjónustu og stangaveiði í uppsveitum. Ljóst er að peningar eru ekki ásteytingarsteinn, þar sem þrefalt verð hefur verið boðið bændum miðað við þær tekjur sem netaveiðin hefur skilað. Hefðin, skemmtun og réttur til nýtingar auðlindarinnar hafa verið lykilathugasemdir netabænda, en um leið er ljóst að ekki verður ráðist í nauðsynlega fiskirækt og uppbyggingu stangaveiði á meðan netin taka meginhluta af



LANDSSAMBAND STANGAVEIÐIFÉLAGA
THE ASSOCIATION OF ICELANDIC ANGLING CLUBS

laxinum. Hér er því um málamiðlun að ræða þar sem veiðitími í net er stytur og færður til helga í stað virkra daga en með því er verið að koma til móts við netabændur um að þetta sé meir hefðaréttur og skemmtun heldur en atvinnustarfsemi eins og var áður.

18 gr.

“Veiðar göngusilungs eru heimil frá 1. apríl til 10. október ár hvert, en í veiðivatni, þar sem megnið af veiðinni er villtur laxastofn, skulu lok veiðitíma miðast við 30. september ár hvert.”
Lögð er til eftirfarandi breyting þar sem orðinu megnið er skipt út fyrir orðið hluti., en í veiðivatni, þar sem hluti af veiðinni er villtur laxastofn, skulu lok

Rökstuðningur: Lax er almennt bannað að veiða eftir 30. september vegna hrygningar. Laxveiðar þar sem lax er hluti af veiðinni ætti því að vera háð sömu takmörkunum á veiðitíma til að vernda hrygningarfisk.

27 gr.

Almennt: Bent skal á breytingatillögur hér að ofan hvað varðar netaveiði. Landssamband stangaveiðifélaga sér helst að 27 gr. breytist þannig að einungis sé leyfilegt að nota færi eða stöng við laxveiði. LS setur til vara þær breytingar sem lagðar eru til við 17 og 18 gr. frumvarpsins og telur að þær breytingar séu málamiðlun milli netaveiði og stangveiði, og muni þessar breytingar ýta verulega undir að aðilar nái samkomulagi um upptöku neta gegn greiðslu.

28 gr.

“Á tímabilinu frá 20. maí til 30. september ár hvert mega net þau sem í 1. mgr. greinir á,,,,,”
Lögð er til breyting til samræmis við breytingartillögu á 17 gr. þannig að þessi málsgrein hljóði þannig. **Á tímabilinu frá 1. júlí til 30. september ár hvert mega net þau sem í 1. mgr. greinir á.....**


Rökstuðningur: Sjá athugasemdir við 17 gr. hér að framan.

Niðurlag.

Hjálögð umsógn Landssambands Stangaveiðifélaga beinist eingöngu að fjórum greinum frumvarpsins og er í meginatriðum sama athugasemdin. Landssamband Stangaveiðifélaga telur laxveiði í net tímaskekkju og í algjöru ósamræmi við 1. grein frumvarpsins. Engu að síður er ljóst að ekki næst víðtæk sátt um bann við netaveiði og er því lagt til að verulegar hömlur verið settar netaveiði eins og ofangreindar tillögur vitna um. Þessar hömlur gera mögulega uppbyggingu laxastofna á Hvítár/Ölfusár svæðinu og munu þannig stuðla að aukinni arðsemi íbúa uppsveita, en um leið er netabændum heimil takmörkuð netaveiði sem verður að mestu tómstundagaman.

Virðingarfyllst.

Fh. Landssambands Stangaveiðifélaga.


Ingólfur Þorbjörnsson

Formaður.



Nefndasvið Alþingis
Landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/1636
komudagur 18.4.2006

Reykjavík, 11. apríl 2006

Efni: Umsögn Landssambands veiðifélaga um:

Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði. 607. mál. þskj. 891
Frumvarp til laga um Veiðimálastofnun. 612. mál, þskj. 897
Frumvarp til laga um fiskrækt. 613. mál, þskj. 898
Frumvarp til laga um eldi vatnafiska. 595. mál, þskj. 879
Frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum. 596. mál, þskj. 880

Landssamband veiðifélaga hefur fengið ofangreind frumvörp til laga til umsagnar og fylgir umsögn okkar hér með.

Virðingarfyllst,

Óðinn Sigbórsson,
formaður LV



Nefndasvið Alþingis
Landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. apríl 2006

Umsögn Landssambands veiðifélaga um:

- Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði. 607 mál, þskj. 891
- Frumvarp til laga um Veiðimálastofnun. 612. mál, þskj. 897
- Frumvarp til laga um fiskrækt. 613. mál, þskj. 898
- Frumvarp til laga um eldi vatnafiska. 595. mál, þskj. 879
- Frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum. 596. mál, þskj. 880

X

Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði. 607 mál, þskj. 891

Inngangur

Landssamband veiðifélaga fagnar framkomnu frumvarpi um lax- og silungsveiði, ásamt fylgifrumvörpum. LV telur að hér sé einkar vel að heildarendurskoðun laganna staðið og til fyrirmyndar það samráð sem viðhaft var við gerð frumvarpanna.

Í frumvarpinu eru lögín færð í þann búning að auðveldara er fyrir stjórnendur veiðifélaga að vinna eftir þeim. Þau hafa verið einfölduð í uppsetningu, ákvæði um skyld efni eru nú færð saman í kafla og í fyrirsögn vísað til innihalds einstakra greina. Efni laganna nr. 76/1970 er hér skipt í fimm lagabálka. Þetta er eðlileg ráðstöfun að okkar mati og í samræmi við nútímakröfur við lagasmíð. Það kemur þó skýrt fram og skal sérstaklega undirstrikað að lögín um lax og silungsveiði eru móðurlög þeirra lagabálka sem með fylgja og er það túlkun sem við leggjum áherslu á.

Landssamband veiðifélaga hefur um nokkurra ára skeið hvatt til heildarendurskoðunar laga um lax og silungsveiði. Ástæður eru helst þær að sum ákvæði laganna eru úrelt eins og t.d. skylda um að boða fundi með auglýsingu í ríkisútvarpi. Þá ber að geta þess að með tilkomu stjórnsýslulaga er þörf á að hafa í lögum nákvæmari leiðbeiningu til veiðifélaga um formreglur í starfi. Þetta er mikilvægt atriði þegar litið er til þess að skylduaðild er að veiðifélögum og því eðlilegt að löggjafinn geri ríkar kröfur til stjórnunar þeirra. Veiðifélög eru í eðli sínu stjórnsýsluskyldir aðilar.

Meginatriði

Landssamband veiðifélaga leggur höfuðáherslu á eftirfarandi atriði við endurskoðun laga um lax- og silungsveiði:

- *Ekki verði hróflað við nágildandi félagskerfi veiðimála.*
- *Áfram verði skylt að stofna veiðifélag um veiðivatn með aðild allra veiðiréttareigenda.*

- *Ákvæði um atkvæðisrétt í veiðfélagi tryggi áhrif allra félagsmanna með sanngjörnum hætti.*
- *Veiðifélögum er falið meira sjálfstæði í frumvarpinu heldur en í eldri lögum. Gerðar eru auknar kröfur við stjórnun þeirra og settar eru málsmeðferðarreglur.*
- *Veiðifélögin beri aukna ábyrgð á meðferð og verndun auðlindarinnar.*
- *Áhersla er lögð á að rekinn sé öflugur fiskræktarsjóður til þess að styðja við fiskrækt og rannsóknir.*

Almennt um frumvarpið

Landssamband veiðifélaga leggur höfuðáherslu á, við endurskoðun laga um lax- og silungsveiði, að staðið sé vörð um núgildandi félagskerfi í veiðimálum.

Þetta félagskerfi hefur skylduaðild veiðiréttareigenda að hornsteini og hefur verið svo frá árinu 1970. Við leggjum þunga áherslu á þetta atriði og viljum benda á mikilvægi þess fyrir þróun veiðimála og viðgang og varðveislu auðlindarinnar undanfarna áratugi. Í þessu sambandi bendum við á viðamikla skýrslu sem unnin var af Hagfræðistofnun Háskólans og Veiðimálastofnun fyrir Landssamband veiðifélaga og er fylgiskjal með frumvarpinu. Þar kemur glöggt fram hversu mikla verðmætasköpun í stangveiði núgildandi félagskerfi hefur leitt af sér. Hafa ber í huga að skýrslan er á verðlagi ársins 2004 en mikil verðþensla hefur verið á þessum markaði að undanfögnu og eftirspurn eftir dýrari veiði farið vaxandi. Verðmæti á hveru veiddan lax er með hinu hæsta sem gerist miðað við önnur lönd sem eiga hliðstæða auðlind í veiði við Norður-Atlantshaf. Frændur okkar Norðmenn standa okkur t.d. langt að baki hvað þetta varðar.

Í skýrslu sem unnin var á vegum ICES árið 2000 er gerður samanburður á verði veiðileyfa á Norðurlöndunum. (Tema Nord 2000/604). Þar kemur fram að veiðileyfi sem hlutfall af kostnaði veiðferðar er langhæst hér, eða 43%. Í Noregi er þetta hlutfall 15%. Norskir veiðiréttareigendur komu í heimsókn til Íslands sl. haust til að kynna sér hvernig stendur á þeim mikla mun í verðmætasköpun í stangveiðum sem er milli landanna. Grundvallarmunur er á félagskerfi veiðiréttareigenda í Noregi og hérlendis. Staða þeirra er með líkum hætti og var á Íslandi fyrir lagsetninguna 1970 þegar skylduaðildin var leidd í lög. Veiðifélög í Noregi hafa ekki lagaheimild til að ráðstafa allri veiði í veiðivatni líkt og hér er gert á grundvelli skylduaðildar og verðmætamyndun aðeins um þriðjungur þess sem gerist í íslenskri stangveiði. Bygging glæsilegra veiðihúsa er snar þáttur í þjónustu veiðifélaga á Íslandi við veiðimenn. Ennfremur hafa veiðifélög aukið veiðisvæði með gerð fiskvega. Þannig hefur hrygninga- og veiðisvæði verið aukið um 896 km. með þessum hætti. Laxgengar ár á Íslandi sem hafa laxastofn eru samtals 2.683 km að lengd

Tekist hefur að varðveita auðlindina sem fólgin er í laxveiðiám landsins samhliða áratuga nýtingu. Stangveiði sl. sumar var sú hæsta sem skráð hefur verið frá upphafi. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar litið er til stöðu laxastofna við Norður-Atlantshaf. Þar er ástandið víða bágborið og dæmi eru um lax á valista yfir dýrategund í útrýmingarhættu sbr. Maine, USA. Enginn vafi er að í þessum efnunum skiptir gríðarlega miklu máli að löggjafinn felur veiðifélögunum að fara með hina sameiginlegu forsjá á veiðivatni. Slíkt auðveldar allt eftirlit og eykur yfirsýn varðandi sjálfbæra nýtingu

veiðivatna. Þetta á ekki síður við um silungstofna í veiðivatni en þar eru aukin sóknarfæri í verðmætasköpun enda eftirspurn eftir veiði mikil og vaxandi.

Það er skoðun okkar að til þess að skylduaðild að veiðifélögum fái staðist til frambúðar þurfi að gæta sanngirni og meðalhófs í lagasetningu. Í frumvarpinu er hugað að réttaröryggi einstakra veiðiréttareigenda enn frekar en gert er í núgildandi lögum. Vandrataður meðalvegur er farinn hvað þetta varðar og teljum við að þar sé að finna þá málamiðlun sem sættir mismunandi sjónarmið sem ríkja um skipulag veiðimála.

Þarna er mikilvægt að líta til hagsmuna minnihluta félagsmanna í veiðifélagi og tryggja þeirra hlut eins og kostur er. Minnihluta hagsmunir í veiðifélagi geta verið með ýmsum hætti. Þar getur verið um fáa eigendur veiðiréttar að ræða sem eiga stóran hlut hver, eða marga þar sem hver um sig ræður yfir smáum eignarhlut. Í þessu sambandi þarf að huga sérstaklega að ákvæðum er varða atkvæðisrétt í veiðifélagi. Þær ákvarðanir í veiðifélagi sem þar skipta mestu máli er annars vegar þegar veiði er seld á leigu og hins vegar hvernig skuli fara með tekjur eða fjármuni sem félagið aflar í formi veiðileigu og skyldrar starfsemi. Um þessi atriði verður, ásamt fleirum, fjallað nánar í umsögn um einstakar greinar frumvarpsins hér á eftir.

Í frumvarpinu er veiðifélögum falið meira sjálfstæði og ábyrgð í störfum sínum er varða meðferð veiðivatns en gert er í gildandi lögum. Jafnframt eru gerðar auknar kröfur varðandi starfsemi og stjórnun þeirra. Landssamband veiðifélaga fagnar þessari þróun og telur veiðifélög vel í stakk búin til að mæta þeim.

Hér á eftir verður fjallað um einstaka kafla og greinar frumvarpsins og þær reifaðar eftir því sem LV telur tilefni er. Einkum er fjallað um þær greinar sem fela í sér efnisbreytingar eða viðbætur sem máli skipta frá gildandi lögum og þær greinar sem LV telur mjög mikilvægar. LV gerir ekki athugasemdir við og samþykkir þær greinar sem ekki er fjallað um.

I. kafli. Markmið og gildissvið

Um 1. gr. Hér eru ný ákvæði sem ekki er að finna í eldri lögum. 1. greinin er í raun skrásetning á þeim markmiðum sem veiðifélög starfa eftir og í samræmi við alþjóðaskuldbindingar. Veiðifélög hafa undanfarna áratugi verið að hámarka arðsemi veiðivatna til hagsbóta fyrir félagsmenn sína. Það er forystumönnum veiðifélaga ljóst að til að slíkum markmiðum sé náð verður að fara vel með auðlindina og haga nýtingu þannig að hún sé sjálfbær. Eitt meginverkefni veiðifélaga, og grundvallarástæða fyrir félagsskipan veiðimála sem kveðið er á um í frumvarpi þessu, er verndun og sjálfbær nýting veiðistofna.

Um 3. gr. Gerð er tillaga um að í orðskýringakafla bætist orðin, *framkvæmd í veiðivatni*: Hvers konar framkvæmd í og við veiðivatn s.s. mannvirki, efnistaka eða jarðrak sem hefur áhrif á lífríki, rennsli, veiði og ásýnd veiðivatns.

Um 4. gr. Framkvæmd stjórnýslu er gerð skýrari í frumvarpinu en er í gildandi lögum. Ekki er gert ráð fyrir að Veiðimálanefnd starfi áfram að öðru leyti en því að hafa stjórn fiskræktarsjóðs á hendi sbr. eldri lög um lax- og silungsveiði. Framkvæmd stjórnýslunar er nú alfarið í höndum Landbúnaðarstofnunar. Þá eru ný ákvæði um kærheimildir og ekki er gert ráð fyrir að Landbúnaðarráðherra úrskurði um einstök álitæfni í veiðimálum líkt og tíðkast hefur á grundvelli gildandi laga sbr. 43. gr. frumvarpsins. Þessar breytingar telur LV að leiði til einföldunar og auðveldi úrlausn mála.

II. kafli. Um veiðirétt

Í þessum kafla frumvarpsins er ekki um efnisbreytingar að ræða frá því sem hefur verið í gildandi lögum. Kveðið er á um eignarhald veiðiréttar jarðareiganda með skýrari hætti og einstök ákvæði kaflans breytt til samræmis við nýrri lög. Þannig er kveðið á um eignarhald ríkisins á veiðirétti í þjóðlendum en ekki er um breytingar að ræða á rétti þeirra jarða sem upprekstrarrétt eiga varðandi nýtingu veiðiréttar. Leiðir þetta af setningu laga nr. 58/1998, um þjóðlendum o.fl. Landssamband veiðifélaga er samþykkt breytingu sem gerð er með 10. gr frumvarpsins um að réttur til innlausnar veiði falli niður eftir fimm ár frá gildistöku laganna.

Um 5. gr. Í þriðju mgr. segir: Ábúð á jörð fylgir heimild til ráðstöfunar veiðiréttar sem jörðinni tilheyrir o.s.frv.

Þetta orðalag er ekki alveg í fullu samræmi við ákvæði 37. greinar þar sem kveðið er skýrt á um að ráðstöfun veiðiréttar er á hendi veiðfélags eftir að það hefur verið stofnað og öllum óheimil veiði í vatninu á félagssvæðinu nema samkvæmt heimild frá félaginu.

Lagt er til að í stað þess orðalags sem að framan greinir komi: Ábúð á jörð fylgir veiðiréttur sem jörðinni tilheyrir o.s.frv.

Um 11. gr. Ófriðun sels. Landssamband veiðifélaga leggur til þær breytingar á þessari grein að í stað eftirfarandi orða 2. mgr. “heimilað eyðingu sellátra og upptöku allra sellagna í eða við veiðivatn” komi: heimilað ófriðun selláturs í eða við veiðivatn. Þetta er það orðalag sem er í gildandi lögum og sátt er um milli hagsmunaaðila. Að öðrn leyti verði greinin óbreytt.

III. kafli. Um veiðistjórn

Ekki er um miklar breytingar á þessum kafla að ræða frá gildandi lögum.

Í 14. gr. frumvarpsins er kveðið á um fortakslaust bann við laxveiði í sjó og er þar með lagt til að lögleiða ríkjandi ástand í þeim efnun.

15. gr. er að mestu samhljóða ákvæðum 14. og 15. greina gildandi laga.

Breyting er þó hvað varðar friðunarsvæði framan við ósa straumvatns í sjó. Í stað þess að miða friðunarsvæðið eftir vatnsmagni straumvatns í tvo flokka er kveðið á um að fjarlægð veiðivélar skuli minnst vera 2000 m frá ósi. Er þetta í samræmi við þá stefnu að koma í veg fyrir að lax sé veiddur í sjó í blóra við silung. Verði ágreiningur um þetta ákvæði má hugsa sér reglur gildandi laga haldist, en ávallt skal miða við 2000 metra friðun þar sem laxastofn er í straumvatni.

Þá er heimild í greininni til að banna með reglugerð svæðisbundnar veiðar á göngusilungi í sjó að beiðni veiðifélags eða veiðiréttarhafa. Hér er í okkar skilningi vísað til veiðiréttarhafa þegar ekki er starfandi veiðfélag um veiðiá. Þess er dæmi að eignarhald á öllum veiðirétti í veiðiá sé með þeim hætti að fyrirmæli um stofnun veiðifélags eiga ekki við. Gleggsta dæmi um þetta er Haffjarðará. Við teljum til bóta að fram komi skýrt í lögskýringargögnum eða frumvarpinu sjálfu að einstakir rétthafar veiði innan veiðifélags geta ekki sett fram slíka beiðni á grundvelli þessarar lagagreinar, enda slíkt á hendi veiðifélagsins sem og aðrar athafnir sem varða heildarhagsmuni félagsmanna. Það er okkar skoðun að þessari grein eigi aðeins að beita í þeim tilvikum og á þeim svæðum þar sem hættu er á að lax veiðist í silungslagnir eða sýnt að silungsstofn í veiðiá sé í hættu vegna ofveiði. Þá þarf jafnframt að huga að víðtækari friðunaraðgerðum samhliða slíku banni.

Gerð er tillaga um að 5. mgr. 15. gr. verði svohljóðandi: *Landbúnaðarstofnun er að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni veiðifélags eða veiðiréttarhafa, þar sem veiðifélag er ekki starfandi, og hagsmuna eiga að gæta o.s.frv..*

Í 17. gr. eru breytingar frá gildandi lögum. Veiðitími er aftur færður til fyrra horfs og stuttur í 90 daga.

Nýmæli í lögunum eru sérstakar heimildir til handa þeim veiðifélögum sem viðhalda veiðistofni að mestu með sleppingum gönguseiða. Er þeim heimilt að láta stunda veiði í allt að 120 daga. Þá eru rýmri ákvæði um veiðitíma í veiðivatni þar sem skylt er að sleppa öllum lifandi laxi. Þessar breytingar eru að tillögum LV og við teljum vera í góðu samræmi við þau markið sem lagasetningin byggist á um hóflega og sjálfbæra nýtingu auðlindarinnar.

Þá er nýmæli í frumvarpinu að hverju veiðifélagi er skylt að setja eigin reglur um veiði og nýtingu innan þeirra marka sem lögin segja sbr. 17. 18. og 19. gr. LV fagnar þessu ákvæði sem er í samræmi við anda laganna að auka umráð veiðifélaga yfir veiðivatni en jafnframt kveða skýrar á um þær skyldur sem á þau eru lagðar samfara aukinni ábyrgð á nýtinu auðlindarinnar.

Felld er á brott heimild í eldri lögum um að stytta vikufriðun lax eða silungs um sólarhring niður í 60 klst. á viku og eru ekki gerðar athugasemdir við það.

Um 23. grein. Í 34. gr. frumvarpsins er heimildarákvæði til veiðifélags um að loka fiskvegi. Á sama hátt er eðlilegt að veiðifélag skuli, með samþykki Landbúnaðarstofnunar, setja reglur um veiðar í námunda við fiskvegi. Lagt er til að 23. grein laganna verði svohljóðandi:

Ekki má veiða eða styggja fisk í fiskvegi eða fiskteljara. Veiðifélag skal, með samþykki Landbúnaðarstofnunar, setja reglur um veiðar í námunda við fiskvegi.

Í 26. grein er sú breyting gerð að skilyrði fyrir klakveiði er samþykkt fiskræktaráætlun, ef veiðifélag á í hlut, en veiðiréttarhafar þar sem félag starfar ekki skulu sækja um leyfi til Landbúnaðarstofnunar. Þarna gætir enn þeirrar stefnu frumvarpsins að auka sjálfstæði veiðifélaga yfir eigin málefnum og slíku ber að fagna.

IV. kafli. Um veiðitæki og veiðiaðferðir

Þessi kafli frumvarpsins er að efni til óbreyttur frá gildandi lögum. Mikil breyting hefur orðið á nýtingu veiðistofna í straumvatni undanfarna áratugi. Netaveiði á laxi heyrir nú að mestu sögunni til og er lax nýttur til stangaveiði að mestu. Víða innan veiðifélaga eru jarðir þar sem netaveiði er eina veiðiaðferðin sem aðstæður leyfa. Réttur til netaveiði er því einn þáttur sem arðskrár veiðifélaga byggja á sbr. fyrirmæli 50. gr. gildandi laga um gerð arðskrár. Netaveiðar hafa einnig lagst af svæðisbundið með samningum milli veiðifélaga.

Umhverfi stangveiða hefur einnig breyst. Veiði á flugu er vaxandi meðan veiði með maðk er víkjandi. Þá nýtur sú aðferð vaxandi fylgis meðal veiðmanna að sleppa veiddum laxi lifandi. Þróun í þessa veru mun halda áfram. Landssamband veiðifélaga telur að ákvæði 29. gr. um nýtingaráætlun vegna veiði á félagssvæði muni auðvelda þá þróun. Hér kemur til álitu að formleg ráðstöfun á veiði, í samræmi við nýtingaráætlun, sé eitt af skilyrðum þess að hún hljóti samþykki. Að framansögðu mælir Landssamband veiðifélaga með IV. kafla eins og hann kemur fyrir í frumvarpinu.

V. kafli. Um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í og við veiðivötn

Í 33. gr. frumvarpsins er kveðið á með skýrari hætti um skilyrði þess að hægt sé að ráðast í framkvæmd við veiðivatn. Hér er víða um erfið mál að ræða og framkvæmdir vegna vegagerðar oft með þeim hætti að óviðunandi er. Þetta á sérstaklega við um malartöku og ræsagerð. Gildir þá einu hvort opinberir aðilar, s.s. Vegagerð ríkisins, eiga hlut að máli. Frumvarpið gerir að mati LV, ráð fyrir mun markvissari afgreiðslu slíkra mála en gildandi lög.

33. gr. hefur að geyma þá mikilvægu breytingu að nú getur veiðfélag að uppfylltum skilyrðum lokað fiskvegi tímabundið eða ótímabundið. Ljóst er að þegar ráðist er í gerð fiskvegar í veiðivatni er ekki hægt að leiða að fullu í ljós afleiðingar framkvæmdarinnar fyrir veiði á svæðinu. Þau atvik geta komið upp að hagkvæmara sé að geta stýrt göngu laxa um fiskveginn með lokunum. Heimildir hafa ekki verið í gildandi lögum fyrir veiðfélög að taka slíkar ákvarðanir en hér er bætt úr því en jafnframt hugað að réttindum þeirra félagsmanna sem veiði eiga ofan fiskvegarins. LV styður þessa breytingu eindregið.

VI. kafli Um veiðfélög

Vísað er til þess sem segir í inngangsorðum þessarar umsagnar um þýðingu gildandi félagskerfis fyrir nýtingu og varðveislu hlunninda í ám og vötnum. Ekki er hróflað við hornsteinum þess í frumvarpinu frá því sem er í gildandi lögum. Þar er skylduaðild að veiðifélögum grundvallaratriði. Í grundvallaratriðum geymir frumvarpið sömu reglur og eru í gildandi lögum. Eins og áður er vikið að í umsögn um einstaka kafla frumvarpsins er sjálfstæði veiðifélaga aukið gagnvart stjórnvöldum hvað ýmsa þætti í starfsemi þeirra varðar. Á móti eru gerðar ríkari kröfur til veiðifélaga varðandi formreglur sem þau starfa eftir við afgreiðslu mála og setja skal í samþykktir félaganna. Landssamband veiðifélaga

telur að hér séu stigin skref í rétta átt. Auknar kröfur til veiðifélaganna að þessu leyti leiða af sjálfu sér þegar ákvörðunarvald þeirra í einstökum málum er aukið.

Í 37. gr. er nýtt ákvæði þar sem landeiganda er gert skylt að veita veiðimönnum aðgang að veiðistöðum fyrir landi sínu. Þetta ákvæði er þýðingarmikið til staðfestingar þess að veiðifélag geti uppfyllt skyldur við leigutaka um aðgengi að veiðivatni. Þótt ágreiningur vegna aðgengis veiðimanna að vatni sé næsta fátíður er hér um eðlilega lagastoð að ræða til tryggingar á rétti veiðimanna sem handhafa veiðileyfis.

39. gr. laganna kveður á um stofnun veiðifélaga. Ný ákvæði um að setja skuli í samþykkt veiðifélags reglur um málsmeðferð, þ.e. grundvallarreglur stjórnsýslu, og að veiðifélög skuli leggja fram fjárhagsáætlun eru til bóta og munu gera starf þeirra markvissara og minnka hættu á hagsmunaárekstrum innan félags við stjórnnum og framkvæmdir. Er þetta í samræmi við þá skilgreiningu á veiðifélögum að þau eigi að uppfylla grundvallarskyldur um stjórn og starfsemi eins og gerist um opinbera aðila.

Þá er nýtt að ráðherra setji reglugerð um starfsemi veiðifélaga og þykir eðlilegt að kveða nánar á um starfsreglur þeirra með þeim hætti.

Skylt er að breyta samþykktum starfandi veiðifélaga til samræmis við ákvæði greinarinnar innan árs frá gildistöku laganna.

40. gr. um atkvæðisrétt í veiðifélagi. Veiðiréttareigendur hafa um margra ára skeið rætt á sínum vettvangi um hvernig haga skuli atkvæðisrétti í veiðifélagi með það að markmiði að sanngjarnlega sé með farið. Núverandi fyrirkomulag sbr. 48. gr. gildandi laga er að ábúandi lögbýlis við gildistöku laganna fer með atkvæðisréttinn. Þetta er arfur frá upphafsákvæðum um veiðifélög frá 1957 þar sem segir að kveðja skulu ábúendur til stofnfundar veiðifélags og fari hver með eitt atkvæði á fundi. Þannig var atkvæðisrétturinn tengdur við félagsmanninn en þó gert að skilyrði að hann sé ábúandi á jörð. Breyting verður hér á við endurskoðun laganna 1970. Þar er hert á þessu ákvæði en í áðurnefndri 48. gr. segir enn fremur “Nú býr maður á fleiri en einni jörð og hefur hann þá eitt atkvæði.” Þetta ákvæði sem tók gildi frá 1970, eða þeim tíma er flestar jarðir voru byggðar til landbúnaðar, getur nú á breyttum tímum leitt af sér mismunun milli félagsmanna eftir því hvort jarðir eru nýttar af þeim til búskapar eður ei. Mismunum er nú þegar að finna milli veiðiréttareigenda t.d. varðandi skattlagningu hlunndindatekna. Þar er bændum gert skylt að greiða fullan tekjuskatt af tekjum vegna hlunninda meðan aðrir sem ekki nýta jarðir til búskapar greiða fjarmagnstekjuskatt af hinu sama.

Við samningu frumvarps þessa var leitað eftir því hver afstaða veiðifélaga væri til þess hvort breyta ætti ákvæðum um atkvæðisrétt í veiðifélagi við endurskoðun laganna. Veiðiréttareigendur vilja fara varlega í breytingar. Núgildandi fyrirkomulag hefur reynst vel við uppbyggingu félagskerfi um veiðar. Ljóst er þó að breyting á eignarhaldi og nýtingu jarða kallar á endurskoðun.

Landssamband veiðifélaga gerði í byrjun árs 2003 könnun hjá veiðifélögum þar sem leitað var eftir afstöðu þeirra til breytinga á ákvæði laganna um atkvæðisrétt í veiðifélögum að ósk endurskoðunarnefndarinnar.

Sendar voru 5 tillögur um tilhögun atkvæðisréttar:

1. Hverri jörð fylgi eitt atkvæði
2. Jarðeigandi fer með eitt atkvæði án tillits til fjölda jarða í hans eigu
3. Atkvæðavægi ráðist af arðskrá eða eignarhluta að veiðivatni
4. Blönduð leið líkt of frumvarpið gerir ráð fyrir.
5. Óbreytt ástand.

22 veiðifélög skiluðu álit. Átta völdu tillögu 1, þrjú völdu tillögu 2, eitt valdi tillögu 3, níu völdu tillögu 4 og eitt vildi óbreytt ástand.

Þessi könnun var kynnt og rædd á aðalfundi LV 2003. Eftir mikla umræðu meðal veiðiréttareigenda náðist víðtæk sátt á fundinum um að fara blandaða leið líkt og er í frumvarpinu. Þessi málamiðlun var lögð til vegna þeirrar breyttu stöðu sem uppi er varðandi eignarhald og nýtingu jarða.

Það er skoðun okkar að sú hugmynd að tengja atkvæðisrétt í veiðifélögum alfarið við arðskrá eða eignarhlut hljóti að grafa undan skylduaðild veiðiréttareigenda að veiðifélögum. Þá er minnihluti, hvað eignarhald varðar, orðinn algerlega óvarinn fyrir því að fáir stórir veiðiréttareigendur fari einráðir með málefni félagsins. Þetta á ekki síst við þegar selja skal veiði á leigu. Landssamband veiðifélaga og veiðifélögin í landinu leggjast eindregið gegn því að slík breyting verði gerð á gildandi lögum. Sú málamiðlun sem fram kemur í frumvarpinu tryggir minnihlutavernd í veiðifélagi og skiptir þá ekki máli hvernig sá minnihluti er saman settur. Slíkt er grundvöllur þess að félagsmenn geti treyst því að stjórnarathafnir byggi á sanngirni fyrir alla. Er það von okkar að þessi sáttargerð meðal hagsmunaaðila verði ekki rofin í meðferð frumvarpsins á Alþingi.

Í þessu sambandi bendir Landssamband veiðifélag á að hafa verður í huga að eignarréttur á veiði er í flestum tilfellum tengdur og órjúfanlegur frá annarri eign þ.e. bújörð eða landi sem liggur að veiðivatninu. Þar er í mjög mörgum tilvikum einnig um búsetu og atvinnurekstur eiganda veiðiréttarins að ræða. Með þetta í huga teljum við að samlíking á atkvæðisrétti í veiðifélagi við tilhögun atkvæðisréttar t.d. í hlutafélagi eigi ekki við þar sem sala hlutabréfa raskar ekki öðrum högum eigandans. Því er eigandi veiðiréttar miklu mun bundnari í veiðifélagi vegna fyrrgreindra hagsmuna en hluthafi í hlutafélagi.

Stjórn LV leggur til að síðasta setning 7. málsgreinar 40. gr. falli niður. Það ákvæði er í andstöðu við þá meginreglu um atkvæðisrétt, sem veiðifélögin sjálf hafa komið sér saman um. Þessi setning hljóðar svo: *“Í samþykktum veiðifélags er heimilt að ákveða að regla þessi um atkvæðagreiðslur gildi í fleiri tilgreindum tilvikum sem varða ákvarðanatöku í veiðifélagi.”* Setningin falli niður.

Í 41. gr. eru engar megin breytingar þó er kveðið skýrar á um þau atriði sem koma til álita við arðskrárgerð. Þetta á við um b lið þar sem kveðið er á um að tekið skuli tillit til vatnsmagns og stærðar vatnsbotns. Ekki eru gerðar athugasemdir við þetta.

Í 42. gr. er nýmæli að nú er stjórn veiðifélags skylt að gefa stjórnvaldi skýrslu um starfsemi félagsins. Þetta er í samræmi við auknar kröfur sem gera skal til stjórnunar veiðifélaganna þar sem fara skal að grundvallarreglum stjórnsýslulaga.

Í 43. gr. er kveðið á um breytingu á meðferð ágreiningsmála sem kunna að rísa innan veiðifélags vegna ákvörðunar sem tekin er á fundi eða af stjórn í veiðifélagi. Í stað þess að slíkum málum sé skotið til efnisúrskurðar landbúnaðarráðherra líkt og nú er skv. gildandi lögum skal Landbúnaðarstofnun staðfesta ákvörðun eða fella hana úr gildi og getur veiðifélag þá eftir atvikum tekið ákvörðun að nýju og þá með lögmætum hætti.

VII. kafli. Um matsgerðir og skaðabætur

Núverandi kerfi um gerð arðskrár í veiðifélagi byggir á tveim matsstigum. Þetta fyrirkomulag hefur reynst bæði þunglamalegt og dýrt í framkvæmd. Þannig eru arðskrármöt farin að hlaupa á milljónum króna. Dæmi eru um að veiðifélög veigri sér við að láta endurskoða arðskrá félagsmanna vegna hins mikla kostnaðar sem því fylgir. Þetta er bagalegt enda ekki heppilegt að of langur tími líði milli endurmats arðskrár þar sem slíkt getur leitt til mikilla breytinga á arðshlutfalli einstakra félagsmanna innbyrðis og þar með valdið óþarfa miklum ágreiningi innanfélags og óánægju. Því er óæskilegt að allt of langur tími líði milli þess að arðskrármat fari fram.

LV telur algerlega fullnægjandi að hafa eitt matsstig eins og lagt er til í frumvarpinu. Þar er gert ráð fyrir að sérstök matsnefnd verði skipuð til þessara verka sem leiðir til þess að því að gott samræmi verður í störfum hennar. Reglur um matsbeiðnir og málsmeðferðarreglur við matið eru ítarlegar og þarfar og engu við að bæta. Nýmæli er frá gildandi lögum að bera megi úrskurði matsnefndar undir dómstóla og reglur þar að lútandi sbr. 48. gr.

49. gr. um bótaskyldu vegna skerðingar á veiðirétti er að efni til eins og gildandi lög. Ekki er þó lengur felld bótaskylda á sveitarsjóði sbr. 2. tl. 103. gr. gildandi laga og er það eðlileg ráðstöfun að okkar dómi.

VII. kafli. Refsi og réttarfarsákvæði.

Ekki eru gerðar athugasemdir við þennan kafla utan þess að eðlilegt þykir að kveða á um hvernig löggæslu er háttað í lögunum um lax- og silungsveiði. Því leggjum við til eftirfarandi breytingu á 55. gr.. Greinin heiti:

Um löggæslu.

Landbúnaðarstofnun hefur eftirlit með því að veiði í ám og vötnum og sjó innan netlaga fari ekki í bága við fyrirmæli laga þessara. Landhelgisgæsla Íslands fer að öðru leyti með löggæslu samkvæmt lögum þessum á hafinu umhverfis Ísland, jafnt innan sem utan landhelgi að ystu mörkum efnahagslögsögunnar.

Til samræmingar við breytingu á 55. gr. er lagt til að 58. gr. greinin hljóði svo:
Á eftir 4. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Landbúnaðarstofnun skipar eftirlitsmenn með veiði samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði þar sem þurfa þykir enda æski þess veiðifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem veiðifélag hefur ekki verið stofnað, og greiði kostnað af eftirlitinu.

Landbúnaðarstofnun er heimilt að skipa eftirlitsmenn með því að bann við laxveiðum í sjó sé virt. Kostnaður við störf þeirra greiðist úr ríkissjóði.

Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því að veiði í umdæmi þeirra sé ekki stunduð með ólöglegum hætti. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur Landbúnaðarstofnun í erindisbréfi. Landbúnaðarstofnun gefur út skirteini handa eftirlitsmönnum.

Eftirlitsmenn skulu eiga frjálsa för um veiðivatn, meðfram því og um netlög í sjó eftir því sem þörf krefur. Þeir hafa vald til að taka upp ólögleg veiðitæki eða veiðitæki sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða óleyfilegum stað.

Frumvarp til laga um Veiðimálastofnun. 612. mál, þskj. 897

Landssamband veiðifélaga leggur áherslu á við endurskoðun laganna um Veiðimálastofnum að ekki verði hróflað við faglegu sjálfstæði stofnunarinnar. LV hefur á undanförunum aðalfundum ályktað um að efla beri Veiðimálastofnun til að hún geti sinnt lögboðnu hlutverki sínu. Því miður eru fjárveitingar til Veiðimálastofnunar lágar undanfarin ár og standa hvergi undir rekstri hennar. Lætur nærri að 2/3 tekna Veiðimálastofnunar komi af sjálfsaflafé. Í þessu ljósi gerir LV athugasemdir við eftirfarandi greinar frumvarpsins:

Í 1. gr. falli brott málsgreinin *“Veiðimálsstofnun skal leitast við að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögum þessum í nánu samstarfi og samvinnu við menntastofnanir landbúnaðarins.”* LV telur slíka málsgrein í lögnum algjörlega óþarfa enda ekkert að finna þar sem hindrar að slík samvinna eða samstarf geti farið fram og þá á jafnréttisgrundvelli. Lögbinding á samstarfi og samvinnu eins og frumvarpið kveður á um er andstætt þeim markmiðum um faglegt sjálfstæði stofnunarinnar sem LV vill standa vörð um við mótun hennar.

Í 3. gr. er gerð sú breyting að í stað stjórnar stofnunarinnar er nú komið fagráð. Í ljósi þess að mikill meirihluti tekna stofnunarinnar kemur af sjálfsaflafé en ekki úr ríkissjóði leggst LV gegn þessari breytingu.

Ekki eru fleiri athugasemdir við frumvarpið.

Frumvarp til laga um fiskrækt. 613. mál, þskj. 898

Landssamband veiðifélaga gerir ekki athugasemdir við framkomið frumvarp um fiskrækt.

Frumvarp til laga um eldi vatnafiska. 595. mál, þskj. 879

Efnisatriði frumvarps um eldi vatnafiska er að mestu að finna í gildandi lögum um lax- og silungsveiði IX. kafla. Helstu viðbætur er að finna í 1. og 2. gr. laganna. Landssamband veiðifélaga telur varúðarreglu 1. gr. til mikilla bóta og í réttu samhengi við ný ákvæði sem er að finna í 19. gr. laganna um skaðabætur vegna tjóns sem stafar af starfsemi eldisfyrirtækja.

LV minnir á að eldiskafli núgildandi laga var endurskoðaður fyrir 5 árum síðan. Um þá endurskoðun náðist samkomulag milli fiskeldismanna og veiðirettareigenda. Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir er nokkuð slakað á kröfum er varða öryggi íslenskra ferskvatnsstofna og verða þær breytingar raktar í umsögnum um viðeigandi greinar þess. LV gerir ekki athugasemdir við þær greinar sem ekki eru teknar til umfjöllunar hér á eftir.

4. gr. stjórnslusa. Í sambandi við þessa grein er vert að vekja athygli á að aðkoma veiðirettareigenda að upplýsingum og stefnumótun varðandi fiskeldi breytist er frumvarp til laga um lax- og silungsveiði verður lögfest. Veiðimálanefnd er sá vettvangur sem veiðirettareigendur hafa í gildandi lögum til að koma sjónarmiðum á framfæri við stjórnsluna og gæta hagsmuna sem fyrirhuguð starfsemi eldisfyrirtækja kann að raska. Þetta á sérstaklega við um þegar stofnsetja skal smærri eldisfyrirtæki með allt að 200 tonna ársframleiðslu. Því teljum við rétt að LV fái fulltrúa í fiskeldisnefnd.

5. og 6. gr. frumvarpsins er að meginefni sú sama og 77. gr. í gildandi lögum. Mikilvægt niðurlagsákvæði greinarinnar er þó fellt út en þar segir: Jafnframt skal landbúnaðarráðherra ákvarða svæðaskiptingu fiskeldis samkvæmt lögum þessum meðfram ströndum landsins og heildarframleiðslu á hverju svæði. LV gerir tillögu um að þetta ákvæði verði að nýju fellt inn í 5. gr. frumvarpsins.

Þær athugasemdir eru gerðar við kaflann um rekstrarleyfi, að ekki er gert ráð fyrir grenndarkynningu Landbúnaðarstofnunar á framkvæmd áður en rekstrarleyfi er veitt. Grenndarkynning vegna nærliggjandi hagsmuna í veiði og náttúru er nauðsynleg að mati LV ef framkvæmd er ekki háð umhverfismati.

Um 19. gr. skaðabætur. Vísað er til þess sem að framan segir varðandi skaðabætur til tjónþola í veiðivatni vegna starfsemi eldisfyrirtækja. Gerð er tillaga um viðbót við lagagreinina sem gerir eldisfyrirtækum skylt að kaupa ábyrgðartryggingu vegna starfseminnar. Ljóst er að rekstur eldisfyrirtækja er á veikum grunni. Verðmæti veiðivatna er á hinn bóginn gríðarmikið þegar litið er til bestu laxveiðianna.

Þá kann skaði vegna starfseminnar að koma í ljós nokkru eftir að fyrirtæki hafa hætt rekstri. Því er ákvæðið um skaðabætur næsta haldlaust ef starfsemin er ótrygð að þessu leyti. Treysti Alþingi sér ekki til að setja ákvæði um tryggingar í frumvarpið er gerð tillaga um að ríkissjóður ábyrgist greiðslu skaðabóta f.h. þess sem leyfið veitir.

21. gr. fjallar um innflutning á notuðum eldisbúnaðaði.

LV leggur áherslu á að greinin falli brott og í staðin komi óbreytt 76. grein í gildandi lögum um þetta efni.

LV mótmælir því að, á sama tíma og verið er að reisa nýjar skorður við flutningi á smitberandi áhöldum og dýrum milli landa í öllum heimálfum, eigi nú að veita tilslökun varðandi varðveislu lífríkis í ám og vötnum á Íslandi.

Frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum. 596. mál, þskj. 880

Í lögunum um innflutning dýra nr. 54/1990 er mælt fyrir um reglur sem gilda vegna leyfis til að flytja lifandi laxfiska til landsins. Var þetta gert með setningu laga 119/2003 við staðfestingu bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar vegna innleiðingar tilskipunar 91/67/EBE. Við endurskoðun laganna og setningu reglugerða þarf að gæta samræmis við ákvæði þeirra laga.

Því er gerð tillaga um að aftan við síðustu mgr. 4. gr. komi *og erfðanefndar landbúnaðarins sbr. 2 mgr. laga nr. 54/1990.*

Að öðru leiti gerir LV ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

F.h. stjórnar Landssambands veiðifélaga



Óðinn Sigbórsson, formaður

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Nefndasvið / Elísabet Rán Andrésdóttir
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. maí 2006

Umsagnir Landverndar um frumvörp til laga um lax- og silungsveiði, eldi vatnafiska, varnir gegn fisksjúkdómum, fiskrækt og Veiðimálastofnun.

Fjallað hefur verið um framangreind frumvörp innan stjórnar Landverndar. Ekki eru gerðar stórvægilegar efnislegar athugasemdir við frumvörpin en ástæða er til að koma á framfæri nokkrum ábendingum varðandi form og framsetningu. Ábendingar lúta einkum að *markmiðum* og *gildissviði* laganna. Markmið er *ávallt* staða eða ástand, sem stefnt er að, og er lýst með nafnorði. Notkun sagnorða í skilgreiningu eða lýsingu á markmiði á *ávallt* við aðgerðir þær, sem beita skal til að ná markmiðinu og eru þau orð því hvorki lýsing né skilgreining á markmiðinu sjálfu.

Frv. til laga um lax- og silungsveiði.
Þskj. 891 – 607. mál. Alþ. 2005 – 2006.

1. gr. Markmið hljóði svo:

Markmið laga þessara er ákvæði um eignarhald veiðiréttar í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra.

3.gr. *Skilgreiningar:*

Með skilgreiningu „*39 straumlína (strengur)*“ er í raun verið að skilgreina hugtakið *aðalstraumlínu*, sem kemur svo fyrir í 2. mgr. 22. gr. án þess að vera nokkurs staðar skilgreind áður. Þetta þarf að laga.

**Frv. til laga um eldi vatnafiska.
Þskj 879 – 595 mál, Alþingi 2005 – 2006.**

Í 6. gr. frumvarpsins segir m.a. „Við ákvörðun ráðherra skv. 1. mgr. skal taka mið af því að markmið laga þessara er m.a. að vernda villta laxfiskastofna og hlífa þeim við fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðiáhrifum.“ Þau göfugu markmið sem tilgreind eru í 6. gr. koma hinsvegar ekki fram í 1. gr. frumvarpsins þar sem markmiðin eiga að vera skilgreind. Lagt er til að 1. gr. laganna verði eitthvað á þessa leið:

Markmið laga þessara eru skilyrði til uppbyggingar eldis vatnafisks og verndun viltra laxfiskastofna gegn fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðiáhrifum. Við framkvæmd laganna skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra ferskvatnsfiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.

Hér hefur textinn „og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu“ verið felldur út því að til þeirrar setningar virðist hvergi vera vísað til í frumvarpinu. Þess í stað hafa þau göfugu markmið sem fram koma í 6. grein verið færð inn á réttann stað í frumvarpinu.

**Frv. til laga um varnir gegn fisksjúkdómum.
Þskj 880 – 596. mál, Alþingi 2005 – 2006.**

1. gr. Markmið hljóði svo:

Markmið laga þessara er verndun lífríkis vatna og vatnafiska gegn sjúkdómum og sníkjudýrum.

Í lögnum eru ákvæði um innflutning á búnaði sem hefur verið í notkun við fiskeldi erlendis, sbr. 8. gr. Í ljósi þessa hlýtur gildissvið laganna að þurfa að vera víðtækara en lagt er til í 2. gr. frumvarpsins. Gildissvið mætti vera eitthvað á þessa leið:

Lög þessi taka til vatnafisks og innflutnings flsks, hrognar og notaðs búnaðar inn á íslenskt forráðasvæði. Við framkvæmd laganna skal gætt samræmis við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um fiskrækt, laga um eldi vatnafiska og laga um eldi nytjastofna sjávar.

**Frv. til laga um fiskrækt.
Þskj. 898 – 613 mál, Alþingi 2005 – 2006.**

1. gr. Markmið hljóði svo:

Markmið laga þessara er fiskrækt í ferskvatni. Við framkvæmd laganna skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi ferskvatns og á villtum ferskvatnsfiskstofnum og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.

Frv. til laga um Veiðimálastofnun.

Þskj. 897 — 612. mál, Alþingi 2005 – 2006.

Í frumvarpinu er ekki að finna markmið, gildissvið og skilgreiningar. Lög án markmiðs eða markmiða hljóta eðli máls samkvæmt að vera óþörf. Öll lög hafa sitt afmarkaða gildissvið og í flestum þeirra þarf að skilgreina helstu hugtök. Hér virðist því umtalsverð vinna óunnin.

Með hliðsjón af 4. gr. frumvarpsins og markmiðum frumvarps til laga um eldi vatnafiska og fiskrækt gætu markmið verið á þessa leið:

Markmið laga þessara er alhliða þekking á nytjastofnum ferskvatna og lífríkis þeirra og miðlun upplýsinga þar um. Við framkvæmd laganna skal þess ávallt gætt, að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra ferskvatnsfiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.

Skilgreina þarf gildissvið laganna og í þeirri vinnu væri eðlilegt að hafa gildissvið hinna frumvarpanna til hliðsjónar.

Í frumvarpinu þyrfti að skilgreina eftirtalin hugtök. Skilgreiningar á þeim má finna í hinum frumvörpunum að hugtakinu „nytjastofn ferskvatna“ undantöldu.

Ferskvatnsfiskar:

Ferskvatnsvistkerfi:


Fiskeldi.

Fiskrækt.

Nytjastofnar ferskvatna.

Vatnalífverur.

Virðingarfyllst,



Bergur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landverndar

Laxfiskar ehf
 Jóhannes Sturlaugsson
 Pósthólf 280, 270 Mosfellsbær
 Sími: 664 70 80
 Tölvupóstfang: johannes@laxfiskar.is

Salmon and Trout Research
Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1676
komudagur 19.4.2006
 18. apríl 2006

**Umsögn til Landbúnaðarnefndar Alþingis um:
 Þskj. 891 — 607. mál. Frumvarp til laga um lax og silungsveiði.**

Umsögn um lagafrumvarpið í heild

Lagafrumvarpið um lax- og silungsveiði sem hér er til umræðu og samstæð systurfrumvörp þess sem lögð eru fram samhliða (Þskj.:898; 879; 880; 897) til að þau fái samræmda þinglega meðferð og afgreiðslu, eru til samans arftakar Lax- og silungsveiðilaganna frá 1970 (með síðari tíma breytingum). Einkennilegt má teljast að við gerð þessara lagafrumvarpa að lög um Fiskræktarsjóð eru ekki færð í nýjan búning líkt og allt annað efni lax- og silungsveiðilaganna frá 1970. Í umræðum (1. umræðu) á Alþingi kom fram að ástæða þess var óeining innan ríkisstjórnarinnar um þann hluta. Ef þetta frumvarp og systurfrumvörp þess verða afgreidd frá þessu þingi þá munu lög um Fiskræktarsjóð halda sínum sessi áfram í umgjörð Lax- og silungsveiðilaganna sem þá munu fá nafnið "eldri lög um lax- og silungsveiði". Vegna þessa vakna eðlilegar spurningar um það hvað valdi því að svo mikið liggur á að ganga frá því frumvarpi sem hér er veitt umsögn og systurfrumvörpum þess. Fyrst að ekki hefur verið gengið frá endanlegri mynd lagaákvæða sem mynda umgjörð fyrir starfsemi Fiskræktarsjóðs. Umræddur Fiskræktarsjóðshluti er enn eitt dæmið sem vísar til þess að rétt sé að fresta endanlegri þingmeðferð þessa lagaumhverfis í heild til næsta löggjafarþings (2006-2007).

Í upphafi þessarar umsagnar er sett fram almennt álit á lagafrumvarpinu. Í þeirri almennu umsögn undirritaðs um frumvarpið er með rökum fjallað um gegnumgangandi galla þess að óbreyttu, með það að markmiði að gallarnir séu sniðnir burtu í meðförum Alþingis. Þessir gallar að mati undirritaðs eru með vísun í greinar sem innihalda ákvæði sem valda samkeppnishömlum gagnvart starfsemi einkaaðila sem leggja stund á rannsóknir og ráðgjöf er falla undir lögsögu frumvarpsins og systurfrumvarpa þess. Þetta kemur til af því að þau lögboðnu verk sem sumar greinar frumvarpsins kveða á um að þurfi að framkvæma af fagaðilum við tilteknar aðstæður (umsagnir, úttektir o.þ.h.) eru einskorðuð við það að Veiðimálastofnun framkvæmi þau verk. Sú lagalega einokun lögboðinna umsagna, úttekta o.þ.h. Veiðimálastofnun til handa væri nánast skiljanleg ef Veiðimálastofnun hefði til að bera hlutleysi. Því er hinsvegar ekki að fagna miðað við óbreytt lagafrumvarp um Veiðimálastofnun sem gerir ráð fyrir því að stofnunin standi að vinnu við lögboðnar umsagnir, úttektir o.þ.h. og samhliða geti stofnunin staðið í samkeppni við einkaaðila um önnur rannsóknaverk á sama sviði. Vegna þessa er hér ítrekað að slíkir hagsmunaárekstrar munu vera til staðar ef frumvarp um Veiðimálastofnun verður samþykkt óbreytt hvað þetta varðar (sjá nánar umsögn undirritaðs - Laxfiskar ehf um lagafrumvarp um Veiðimálastofnun, þskj. 897). Í kjölfar þessa almenna álits heldur síðan umsögnin áfram með umfjöllun um þær greinar frumvarpsins sem athugasemdir eru gerðar við.

Umsögn með vísun í tiltekna greinar lagafrumvarpsins

Hér að framan hafa verið tilgreindar athugasemdir sem varða lagafrumvarpið í heild. Hér að neðan verða frekari athugasemdir settar fram fyrir þær greinar frumvarpsins sem talin er nauðsyn að gera athugasemdir við sérstaklega. Uppsetningin er með þeim hætti að tiltekinn er texti þeirra greina lagafrumvarpsins sem athugasemdir eru gerðar við, eins og hann var þegar frumvarpið var lagt fyrir Alþingi. Breytingar á greinatexta frumvarpsins eru allar auðkenndar með því að hafa þá stafi rauða. Texti sem lagt er til að fella í burtu er yfirstrikaður og nýr texti er hafður með skáletri. Stundum eru þó settar fram almennar aðfinnslur við efni tiltekinnna greina lagafrumvarpsins án þess að breytingartillögur við greinatexta fylgi. Tilgangurinn er engu að síður sá sami, nefnilega að hvetja þá sem ráða endanlegri mynd lagafrumvarpsins til að lagfæringa á tilgreindum greinum.

Ef Veiðimálastofnun er ekki skapað hlutleysi með því ganga frá fyrirbyggjandi lagafrumvarpi um Veiðimálastofnun (þskj. 897 - 595 mál) með þeim hætti að stofnunin láti af samkeppni við einkaaðila í rannsóknum og ráðgjöf. Þá er tómt mál að tala um það, að það sé bundið í lagafrumvarpið sem hér er unnin umsögn um að Veiðimálastofnun sé sá aðili sem sjái um öll lögbundin verk sem greinar frumvarpsins kveða á um að framkvæmd séu af fagaðila. Þar til Veiðimálastofnun öðlast slíkt hlutleysi þá er það tillaga undirritaðs að í öllum greinum frumvarpsins þar sem Veiðimálastofnun er nefnd til sögunnar í þessu tilliti sé þeirri tilvitnun eytt og í staðinn sé fellt inn á sambærilegan máta í staðinn "rannsóknaraðili á sviði fiskifræði".

11. gr.

Ófriðun sels.

.....
Nú fara ekki saman nýttjar selláttra og sellagna annars vegar og nýting og viðkoma lax og göngusilungs í veiðivatni hins vegar. Getur Landbúnaðarstofnun þá, að ósk veiðifélags eða veiðirettarhafa og að fenginni umsögn ~~Veiðimálastofnunar~~ *rannsóknaraðila á sviði fiskifræði* og Náttúrufræðistofnunar Íslands, heimilað eyðingu sellátursins og upptöku allra sellagna í eða við það veiðivatn eða fiskihverfi.
.....

13. gr.

Veiðiskýrslur.

.....
Veiðifélög eða veiðirettarhafar, þar sem ekki er veiðifélag, skulu sjá til þess að skýrslur séu gefnar um veiði í sérhverju veiðivatni og að þeim sé skilað til Landbúnaðarstofnunar. Upplýsingar úr skýrslum skulu aðgengilegar *Veiðimálastofnun og öðrum rannsóknar- og ráðgjafaraðilum.*
Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um skráningu veiði.

16. gr.

Takmarkanir á veiði sjávarfiska.

Að fenginni heimild sjávarútvegsráðuneytisins getur Landbúnaðarstofnun að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni veiðifélags eða veiðirettarhafa takmarkað eða bannað veiði sjávarfiska framan við árósa straumvatna ef sýnt þykir að slíkar veiðar geti spillt fiskigengd í viðkomandi veiðivötn eða að slíkt er af öðrum ástæðum nauðsynlegt til verndar fiskstofnum veiðivatnsins. Áður en gripið er til slíkrar takmörkunar eða banns skal leita umsagnar *rannsóknaraðila á sviði fiskifræði* ~~Veiðimálastofnunar.~~

17. gr.***Veiditími lax.***

Laxveiðar eru heimilar á tímabilinu frá 20. maí til 30. september ár hvert, en þó aðeins í níutíu daga innan þess tímabils. Landbúnaðarstofnun er heimilt að fenginni umsögn *rannsóknaraðila á sviði fiskifræði Veidimálastofnunar* að lengja veiðitíma í allt að 120 daga og allt til 31. október ár hvert í þeim veiðivötnum þar sem fyrst og fremst er veitt úr stofnum sem viðhaldið er með viðvarandi sleppingu seiða. Þá er Landbúnaðarstofnun, að fenginni umsögn *rannsóknaraðila á sviði fiskifræði Veidimálastofnunar* heimilt að lengja *veiðitímann til viðbótar* um allt að fimmtán daga veiðitímabil skv. 1. másl. í þeim veiðivötnum þar sem öllum laxi er sleppt. Á veiðitíma þeim sem um getur í 1. mgr. skal lax vera friðaður fyrir allri veiði a.m.k. 84 stundir í viku hverri. Netaveiði má aldrei stunda frá föstudagskvöldi klukkan 22 til þriðjudagsmorguns klukkan 10. *Færa má netaveiði af virkum dögum yfir á helgar ef rétt hafar netaveiði á laxi innan vatnakerfisins samþykkja allir að færa netaveiðar sínar til sama tímabils. Forsendur fyrir slíkum tilfærslum á breyttum veiðitíma væru að þær myndu stytta þann vikulega veiðitíma sem netaveiðar væru stundaðar með það að markmiði að efla stangveiði og/eða hrygningu.**

Ef lax veiðist á tímabilinu frá 1. apríl og þar til veiðitími skv. 1. mgr. hefst er skylt að sleppa slíkum fiski.

Veidifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal Landbúnaðarstofnun staðfesta að fenginni umsögn *rannsóknaraðila á sviði fiskifræði Veidimálastofnunar*. Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur Landbúnaðarstofnun, að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

Í reglum skv. 4. mgr. er m.a. heimilt að kveða á um eftirfarandi atriði:

- a. fjölda veiðidaga skv. 1. mgr.,
- b. takmarkanir á notkun tiltekinna veiðitækja á ákveðnum tímabilum,
- c. ákvörðun um daglegan veiðitíma,
- d. ákvörðun um mörk veiðisvæða.

* Sett hér inn til að minna á sniðuga hugmynd sem komið hefur fram í þessum dúr.

18. gr.***Veiditími göngusilungs.***

Veiðar göngusilungs eru heimilar frá 1. apríl til 10. október ár hvert, en í veiðivatni, þar sem megnið af veiðinni er villtur laxastofn, skulu lok veiðitíma miðast við 30. september ár hvert. Þó getur Landbúnaðarstofnun, að fenginni umsögn *rannsóknaraðila á sviði fiskifræði Veidimálastofnunar*, heimilað stangveiðar utan þess veiðitíma í veiðivötnum þar sem slíkar veiðar hafa verið stundaðar.

Á veiðitíma þeim sem um getur í 1. mgr. skal göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði 84 stundir í viku hverri. Netaveiði má aldrei stunda frá föstudagskvöldi klukkan 22 til þriðjudagsmorguns klukkan 10.

Veidifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal Landbúnaðarstofnun staðfesta að fenginni umsögn *rannsóknaraðila á sviði fiskifræði Veidimálastofnunar*. Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur Landbúnaðarstofnun, að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

.....

19. gr.***Veiditími vatnasilungs.***

Veiðar á vatnasilungi eru heimilar frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

Veidifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum *ef fiskifræðileg rök mæla með því. Landbúnaðarstofnun þarf að samþykkja þær reglur.* Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur Landbúnaðarstofnun, að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

~~Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal Landbúnaðarstofnun staðfesta að fenginni umsögn rannsóknaraðila á sviði fiskifræði Veiðimálastofnunar.~~

.....

20. gr.***Álaveiðar.***

.....

Veidifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal Landbúnaðarstofnun staðfesta að fenginni umsögn *rannsóknaraðila á sviði fiskifræði Veiðimálastofnunar.* Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur Landbúnaðarstofnun, að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur

21. gr.***Ósaveiðar.***

Eigi má veiða fisk með föstum veiðivélum í ósum í ár eða ósum í stöðuvötn og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk með föstum veiðivélum í ósum úr stöðuvötnum þeim er lax eða göngusilungur fer um né 50 metra upp eða niður frá slíkum ósum.

Landbúnaðarstofnun getur, að ósk hlutaðeigandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki eru veiðifélög, að fenginni umsögn *rannsóknaraðila á sviði fiskifræði Veiðimálastofnunar,* bannað eða takmarkað umfram það sem greinir í 1. mgr. alla veiði eða tiltekna veiðiaðferðir, þar með talið stangveiði, upp eða niður frá ósi, enda þyki slíkt nauðsynlegt vegna fiskigengdar og viðhalds veiði í vatninu.

Bann eða takmörkun veiði skv. 2. mgr. skal vera tímabundin, sé þess kostur. Ef sannað þykir að slíkt bann eða takmörkun valdi tilteknum veiðiréttarhafa tjóni umfram aðra skulu þeir veiðiréttarhafar við viðkomandi veiðivatn, sem bannið eða takmörkunin er fyrst og fremst til hagsbóta fyrir, bæta tjónið á grundvelli mats skv. VII. kafla laga þessara.

24. gr.***Svæðisbundin friðun lax og göngu- og vatnasilungs.***

Ef nauðsyn ber til að draga úr veiði eða friða heilt vatn eða hluta þess um tiltekinn tíma gegn allri veiði eða takmarka einstakar veiðiaðferðir í vatninu til verndar fiskstofnum þess getur Landbúnaðarstofnun sett reglur um slíka friðun, að fenginni tillögu eða umsögn *rannsóknaraðila á sviði fiskifræði Veiðimálastofnunar.* Áður en slíkar reglur eru settar skal jafnan leita umsagnar viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki er veiðifélag.

Með sömu skilmálum og greinir í 1. mgr. er Landbúnaðarstofnun heimilt að setja reglur um friðun tiltekinn svæða í vatni, þar sem fiskur safnast saman til hrygningar, eða vegna fyrirstöðu á göngu, ef fiskifræðilegt mat gefur til kynna að ~~enda sé það mat Veiðimálastofnunar~~ að veiði á þeim stöðum sé skaðleg fiskstofnum vatnsins.

.....

25. gr.***Eyðing fisks.***

Ef rétt þykir að eyða fiski eða lagardýrum úr veiðivatni vegna sjúkdóma eða snikjudýra getur Landbúnaðarstofnun heimilað slíkt. Skal áður aflað umsagnar viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki eru veiðifélög, ***rannsóknaraðila á sviði fiskifræði Veiðimálastofnunar***, Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og fisksjúkdómanefndar. Ef nauðsyn ber til skal kveða á um notkun tiltekinna efna við eyðingu fiskstofnsins, með þeim skilyrðum sem þurfa þykir.

26. gr.***Veiðar í klak- og vísindaskyni og merkingar vatnafiska.***

Til veiða í vísindaskyni þarf veiðiskírteini sem Landbúnaðarstofnun gefur út á nafn einstaklings, eða stofnunar ef rannsóknir eru stundaðar á hennar vegum. Landbúnaðarstofnun er heimilt að gera ákveðnar kröfur um færni og kunnáttu þeirra sem óska eftir veiðiskírteini. Skal skírteinið gilda tímabundið. ~~Að jafnaði skal tiltekið til hvers veiðivatna rannsókn tekur. Ef sérstaklega stendur á, t.d. þar sem rannsóknir eru stundaðar á landsvísu eða afmörkuðum svæðum landsins, er ekki þörf slíkrar tilgreiningar.~~ Veiðar í vísindaskyni skulu, eftir því sem kostur er, stundaðar í samráði við veiðifélög eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki eru veiðifélög.

~~Handhafa veiðiskírteinis er ekki heimilt að hagnýta sér í eigin þágu þann fisk sem veiddur er í vísindaskyni. Veiðiréttarhafa er Heimilt að hagnýta sér afla sem veiðist í vísindaskyni, en ber að öðru leyti ekki endurgjald vegna slíkrar veiði.~~

27. gr.***Veiðitæki og veiðiaðferðir í straumvatni.***

Í straumvatni má við veiðar aðeins nota færi, stöng, lagnet og króknet.

Ekki má í straumvatni veiða fisk með krók eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til þess að bjarga á land fiski sem fastur er á öngli eða í neti. Ekki má veiða fisk með því að veita af honum vatni.

Landbúnaðarstofnun getur, að fenginni umsögn ***rannsóknaraðila á sviði fiskifræði Veiðimálastofnunar***, heimilað veiðifélagi eða veiðiréttarhafa ádráttarveiði á göngusilungi á veiðisvæði sínu. Ádráttarveiði á laxi er einungis heimil í vísindaskyni og til öflunar klakfisks.

28. gr.***Fastar veiðivélar í straumvatni.***

.....
Veiðifélag setur reglur um gerð og möskvastærð silungsveiðineta á félagssvæði sínu ef ætlunin er að stunda þar netaveiðar á silungi. Slíkar reglur skulu samþykktar af Landbúnaðarstofnun, að fenginni umsögn ***rannsóknaraðila á sviði fiskifræði Veiðimálastofnunar***.

.....
Landbúnaðarstofnun getur þó, ef sérstaklega stendur á, heimilað fjölgun lagna, enda mæli ***rannsóknaraðila á sviði fiskifræði Veiðimálastofnunar*** ekki gegn slíku.

Ef heimil veiðitæki samkvæmt lögum þessum þykja, að mati ***rannsóknaraðila á sviði fiskifræði Veiðimálastofnunar***, stofna viðgangi fiskstofns í veiðivatni í hættu, er Landbúnaðarstofnun heimilt að fækka föstum veiðivélum í því vatni.

.....

29. gr.**Stangveiði í straumvatni.**

.....
 Veiðifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um stangveiði á veiðisvæði sínu sem gilda skulu í a.m.k. átta ár. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal Landbúnaðarstofnun staðfesta að fenginni umsögn *rannsóknaraðila á sviði fiskifræði Veidimálastofnunar*.

30. gr.**Veiditæki og veiðiaðferðir í stöðuvatnum.**

Í stöðuvatni má við veiðar aðeins nota færi, dorg, stöng, lóð, lagnet, *gildirur* og ádráttarnet. Í almenningi stöðuvatns er ádráttarveiði þó óheimil.
 Ekki má í stöðuvatni veiða fisk með krók eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til þess að bjarga á land fiski sem fastur er á öngli eða í neti.
 Veiðifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiði á veiðisvæði sínu. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal Landbúnaðarstofnun staðfesta að fenginni umsögn *rannsóknaraðila á sviði fiskifræði Veidimálastofnunar*. Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur Landbúnaðarstofnun, að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

32. gr.**Reglugerðarheimild.**

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli um veiðitæki og veiðiaðferðir samkvæmt kafla þessum, þ.m.t. um merkingu fastra veiðivéla.
 Landbúnaðarstofnun getur með reglum heimilað notkun annarra veiðitækja og aðrar veiðiaðferðir en greinir í kafla þessum, enda telji *rannsóknaraðili á sviði fiskifræði Veidimálastofnunar* að slíkt skaði hvorki lífríki vatns, fiskigengd né fiskför.

34. gr.**Fiskvegir.**

Landbúnaðarstofnun getur, að fenginni umsögn *rannsóknaraðila á sviði fiskifræði Veidimálastofnunar*, heimilað veiðifélögum eða veiðiréttarhöfum, þar sem ekki er veiðifélag, að gera fiskveg eða önnur sambærileg mannvirki í vatni eða meðfram vatni.

JÓHANNES STURLAUGSSON

Jóhannes Sturlaugsson



Tölvupóstfang: johannes@laxfiskar.is

Laxfiskar ehf
 Hraðastaðir 1
 Pósthólf 280
 270 Mosfellsbær
 Sími: 664 78 88

Alþingi
Erindi nr. P 132/2023
komudagur 28.4.2006

Samanburður á arðskrár fyrir Veiðifélag Flóku

1957 til 1994

1000 einingar

	1957	1958	1987	1988	(1993)	1994	2004
Steðji	190	140	148	148	145	149	140.805
Brúsholt	80	135	135	90	95	86	81.270
Skógar	50	70	94	139	127	130	122.850
Hrísar	40	50	41	41	66	68	83.760
Eyri	70	90	97	97	122	126	119.570
Múlastaðir	100	150	162	162	148	151	142.695
Varmalækur	190	135	142	142	134	145	137.025
Bær	230	180	142	142	126	113	106.785
Laugarholt/ Langholt	50	50	39	39	37	32	30.240
	<u>1000</u>	<u>1000</u>	<u>1000</u>	<u>1000</u>	<u>1000</u>	<u>1000</u>	<u>965.000</u>

Eftir að dómur féll í Hæstarétti um landamerki milli jarðanna Skóga og Brúsholts 24. september 1991 voru 45 einingar færðar frá Brúsholti til Skóga. Arðskrárni 1987 var þá breytt skv. sérstöku mati þar um frá 12. september 1987 og greiðslur leiðréttar frá 1988. Matið 1993 var undirmat og aldrei gilt.

Lundur	7.500
Gullberustaðir	8.000
Lundartunga	<u>19.500</u>
	1.000.000

Alþingi
Erindi nr. P 132/1726
komudagur 21.4.2006

Landbúnaðarnefnd Alþingis
 Elísabet Rán Andrésdóttir
 nefndarritari
 Austurstræti 8-10
 150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. apríl 2006
 2006030035/42-1
 JGO/khs

Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, 607. mál - umsögn

Vísað er til bréfs Landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 28. mars sl. þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði, 607 mál. Fram kemur í athugasemdum frumvarpsins að þessum lögum, ásamt fleirum, sé ætlað að koma í stað gildandi laga um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum. Stofnunin er samþykkt þessum breytingum

Náttúrufræðistofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

1. gr. *Markmið*

Náttúrufræðistofnun leggur til að markmiðslýsingin verði víðtækari í samræmi við efni frumvarpsins með því að setja orðið "veiðirétt" í stað orðanna "eignarhald veiðiréttar".

2. gr. *Gildissvið*

Náttúrufræðistofnun leggur til að í stað orðsins "ferskvatnsfiskistofnum", sem er fjórsamsett orð, komi "fiskistofnum í fersku vatni..."

3. gr. *Skilgreiningar*

Náttúrufræðistofnun telur mjög mikilvægt að hugtök sem notuð eru í lagatexta séu vel skilgreind og hafi skýra merkingu. Stofnunin sér hins vegar ekki nauðsyn þess að skilgreina í lagatexta góð og gild orð, sem finna má í íslenskum orðabókum og hafa vel þekkta skírskotun. Niðurstaðan verður oft einhver óskapnaður sem fáir skilja og getur valdið misskilningi við túlkun laga og framkvæmd þeirra. Þannig verður t.d. ekki séð að raunveruleg þörf sé á að skilgreina í lögum orðin "sjór" (= "Salt vatn utan árósa"), "vatn" (= "Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn") og "vatnsfall" (= "Rennandi vatn í afmörkuðum farvegi, þó að tíma- og staðbreytilegur sé, sem rennur undan þyngdaraflinu niður á við"). Það er gott að vatnið renni niður á við undan þyngdaraflinu, en ekki upp á við þótt farvegurinn sé tíma- og staðbreytilegur. Bætir þessi skilgreining einhverju við hefðbundna merkingu orðsins "vatnsfall"? Sama má segja um orðin "bakki" (= "Fast takmark á farvegi straumvatns eða legi stöðuvatns...") og "farvegur" (= "Vatnsleg sem vatnsfall rennur eftir..."). Náttúrufræðistofnun telur réttara að treysta á málvitund þjóðarinnar og íslenska orðabók en



illskiljanlegar skilgreiningar á orðum sem hafa mjög skýra merkingu í íslenskri tungu.

Einnig telur stofnunin óþarfa að skilgreina sérstaklega hugtök sem hafa viðurkennda merkingu í viðkomandi fræðigrein, svo sem hugtakið "vistkerfi" í náttúrufræðum, hvað þá að breyta skilgreiningunum og afbaka þær. Dæmi um slíka afbökun er að finna í skilgreiningu á hugtakinu "ferskvatnsvistkerfi" (= "Tiltekið svæði þar sem vatnadýr tengjast hvert öðru og umhverfi sínu á einn eða annan hátt"). Það er vandséð hverju þeir eru bættari með þessa skýringu sem með lögin vinna.

Mikilvægt er að gæta samræmis í skilgreiningum á hugtökum, en það virðist ekki vera gert í þessu frumvarpi (sama á reyndar við skilgreingarnar í systurfrumvörpum um fiskrækt, um eldi vatnafiska og um varnir gegn fisksjúkdómum). Sem dæmi má nefna að orðið "fiskur" tekur í frumvarpinu um fiskrækt til allra lagardýra sem lifa í sjó og vatni. Orðið "lagardýr" tekur þar til allra dýra með kalt blóð í sjó og fersku vatni. Í þessu frumvarpi um lax- og silungsveiði er "fiskur" hins vegar lax, silungur, áll eða "annar vatnafiskur ef ræktaður verður". Hvernig þessi skilgreining passar síðan við skilgreininguna á orðinu "sjávarfiskur" (tl 37) í sama frumvarpi er ansi óljóst. Náttúrufræðistofnun sér ekki þörfina fyrir því að skilgreina orðið "fiskur" með þessum hætti, hér dugir að tala um laxfiska, ál og aðra vatnafiska.

Mörg önnur dæmi mætti nefna um óljósar skilgreiningar í 3. gr. frumvarpsins, óþarfar skilgreiningar og ósamræmi á milli þeirra og við sambærilegar skilgreiningar í systurfrumvörpunum. Náttúrufræðistofnun telur að endurskoða þurfi 3. gr. frumvarpsins frá grunni, fækka skilgreiningum verulega og samræma þær. Jafnframt að samræma skilgreiningar í systurfrumvörpunum fjórum.

11. gr. *Ófriðun sels*

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir alvarlegar athugasemdir við þessa grein um ófriðun sels og telur að hún eigi að falla brott. Þessi fortakslausa heimild til að styggja sel og skjóta er í engu samræmi við nútímaleg sjónarmið í náttúruvernd og andstæð þeim alþjóðlegu samningum sem Ísland hefur undirgengist á sviði umhverfismála. Hafa ber í huga að selastofnar hér við land standa afar höllum fæti og hefur selum fækkað ár frá ári, sbr. bréf Náttúrufræðistofnunar til umhverfisráðuneytisins, dags 15. janúar 2004 (sjá fylgiskjal). Eins og ákvæðið er í 11. gr. frumvarpsins er heimilt að styggja og skjóta seli í nánast hverjum einasta ár- og lækjarósi landsins og jafnvel í óþökk landeigenda, ef veiðiréttareigendur ofar á vatnasviðinu vilja það. Þau sjónarmið sem fram koma í þessari grein frumvarpsins taka einungis mið af hugsanlegum árekstrum fiskveiðihlunninda og selahlunninda. Ríkir náttúruverndarhagsmunir eru hins vegar til þess að setja lög um vernd og friðun sela, en bæði land- og útselastofninn eru á hröðu undanhaldi.

Lagastaða sela hér við land er óviðunandi og er minnst á þá réttaróvissu í athugasemdum við þessa grein í frumvarpinu. Þegar villidýralögin (lög nr. 64/1994) voru sett stóð til að setja í þau heildstæð ákvæði um seli eins og um önnur spendýr og fugla, en þá kom upp ágreiningur á milli þriggja ráðuneyta um vistun sela í stjórnkerfinu, ráðuneyta landbúnaðar, sjávarútvegs og umhverfismála. Niðurstaðan varð að tillögu þáverandi umhverfisráðherra að fresta ákvörðun um sel "fram á haustið" og nota komandi sumar til að ná samkomulagi ráðuneyta um málið. Af þessu varð ekki og hefur selur því að vissu leyti verið umkomulaus í stjórnkerfinu um langt skeið ólíkt öðrum dýrum. Náttúrufræðistofnun mælist eindregið til þess að sett verði í lög heildstæð ákvæði um seli sem tryggi vernd þeirra með viðunandi hætti og að leyfðar nytjar verði sjálfbærar. Stofnunin telur að villidýralögin séu hinn rétti vettvangur fyrir slík ákvæði enda taka þau til fugla og spendýra.



33. gr. *Um heimild til mannvirkjagerðar í veiðivötnum*

Í þessari grein er fjallað um heimildir til mannvirkjagerðar í veiðivötnum og skulu slíkar framkvæmdir háðar samþykki Landbúnaðarstofnunar. Þar er mikilvægt ákvæði til bóta sem kveður á um heimild til að krefjast líffræðilegrar úttektar á veiðivatni áður en framkvæmdir eru leyfðar. Náttúrufræðistofnun leggur til að lögfest verði að Landbúnaðarstofnun þurfi að leita eftir áliti Veiðimálstofnunar og Umhverfistofnunar á umsóknum um framkvæmdaleyfi til að tryggja að sjónarmið náttúruverndar komi jafnt til álita og sjónarmið fiskverndar þegar ákvörðun er tekin um leyfi.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

Fylgiskjal: Bréf NÍ til umhverfisráðuneytisins dags. 15. janúar, 2004



Fylgislýðal 1

Umhverfisstofnun
Ingimar Sigurðsson
Vonarstræti 4
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. janúar 2004
2004010020/42-4
SB/hj

Upplýsingar um þær skuldbindingar sem Íslendingar hafa undirgengist varðandi verndun sela við landið ásamt álitni NÍ á því hvernig aðgerðir stjórnvalda til eyðingar selum falla að þeim skuldbindingum miðað við stöðu og þróun selastofnsins hér við land

Vísað er til bréfs umhverfisstofnunarinnar, dags. 8. júní, þar sem óskað er eftir upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands um þær skuldbindingar sem Íslendingar hafa undirgengist varðandi verndun sela við landið. Einnig er óskað eftir álitni stofnunarinnar á því hvernig aðgerðir stjórnvalda til eyðingar selum falla að þeim skuldbindingum sem þar er að finna miðað við stöðu og þróun selastofnsins hér við land.

Selastofnar við Ísland

Tvær selategundir, landselur *Phoca vitulina* og útselur *Halichoerus grypus*, kæpa hér við land.

Útselur

Útselur er talin með sjaldgæfari selategundum heimsins, en talið er að fjöldi dýra sé um 300.000. Tegundin greinist í þrjá aðskilda stofna: Vestur-Atlantshafsstofn, Austur-Atlantshafsstofn og Eystrasaltsstofn. Útselir við Ísland tilheyrast Austur-Atlantshafsstofni sem telur um 140.000 dýr, langflest þeirra eru við Bretlandseyjar. Vinnunefnd Norður-Atlantshafssjávarespændýraráðsins telur að útselum hafi fækkað við Atlantshaf á undanförunum áratugum. Samkvæmt skýrslu Hafrannsóknastofnunar, *Ástand nytjastofna 2003*, taldi útselsstofninn við Ísland árið 2002 um 5.500 dýr. Þetta eru heldur færri dýr en árið 1998 og um helmingi færri dýr en talin voru á níunda áratugnum og fyrri hluta tíunda áratugarins þegar stofninn var metinn vera um 10.000 – 12.000 dýr. Veiði á útsel hefur á sama tíma dregist saman úr um 2.500 dýrum (kópar og fullorðin dýr), seint á 9. áratugnum, í um 340 dýr árið 2002. Að mati Hafrannsóknastofnunar er líklegt að fallið í stofninum skýrist af því veiðilági sem verið hefur. Hafrannsóknastofnun telur þó líklegt að stofninn fari stækkandi á næstu árum ef veiði helst í um 500 dýrum á næstu árum. Um helmingur veiddra útsela undanfarna áratugi hafa verið fullorðin dýr sem skotin eru að tilstuðlan Hringormaneftdar í því skyni að fækka í stofninum. Greitt hefur verið fyrir sýni eða skotlaun veitt fyrir hvern veiddan fullvaxinn sel allt fram á þennan dag, að því best er vitað.

Landselur

Landselur er útbreiddasta selategund heimsins. Fjöldi dýra í heiminum er talinn vera um eða undir 500.000 dýr, en tegundin skiptist í fimm megin stofna. Austur-Atlantshafsstofninn telur um 60-70.000 dýr, flest við Bretlandseyjar. Samkvæmt skýrslu Hafrannsóknastofnunar, *Ástand nytjastofna 2003*, taldi landselsstofninn við Ísland árið 2002 um 15.000 dýr, sem er svipað og árið 1998. Landsel fækkaði hratt á árunum 1980 til um 1989 en stofninn hefur virðst stöðugur síðan. veiði á landsel hefur dregist saman úr um 2.500 dýrum um miðjan níunda áratuginn, þegar veidd voru jöfnum höndum fullorðin dýr og kópar, í um 170 dýr árið 2002. Frá 1994 hafa nánast einvörðungu kópar verið veiddir. Veiðipól stofnsins er óþekkt.

Skuldbindingar varðandi verndun sela

Innlend löggjöf

Selir njóta ekki almennrar verndar að íslenskum lögum þar sem ákvæði villidýralaga nr. 64/1994 (2.gr.) ná ekki til sela eða hvala. Grunnlög um selveiðar eru enn *Tilskipun um veiði* frá 1849 með breytingum (1990) sem leggja bann við skotveiðum á landsel eða útsel á fjörðum eða víkum, þar sem látur eru eða lagnir, nær en hálfra sjómílu frá þeim. Selir á Breiðafirði eru verndaðir gegn skotveiði með sérlögum um selaskot á Breiðafirði og uppidráp nr. 30/1925. Lög nr. 29/1935 kveða hins vegar á um útrýmingu sela úr Húnaósi.

Alþjóðasamningar

Bæði landselur og útselur eru á 3. viðauka Bernarsamningsins um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (1997), sem Ísland fullgilti árið 1993. Í 7. grein þess samnings segir:

- "1. Sérhver samningsaðili skal gera viðeigandi og nauðsynlegar lagalegar og stjórnarfarslegar ráðstafanir til að tryggja verndun villtra dýrategunda sem tilgreindar eru í viðauka III.
2. Hafa skal stjórn á allri nýtingu villtra dýra sem tilgreind eru í viðauka III svo að stofnum þeirra sé eigi hættu búin, með tilliti til ákvæða 2. gr.
3. Meðal annars skal gera eftirfarandi ráðstafanir:
 - a - viðhafa tímabundið veiðibann og aðrar aðgerðir sem hafa stjórn á nýtingunni,
 - b - banna nýtingu um ákveðinn tíma eða á ákveðnum svæðum, eftir því sem við á, til að koma stofnum í viðunandi horf,
 - c - hafa, eftir því sem við á, stjórn á sölu, geymslu vegna sölu, flutningi vegna sölu og framboði lifandi og dauðra villtra dýra."

Báðar tegundirnar eru í 2. og 5. viðauka við búsvæðatilskipun ESB (92/43/EEC), sem leggur kvaðir á ESB aðildarríki að tryggja verndun búsvæða þessara tegunda. Báðar tegundir eru og nefndar í ályktun Bernarsamningsins nr. 6 (1998) um tegundir sem þarfnast sérstakrar búsvæðaverndar. Aðildarlöndum ber að taka tillit til þessara tegunda við stofnun Emeraldsvæða, en skýringarákvæði fylgir sem undanskilur ríki, þar sem tegundin er algeng, frá þessu ákvæði og ekki ástæða til sérstakra friðunaraðgerða vegna þess. Tegundirnar eru ekki á viðaukum CITES eða á listum IUCN yfir tegundir í útrýmingarhættu á heimsvísu, fyrir utan Eystrasaltsstofn útsels sem er skilgreindur sem stofn í hættu (Endangered) af IUCN.

Ísland er einnig aðili að Ríó samningnum um líffræðilega fjölbreytni (1992), en í 8. grein segir:

- "Each Contracting Party shall, as far as possible and as appropriate:
- (c) Regulate or manage biological resources important for the conservation of biological diversity whether within or outside protected areas, with a view to ensuring their conservation and sustainable use;

(d) Promote the protection of ecosystems, natural habitats and the maintenance of viable populations of species in natural surroundings;"

Álit og tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands

Selir eru órjúfanlegur hluti af íslenskri náttúru og mikilvægur hlekkur í vistkerfi sjávar og stranda. Brotakenndar upplýsingar benda til að stofnar sela hafi hrunið hér við land á undanförunum áratugum vegna gagngerðra fækkunaraðgerða á fullorðnum sel samfara kópaveiði. Þetta á einkum við um útselsstofninn, sem varlega áætlað hefur minnkað um helming á síðustu tíu til fimmtán árum. Útselur á því tvímælalaust heima á válista og hugsanlega á það sama við um landsel, en válisti yfir íslensk spendýr hefur enn ekki verið gerður.

Meint tjón af völdum sela, svo sem skemmdir á veiðarfærum, afrán á laxfiskum og sjávarfiskum og hringormasmit var helsta ástæðan fyrir því að ráðist var í aðgerðir til eyðingar selum árið 1982. Þessar aðgerðir ásamt stofnmati á selum hafa verið í höndum sérstakrar nefndar, Hringormanefndar, sem haldið er uppi af hagsmunaaðilum að því er virðist, án skýrrar tengingar við stjórnsýslu landsins. Náttúrufræðistofnun Íslands er ekki kunnugt um að gerð hafi verið heildstæð úttekt á áhrifum þessara aðgerða eða mat á því hvort slíkar aðgerðir eigi rétt á sér.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur eftirfarandi atriði óviðunandi og í andstöðu við alþjóðlegar skuldbindingar Bernarsamningsins og almenn ákvæði annarra alþjóðlegra náttúruverndarsamninga sem Ísland er aðili að: (1) aðgerðir til eyðingar selum séu í höndum einkaaðila, (2) að engin heildarlöggjöf nái yfir veiðar og verndun sela hér við land og að (3) engin ríkisstofnun(anir) komi að rannsóknum, stofnmati eða stjórnun selaveiða hér við land.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggur því til að stjórnvöld gripi þegar til eftirfarandi ráðstafana:

- Setji ákvæði um veiðar og verndun sela inn í villidýralög nr. 64/1994 eða setji sérstaka löggjöf um veiðar og verndun sela hér við land.
- Kalli eftir greinargerð um störf Hringormanefndar og árangur fækkunaraðgerða á sel.
- Leggi niður Hringormanefnd og hætti að veita skotlaun eða greiða fyrir sýni úr fullorðnum útsel.
- Feli Hafrannsóknastofnun og/eða Náttúrufræðistofnun Íslands rannsóknir og stofnmat á selum hér við land og Umhverfisstofnun eftirlit með veiðum.
- Fjármagni með einhverjum hætti viðtæka úttekt á ástandi selastofna hér við land og á stofnbreytingum síðustu áratuga.

Virðingarfyllt

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

Reykjavík, 18.04.2006.

**Landbúnaðarnefnd Alþingis,
b.t. fr. Drífu Hjartardóttur nefndarform.,
Nefndarsviði Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík.**

Umsögn um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði (mál nr. 607) og fylgifrúmvörp frá Orra Vigfússyni, formanni Norður-Atlantshafslaxasjóðsins sem situr jafnframt í stjórnnum stangveiðifélaga og vatnaverndarsamtaka í nokkrum löndum.

EFNISYFIRLIT.

Inngangur

Almennt

Veiðifélög

Arðskrár

Fiskræktarsjóður

Veiðimálastofnun

Niðurlag

INNGANGUR.

Atlantshafslaxinn (*Salmo salar*) á í vök að verjast og hefur mjög gengið á stofna hans víðast hvar, m.a. vegna þess að svo margir og ólíkir hagsmunahópar í mörgum löndum hafa ótvíræðan nýtingarrétt á honum. Fyrir nokkrum árum tókst Norður-Atlantshafslaxasjóðnum (NASF) að gera viðskiptasamninga (commercial conservation agreements) við þau þjóðlönd þar sem búsvæðin eru mest og lífmassinn verður einkum til. Þetta hefur valdið byltingu í laxagöngum til þeirra landsvæða sem samningarnir ná yfir og má benda á að árið 2005 er það gjöfúlasta á Íslandi frá því skrásetningu laxveiða hófust.

NASF hefur það meginmarkmið að vernda og tryggja sjálfbærni villta laxins í Atlantshafi. Hugmyndafræði NASF byggir á að stjórnunaraðgerðir vinni með lífríkinu, sjónarmiðum varúðar og arðsemi, þar sem lífsgæði eru að fullu metin, ekki síður en fjárhagslegur ávinningur. NASF hefur á þessum tíma komið nálægt mótun stefnu í stjórnun laxveiða á Bretlandseyjum, Írlandi, Frakklandi, Þýskalandi, Spáni, á Norðurlöndunum og í N.- Ameríku.

Í 1. grein frumvarpsins að lögum um lax- og silungsveiði eru markmið frumvarpsins sögð “að kveða á um eignarhald veiðiréttar í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskistofna í ferskvatni og verndun þeirra.” Í greinargerð um skylduáðild að veiðifélögum er og ennfremur sagt að “með frumvarpi þessu er ætlunin að auka enn frekar en nú er réttaröryggi einstakra félagsmanna í veiðifélögum.”

Til að ná þessum markmiðum teljum við nauðsynlegt að gera á frumvarpinu og skyldum frumvörpum nokkrar veigamiklar breytingar og jafnframt eyða allri óvissu um stjórnun, rekstrarumhverfi og ákvarðanatöku m.a. í veiðifélögum.

ALMENNT um lax-og silungsveiðafrumvarpið.

Það sjónarmið hefur verið uppi að tilgangur með endurskoðun laganna sé ekki að takmarka frekar en orðið er eignarétt landeigenda og þar með veiði- og nýtingarrétt þeirra en er gert í gildandi lögum. Frekari takmarkanir eru því í andstöðu við tilganginn og ekkert sérstakt tilefni er til frekari takmarkana á eignarráðum og þar með nýtingarrétti jarða.

Það er áhyggjuefni að Landbúnaðarstofnun er fengið vald til að meta frekari takmarkanir á veiðirétti og vaknar sú spurning hvernig stofnunin kunni að beita þessum valdheimildum. Þegar stofnun er gert heimilt að setja reglur sem byggja á huglægu mati er nauðsynlegt að setja skýrar málsmeðferðarreglur til að tryggja að allir sitji við sama borð varðandi stjórnun og takmörkun á nýtingu auðlindarinnar. Jafnframt er áhyggjuefni sú tilhneiging sem víða kemur fram í frumvarpinu að heimila ráðherra að setja nánari reglur er varða ýmis ákvæði laganna.

Takmörkun á nýtingarrétti varðar eignarétt manna og skyldu menn gaumgæfa möguleika og réttmæti þess að framselja rétt til slíkra breytinga til framkvæmdavaldsins, þ.á.m. lægri stjórnarsýslustiga. Einkum á þetta við um starfssemi veiðifélaga. Á það ber að líta að atvinnuumhverfið um þessa auðlind er einhver öflugasta grein landbúnaðar á Íslandi vegna þess að henni er stjórnað af eigendum sjálfum. Eigendur hafa verið stöðugt á varðbergi varðandi verndun auðlindarinnar og ábyrgð sína hafa þeir sýnt með framsækinni hugsun. Hornsteinar atvinnugreinarinnar eru ábyrgt og stöðugt stjórnskipulag á fyrirkomulagi veiða, öflugt innra eftirlit, skýr verndunarmarkmið, skynsamleg markaðssetning, frjálsir samningar og lágmarks íhlutun stjórnvalda.

Í III. kafla athugasemda með frumvarpinu er ítarlega fjallað um skylduaðild landeigenda að veiðifélögum. Nokkur óvissa hefur verið um þessa skylduaðild og heimildir veiðifélaga til að ákvarða starfsemina. Vísað er til frumvarps til stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995 þar sem tekið er sem dæmi skylduaðild að veiðifélögum er varða takmarkanir á rétti manna til að standa utan hagsmunafélaga. Í löngu máli er reifuð nauðsyn þess að beygja einstaka réttthafa lands undir hagsmuni heildarinnar varðandi samnýtingu auðlindarinnar og mjög vísað í dóma Mannréttindadómstóls Evrópuráðsins. Hér er gengið lengra í þá veru að ákvarða skylduaðildina og þau valdboð sem veiðifélögum eru fengin.

Í lagasmíð sem þessari hefði verið nauðsynlegt að fara fræðilega í það hvernig þessi lögskipaða skylduaðild gæti takmarkað eignarétt manna varðandi sjálfstæða nýtingu á auðlind sinni. Gert er ráð fyrir að landeigandi verði að sæta skerðingu á nýtingarrétti án þess að rétti hans til eigin nýtingar séu gerð sjálfstæð skil frá eignarréttarlegu sjónarmiði. Í þessu sambandi verður að minna á þá grundvallarreglu varðandi skerðingu á eignarrétti og þar með nýtingarrétti að ekki skuli gengið lengra en meðalhóf leyfir og að ekki er sjálfgefið að menn þurfi að þola upptöku réttinda sinna ef einungis komi bætur fyrir og ekkert tillit tekið til lífsgæða og sjálfstæðs réttar manna til að njóta eigin landgæða.

Meginreglan að eignarétti er hins vegar að almenningsþörf krefji ef koma á til upptöku réttinda eða takmarkana á þeim. Er ólíku saman að jafna að menn þurfi að þola samnýtingu réttinda sinna, jafnvel með örfáum, einungis á grundvelli þess að þeim sé skylt að vera saman í veiðifélagi. Grunnreglan að skylduaðildinni hlýtur alltaf að einskorðast á verndun og sjálfbærni auðlindarinnar og því að einstakir jarðeigendur geti ekki nýtt hana með þeim hætti að það takmarki nýtingarmöguleika annarra á veiðirétti sínum. Eignarrétturinn og

nýtingarrétturinn sem tengist honum er síðan sjálfstætt mál sem nýtur verndar burt séð frá skylduaðildinni að veiðifélagi. Er það víðs fjarri almannahagsmunum.

Varðandi bótarétt hafa höfundar frumvarpsins komist að þeirri niðurstöðu að til þess að bætur fáiast fyrir þær takmarkanir á eignarráðum og nýtingarrétti sem frumvarpið kann að hafa í för með sér, sé ekki einungis þörf á að sá sem fyrir skerðingunni verður sýni fram á tjón sitt, s.s. almennar skaðabótaþinglur kveða á um, heldur þurfi hann einnig "að sjálfsgöðu" (eins og komist er að orði) að sýna fram á að fyrir liggja að takmörkunin á eignarráðum hans leiði til aukningar á veiði í nærliggjandi vötnum eða aukins verðmætis hennar með öðrum hætti. Hér er farið langt út fyrir grundvallarþinglur almenns skaðabótaréttar sem líta aðeins til tjóns viðkomandi tjónþola en ekki að fylgni sé við ábata annarra af aðgerðinni.

Þokkaleg sátt hefur verið meðal landeigenda um skipan mála þrátt fyrir verulegar takmarkanir á fornum eignarráðum. Festa hefur komist á varðandi nýtingu landeigenda á hlunnindum sínum, hvort sem hefur verið að ræða stangaveiði eða netaveiði. Samningar hafa verið gerðir milli veiðifélaga og netabænda um upptöku neta á ákveðnum svæðum til lengri eða skemmri tíma. Sýnir það vel að íhlutunar ríkisvaldsins er ekki þörf og er það af hinu góða að rétthafar geti ráðstafað hlunnindum sínum með frjálsum samningum án atbeina löggjafans eða stjórnvaldsfyrirmæla.

NASF hefur beitt sér fyrir uppkaupum laxaneta á svæðum víðs vegar við Atlantshaf. Margir samningar hafa verið gerðir en þess ætíð gætt að eignaréttur sé virtur í hvívetna og menn komi óþvingaðir að samningaborði. NASF hefur ætíð lagt áherslu á að lax sé einungis veiddur úr sjálfbærum fiskistofnum og unnið að markvissum aðgerðum í þá átt. Hér er gott dæmi um að hagsmunaaðilar ráða ráðum sínum sjálfir um nýtingu auðlinda sinna en leiti ekki alltaf til löggjafans eða stofnana á vegum framkvæmdavaldsins um úrræði.

Hér á landi hefur verið þokkaleg sátt meðal landeigenda um nýtingu stangveiðiréttinda, ýmist með útleigu þeirra beint eða fyrir atbeina veiðifélaga. Má segja að föst venja hafi komist á víðast hvar í þessum efnunum.

Efast er um að það fái staðist að Landbúnaðarstofnun verði fengið það vald sem boðað er í frumvarpinu. Verði það hins vegar gert þá verður að setja skýrar þinglur um málsmeðferð og ákvarðanir stofnunarinnar og um verði að ræða virk og raunhæf bótaúrræði þegar kemur til skerðingar á svo viðamiklum rétti sem eignaréttur manna er. Gegnir furðu að þessa skuli ekki hafa verið gætt. Á hinn bóginn gerir frumvarpið ráð fyrir að veiðifélög hafi skýrar málsmeðferðarþinglur í samþykktum sínum en vandséð er að raunhæft sé og friðvænlegt að ætla nágrönnunum að takast á um eignarrétt sinn og hlunnindi jarða á grundvelli heimagerðra samþykktu.

Með lagafrumvarpinu eru tekin af öll tvímæli um hvernig atkvæðisrétti skal hagað í veiðifélögum með tilliti til lögbýla sem við lýði voru 1976 við gildistöku eldri jarðalaga. Ótvírætt er nú að eitt atkvæði skuli fylgja hverju lögbýli án tillits til hvað menn kunna að eiga eða sitja margar jarðir. Jafnframt er mælt fyrir um að miðað skuli við rétt manna samkvæmt arðskrá þegar ákvarðanir eru teknar um ráðstafanir sem fara hvað kostnað snertir fram úr tilteknum hundraðshluta af tekjum.

Hér hefði verið rétt að taka á því með málefnalegum hætti að hvaða leyti einfaldur meirihluti skv. arðskrá geti bundið minnihlutann varðandi framkvæmdir sem veiðifélag hyggst ráðast í og er þá aðallega átt við byggingu veiðihúsa sem nú þegar hafa íþyngt mörgum

landeigendum, svo og verulegar breytingar á fiskvegi, stórsleppingar á seiðum svo önnur dæmi séu tekin. Þar sem veiðifélögum er gert að hafa með sér skýrar málsmeðferðarreglur væri ekki úr vegi að taka á því hvernig meirihluti getur þvingað fram samþykkt á félagsfundi sem gæti tekið arð frá einstökum landeigendum til langs tíma, jafnvel til áratuga. Dæmi má nefna sextugan bónda sem gæti orðið fyrir því að ákvörðun um byggingu veiðihúss af dýrustu gerð svipti hann meginhluta ráðstöfunartekna á efri árum. Gæta verður að minnihlutavernd og setja reglur um að meðalhófs skuli gætt. Kostnaður við uppbyggingu veiðihúsa og búnaðar þeim tengdur hefur víða farið úr böndum og einfaldur meirihluti félagsmanna ætíð ráðið.

Benda má á dæmi um minnihlutavernd í lögum um fjöleignarhús þar sem krafist er aukins meirihluta hvort heldur sem er varðandi eignarhlutdeild eða fjölda atkvæða þegar ráðast skal í framkvæmdir sem hafa vernlegan kostnað í för með sér.

Varðandi skerðingu á rétti sjávarjarða og bótaréttinn vísast til umsagnar Jörundar Gaukssonar hdl. og lax-og silungsveiðafrumvarpið frá 18.september 2005.

UM VEIÐIFÉLÖG

Tillaga að nýjum texta d. liðs 1. mgr. og 2. mgr. 37. greinar frumvarpsins til lax- og silungsveiðilaga:

Í frumvarpi til laga um lax- og silungsveiði er í III. kafla fjallað ítarlega um skylduaðild landeigenda að veiðifélögum. Til að skylda menn til þess að vera í félagi verða veigamikil rök að standa þar að baki, þ.e.a.s. lagaskylda, nauðsyn vegna sameiginlegra hagsmuna svo og að almannahagsmunir krefjist þess.

Í 37. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um starfsvettvang veiðifélags og félagsaðild. Sérstaka athygli vekur d-liður 1. mgr. greinarinnar en þar er veiðifélögum gefin heimild til þess að ráðstafa rétti til stangveiði í fiskihverfi í heild eða að hluta með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi, en þó þannig að gætt sé markmiða laganna um sjálfbæra nýtingu. Telja verður að þessi heimild laganna gangi fulllangt, eins og mælt er fyrir um framkvæmd hennar, og er hvorki séð að hún standist eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar né 11. grein Mannréttindasáttmála Evrópu. Rökin eru þau að veiðifélag ætti ekki að geta tekið ákvarðanir gegn vilja landeiganda/veiðiréttarhafa sem fela í sér meiri og víðtækri takmarkanir á ráðstöfunar- og umráðarétti hans yfir veiðiréttinum en nauðsynlegar eru til þess að markmið laganna skv. 1. gr. frumvarpsins náist.

Skylduaðild verður ávallt að þjóna lögmæltu markmiði. Ekki verður séð að markmið laganna náist ekki ef landeigandi ráðstafar veiðiréttindum sínum sjálfur eins og hann kys t.d. veiðir sjálfur, ákveður að friða veiði fyrir sínu landi í einhvern tiltekinn tíma, leigir sjálfur veiðiréttinn, þó þannig að tekið sé tilliti til þeirra reglna sem veiðifélag hefur sett fyrir nýtingu viðkomandi vatnasvæðis. Veiðifélag ætti því hvorki að hafa heimild til að ráðstafa rétti til stangveiði, né veðsetja arðinn af veiðiréttinum án samþykkis veiðiréttarhafa. Reglur um málsmeðferð sem gera ráð fyrir einföldu meirihlutasamþykki vegna leigu á veiðirétti ganga því langt. Í frumvarpinu lögunum er ekki tekið nægilegt tillit til þeirra eigenda sem myndu vilja fara sér t.d. hægar í framkvæmdum þannig að sanngjörn og eðlileg niðurstaða myndi fást.

Ákvarðanir veiðifélags hafa almennt beinni og meira afgerandi þýðingu fyrir hvern einstakan félagsmann, en gerist í öðrum félögum, þar sem félagsmenn eru ekki í veiðifélagi af frjálsum

og fúsum vilja. Félagsmaður getur ekki sagt sig úr félaginu sé hann ósammála einföldum meirihluta og því verður að fara sérstaklega varlega.

Vilji félagsmenn leigja út veiðiréttinn sameiginlega gegnum veiðifélagið er ekkert sem mælið móti þeirri skipan.

Breyta þyrfti því d.- lið greinarinnar.

Tillaga:

„d. Að ráðstafa rétti til stangveiði í fiskihverfi í heild eða að hluta að **undangengnu samþykki þeirra félagsmanna sem í hlut eiga**, með hagsmuni þeirra að leiðarljósi, en þó þannig að gætt sé markmiða laganna um sjálfbæra nýtingu.”

Ath. þá gæti einnig þurft að breyta orðalagi 2. mgr. greinarinnar þar sem talað er um atkvæðisréttinn,

„Félagsmenn veiðifélags eru allir þeir sem skráðir eru veiðiréttarhafar á félagssvæðinu skv. 12. gr., en um atkvæðisrétt þeirra fer skv. 40. gr. **þó sérreglu sem fram kemur í d. lið 1.mgr.**“

NÁGRANNALÖNDIN:

Fróðlegt er að horfa til nágrannaþjóða í sambandi við hvaða verkefni veiðifélög mega sinna og hvaða kostnað þau mega gjaldfæra á meðlimi sína. Af því sem best verður séð takmarkast starfsumhverfi veiðifélaga í Noregi við stjórnun, verndun og ræktun lífríkis viðkomandi vatnasvæðis. Að neðan er á ensku úrdráttur úr lögum þeim sem gilda í Skotlandi: Eins og sjá má eru þau verkefni einskorðuð við verndun og auðgun laxastofna.

“Section 45 (1) of the Salmon and Freshwater Fisheries etc, (Scotland) Act 2003

The Association of District Fisheries Boards may do such acts, execute such works and incur such expenses as may appear to them expedient for:

- a) the protection or improvement of the fisheries within their district.**
- b) The increase of salmon, or**
- c) The stocking of the waters of the district with salmon”**

ARÐSKRÁR Í VEIÐIFÉLÖGUM.

Tillaga er gerð um breytingu á 2. mgr. 41. greinar frumvarpsins.

Í athugasemdum með 41. grein frumvarpsins varðandi hvernig staðið skuli að arðskrá gæti fullmikillar áherslu á vægi “uppáa” og þveráa á kostnað fornra réttinda til netaveiði í neðri hluta áa og á ósasvæðum þeirra. Hér er löggjafinn að freistast til að túlka ákvæði sem hann segir á hinn bóginn að eigi að vera á hendi matsmanna. “Ný sjónarmið” svo notað sé orðalag í athugasemdum með 41. grein geta ekki og mega ekki ryðja burt fornur rétti eða rýra hann

stórlega. Þótt telja verði með réttu að ekki megi binda hendur matsmanna í “stóru og smáu” mega nýlegar áherslur þeirra í mötum ekki verða stefnumarkandi varðandi vægi einstakra matsþátta. Hér verður löggjafinn að marka ákveðnari viðmiðunarmörk en frumvarpið gerir ráð fyrir því hér er verið að fást við svo mikil grundvallarréttindi manna sem eignarrétturinn er.

Forna veiði í neðri hluta áa, neðan fossa sem gerðir hafa verið laxgengir og í ósasvæðum áa, ber því ekki að meta og bæta í eitt skipti fyrir öll heldur ber að setja þau með eðlilegum hætti inn í arðskrá. Það gengur ekki að meta þau eftir aflatölum, þau hafa oft á tíðum ekki verið nýtt nema að litlu leyti sjálfsagt oft af tillitssemi við nágranna og er ástæðulaust að láta landeigendur gjalda fyrir það. Það er veiðistofninn sem myndar þau verðmæti sem til skipta eru og því skal taka tillit til framlags þeirra veiðiaðferða sem aflagðar eru (s.s. netaveiði eða veiði á maðk o.s.frv.) í vatninu til verðmætamyndunar í þágu heildarinnar. Til eru dæmi um að landeigendur hafa að tillitssemi við nágranna sem land eiga að uppám heimilað gerð laxastiga í landi sínu og galdið þess síðan í sívaxandi mæli með rýrmandi hlutdeild í arðskrá. Frumvarpið setur nánast engin fagleg viðmiðunarmörk er varða matsatriði. Efnisatriði sem ber að taka tillit til eru of rýr. Lífríkið í heild sinni, þar með talda þverár, uppár og stöðuvötn og tjarnir á heiðum uppi skapar tilvist vatnafiska og verðmæti hlunninda m.a. vatnagróður og smádyralíf auk nauðsynlegra efna- og eðlisþátta. Breytingar á nýtingu kalla á að ekki má hætta að taka tillit til sögulegra nýtingarréttinda sem leitt hafa af sér friðun á ósasvæðum, leigusamninga við netamenn og breyttar stangveiðiaðferðir, svo nokkuð sé nefnt.

Þegar fram líða stundir vilja gömul réttindi stundum gleymast. Í 15.gr. frumvarpsins um laxveiðar í sjó segir m.a. “Á tímabilinu 1.apríl til 1. október ár hvert má ekki leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns, sem fiskur gengur í eða hafbeitarstövar en 2.000 metra.” Mikilvægt er að ekki gleymist að taka tillit til þessa við gerð arðskrár.

Tillaga:

2. mgr. 41. greinar frumvarps að lax- og silungsveiðilögum hljóði svo:

Við niðurförniun veiði eða úthlutun arðs af henni skal einkum taka tillit til:

- a. Sögulegrar hefðar við netaveiða og stangveiði á hverjum stað auk afla- og veiðitalna seinustu ára sem slík veiði var stunduð.
- b. Landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns auk réttar á ósasvæði og sjávarströnd.
- c. Lífríkisþátta, s.s. efna- og eðlisþátta þ.m.t. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks.
- d. Umhverfis- og verndaratriða þ.m.t. varúðarreglur og breyttar veiðireglur, agn og fl. og breytta aðstöðu landeigenda til veiðisóknar.

FISKRÆKTARSJÓÐUR.

Ekki verður hjá því komist að fjalla um málefni Fiskræktarsjóðs í sambandi við frumvörpin.

Eðlilegt er að starfrækja sjóð til að vernda og auðga villta laxa- og silungastofna. Núverandi lög eru afar ófullkominn. Setja þarf sjóðnum skýr markmið og starfsgrundvöll. Lagt er til að sjóðnum verði falið að einkorða sig við samfélagsleg verkefni sem skila vatnasvæðum beinum og ótvíræðum árangri. Lagt er til að sjóðurinn verði eingöngu fyrir villta lax- og silungastofna en að fiskeldið stofni sinn eigin sérsjóð. Á seinasta áratug hefur ríkissjóður veitt verulegum fjármunum til styrktar fiskeldi og nú má huga að því að villtir stofnar njóti sambærilegrar fyrirgreiðslu.

Lagt er til að veiðiréttareigendur eða veiðifélög greiði í Fiskræktarsjóð eins og verið hefur en að teknir verði upp samningar við orkugeirann um framlag hans. Til þessa hefur sanngirni þess framlags verið óskilgreint og greiðendur ekki haft neitt með að segja til hvaða verkefna fjármunir hafa farið. Telja má réttmætt að framlag vatnsaflsstöðva fari fyrst og fremst til að verjast truflandi áreiti á viðkomandi vatnasvæði. T.d. Sogsvirkjanir styrki Sogið, Laxárvirkjun Laxá í Aðaldal o.s.frv. Jafnframt er eðlilegt að þeir sem greiða í sjóðinn hafi aðild að stjórn hans.

Þá má skjóta því hér inn að starfsleyfi allra vatnsaflsvirkjana í bergvatni ættu að vera tímabundin og að skila beri náttúrunni ótvírætt í sem næst upprunalegu horfi eftir að slík mannvirki úreltast. Er nærtækt dæmi í höfuðborg landsins um að vatnsaflsstöð sem löngu er hætt að bæta líf skjör borgarbúa en heldur áfram að valda verulegri röskun á lífríki árinna.

VEIÐIMÁLASTOFNUN.

Í frumvarpinu um Veiðimálastofnun virðist alveg hafa láðst að marka stofnuninni stefnu. Grunnhlutverk stofnunarinnar hefur verið að safna gögnum og annast þau um íslenskar veiðiár og gera á þeim líffæðilegar úttektir, m.a. með árlegum seiðamælingum. Óeðlilegt væri að stjórnsýsluleg staða hennar væri einskorðuð við samstarf og samvinnu við menntastofnanir landbúnaðarins. Líffræðirannsóknir eru nú stundaðar af mörgum náttúrufræðistofnunum og einstaklingsfyrirtækjum og er nauðsynlegt að marka umhverfi Veiðimálastofnunar með það í huga, t.d. með aðkomu hagsmunaaðila sem tækju jafnframt á sig samsvarandi fjárhags ábyrgð. Jafnframt þarf að huga að vernd heilbrigðrar samkeppni.


Mörg verkefni framtíðarinnar eru alþjóðleg og því nauðsynlegt að skapa Veiðimálastofnun nauðsynlega og metnaðarfulla aðstöðu til vísindarannsókna.

NIÐURLAG.

Framkomnum frumvörpum er í ýmsu áfátt varðandi réttláta skiptingu á þeim auðlindum sem frumvörpin taka til. Þessi atvinnugrein byggist ekki síst á samheldni og hógværð í nýtingu. Það væri óheppilegt ef veiðifélög breyttust í fjármálaöfl þar sem peningar og einfaldur meirihluti hefðu alræðisvöld. Greinin byggir og á öflugum sjálfböðastarfi stangaveiðimanna sem njóta auðlindarinnar og eru samt tilbúnir að greiða fyrir það til að koma í veg fyrir að hún verði fyrir skakkaföllum.

Í nágrannalöndunum t.d. í Noregi (þaðan sem upprunaleg laxveiðilög okkar eru sprottin) og Skotlandi eru miklu skýrari reglur og meiri virðing fyrir eignar- og nýtingarrétti landeigenda en er hér á Íslandi. Nú er lag að bæta starfsumhverfið á Íslandi og gera það jafnframt einfaldara og skýrara þannig að það hvetji hagsmunaaðila til samstarfs og tillitsemi við auðlindina og hver við annan.

Virðingarfyllst,




Orri Vigfússon
Grænuhlíð 11
105 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/2024
komudagur 28.4.2006


UMBOD.

Undirritaðir stjórnarmenn í Stangaveiðifélagi Ísafirðinga veitum hér með Aroni Jóhannssyni kennitala 700273-6059, fullt umboð til að koma á framsæri við landbúnaðarnefnd Alþingis, athugasemdum félagsins vegna hugsanlegra breytinga á lögum um lax- og silungsveiði, sem lagt verður fram á Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005-2006.

Ísafirði, 28. apríl 2006.



Sverrir Hestnes, formaður.
Kt. 010241-4489



Þorleifur Pálsson, gjaldkeri.
Kt. 260545-3299.

Breytingartillögur Stangaveiðifélags Ísafjarðar á 40. grein.

1. Atkvæðagreiðslur innan veiðifélaga á ráðstöfun veiðiréttar verða felldar niður og ráðstöfunarrétturinn færður í hendur jarðareiganda. Aðra þætti innan veiðifélaga skal bera undir atkvæðagreiðslu félagsmanna sbr. 40. grein, 7. málsgrein.
2. Breyting á 40. grein: Á félagssvæði veiðifélags ákveði eigandi jarðar hvernig hann ráðstafar veiðirétti sínum. Ráðstöfun veiðiréttar getur þýtt a) framsal veiðiréttar til leigutaka í gegnum veiðifélag, b) bein sala veiðiréttar (veiðileyfa) eða c) nýting veiðiréttar til eigin nota.
3. Mismunandi valkostir jarðareiganda á ráðstöfun veiðiréttar undanskilur hann ekki frá skylduáðild að veiðifélagi.
4. Jarðareigandi sem nýtir veiðirétt til eigin nota eða selur veiðirétt í beinni sölu til veiðimanna fær útteilt veiðidögum í samræmi við eignarhlut jarðar sinnar (arðskrá). Þar sem við á getur hann nýtt eða selt veiðirétt sinn fyrir eigin jörð (vatnsmiklar ár).
5. Jarðareigandi sem nýtir veiðirétt til eigin nota eða selur veiðirétt í beinni sölu til veiðimanna fyrirgerir rétti sínum til arðgreiðslu frá veiðifélagi. Aðeins sá jarðareigandi sem framselur veiðiréttindi í gegnum veiðifélagið til leigutaka getur þegið arðgreiðslur frá veiðifélagi samkvæmt arðskrá.
6. Breyting verði á 42. grein: Kostnað af starfsemi veiðifélags skulu allir félagsmenn greiða í því hlutfalli sem þeir taka arð, óháð því hvernig þeir ráðstafa veiðiréttindum jarða sinna.

Hvernig virkar þetta í “praxis” fyrir SVFÍ og aðra landeigendur í Langadalsá

SVFÍ ákveður að ráðstafa veiðirétti sínum og selja veiðileyfi til sinna félagsmanna. SVFÍ á rúmlega 30% af Langadalsánni og fengi úthlutað 30% af stangardögum hvert veiðisumar í sinn hlut, t.d. 1 holl í júní, 3 í júlí, 3 í ágúst og 2 í september. Aðrir jarðareigendur (70%) ákveða að framselja veiðirétt sinn til leigutaka í gegnum veiðifélagið. Leigutaki fengi í sinn hlut 70% veiðidaga á móti SVFÍ.

SVFÍ yrði áfram í veiðifélagi Langadalsár og myndi greiða kostnað af starfsemi veiðifélagsins í því hlutfalli sem það tekur arð (30%), sbr. 42. grein. Jafnframt myndi SVFÍ fyrirgera rétti sínum til arðgreiðslu frá veiðifélagi, þar sem það aflar tekna með beinni sölu veiðileyfa til félagsmanna. Aðrir landeigendur myndu fá arðgreiðslur frá veiðifélagi samkvæmt arðskrá.

SVFÍ myndi hlíta samþykktum veiðifélagsins eins og áður, t.d. varðandi tilhögun á veiðistjórnun og veiðiaðferðum í Langadalsánni.

Af hverju þessar breytingar?

1. Atkvæðagreiðslur innan veiðifélaga þar sem eitt atkvæði fylgir hverri jörð eru ósanngjarnar fyrir alla jarðareigendur því þær taka af honum stjórnarskrárvarinn eignarétt og hindrar veiðiréttareigendur til að hámarka arð jarða sinna, sbr. SVFÍ.
2. Með því að færa ákvörðunarrétt jarðareiganda í þeirra eigin hendur gæti SVFÍ boðið félagsmönnum sínum veiðileyfi á hagstæðara verði (32.þús. v. 50. þús.) en hjá núverandi leigutaka en jafnframt aukið tekjur sínar um 1.000.000 krónur á ári miðað við núverandi arðgreiðslur frá veiðifélagi.
3. SVFÍ skuldar 3-4 milljónir vegna kaupa á jörðinni Fremri-Bakka. SVFÍ tapar 5 milljónum króna, á núverandi 5 ára bindandi leigutímabili, sem félagið gæti notað til uppgreiðslu lána vegna Fremri-Bakka.
4. Flestar veiðiár á Íslandi eru vatnslitlar, samanborið t.d. við Noreg. Skynsamlegast að jarðareigandi fá hlutfall af veiðidögum í sinn hlut í stað þess að selja fyrir eigin landi. Í stórum veiðíanum, sbr. Sogið, Ölfusá, Hvítá og Blöndu væri hægt að hafa heimild til að selja veiðirétt frá landi jarðeiganda.
5. Breytingartillögur SVFÍ rýra ekki gildi veiðifélaga eða markmið þeirra!
6. Núverandi vægi atkvæða voru settar sem málamiðlunartillaga árið 1970, til að stórir landeigendur myndu ekki gleypa litla landeigendur í atkvæðagreiðslum vegna veiðiréttar! Það virkar einnig í hina áttina! Ef vægi atkvæða í atkvæðagreiðslum yrði í samræmi við arðskrá félagsins (sbr. 40 grein) þá er einnig hætt á að stórir landeigendur myndu alltaf ráða, sérstaklega ef jörð ætti meira en 50% í veiðiá. Það er heldur ekki sanngjarn. Með breytingartillögum SVFÍ væri ákvörðunarréttur allra jarðareiganda virtur, óháð stærð jarða þeirra.
7. Núverandi atkvæðagreiðslur um ráðstöfun veiðiréttinda geta alið á baktjaldamakki og sérhagsmunagæslu innan veiðifélaga! Fylgja ekki markmiðum 37. greinar, lið d.

Ágæti þingmaður,

Á yfirstandandi þingi fer fram endurskoðun á lax-og silungsveiðilögum frá árinu 1970 og vill undirritaður fá að koma fram með nokkrar athugasemdir vegna núverandi laga. Með setningu lax-og silungsveiðilaganna frá árinu 1970 var landeigendum gert skylt að stofna veiðifélag um hverja lax-og silungsveiðiá á Íslandi (44. grein). Í sömu lagagrein er jafnframt kveðið á um að veiðifélag geti leigt réttinn til stangveiða í öllu fiskihverfmu eða hluta þess eða skipt veiði milli félagsmanna og úthluta hverjum veiðihluta sínum. Í 56. grein laganna er tekið fram að halda skal aðalfund ár hvert þar sem afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundinum og hafa allar jarðir jafnan atkvæðisrétt, óháð stærð jarða (48. grein). Með öðrum orðum þá ræður afl atkvæða á aðalfundum veiðifélaga hvort stangaveiðiréttur landeiganda sé leigður til leigutaka eða hvort félagsmenn skipti veiði sín á milli og úthluti hverjum landeiganda veiðihluta sínum.

Í samtölum mínum, við landeigendur sem eiga lönd að laxveiðiám, hefur komið berlega í ljós óánægja með núverandi fyrirkomulag á atkvæðagreiðslum innan veiðifélaga á nýtingu veiðiréttar því þeim finnst óréttlátt að vægi atkvæði innan veiðifélaga séu óháð stærð jarða. Sumir þeirra hafa haldið fram að með núverandi lögum sé stjórnarskrárvarinn nýtingarréttur landeigenda brotinn, því ákvörðun um hvernig nýta eigi eigi veiðirétt einstakrar jarðar sé í höndum annarra landeigenda en landeigandans sjálfs. Atkvæðagreiðslur innan veiðifélaga með jöfnum atkvæðisrétt jarða eru tímaskekkja og þeim eigi að hætta. Hver landeigandi fyrir sig eigi að ákveða sjálfur hvort hann nýti sjálfur sinn veiðirétt, eins og önnur landgæði jarða, eða leigi hann áfram til leigutaka en eigi ekki að þurfa að bera það undir atkvæði annarra landeiganda.

Í tæp 30 ár hef ég veitt í Langadalsá við Ísafjarðardjúp og þekki orðið marga landeigendur við ána. Þar á meðal eru forsvarsmenn Stangaveiðifélags Ísafjarðar (SVFÍ) en SVFÍ eru félagasamtök stangaveiðimanna frá Ísafirði sem eiga tvær jarðir í Langadalsá við Ísafjarðardjúp, sem samtals eru 30,29% af bakkalengd Langadalsár og er SVFÍ stærsti landeigandi við ána en samtals eiga 8 jarðir veiðirétt í ánni. Að gefnu tilefni vil ég að það komi skýrt fram að ég er hvorki landeigandi í Langadalsá né meðlimur í SVFÍ, heldur áhugamaður um laxveiðar.

SVFÍ er dæmi um landeiganda sem lögin hafa leikið grátt þar sem þeir hafa ekki getað nýtt veiðiréttindi jarða sinna fyrir sína félagsmenn, heldur hafa þurft að leigja veiðiréttinn frá sér þar sem aðrir landeigendur í Veiðifélagi Langadalsár hafa ávallt ákveðið að ganga til samninga við leigutaka. Með núverandi leigusamningi er SVFÍ einfaldlega meinað að hámarka arð jarða sinna því gildistími hans er 5 ár og leigutekjurnar föst tala. Á sama tíma hafa verð veiðileyfa hækkað umtalsvert án þess að landeigendur hafi nokkuð fengið fyrir sinn snúð, þ.e.a.s. leigutakinn hefur makað krókinn. Samkvæmt útreikningum þá gæti SVFÍ aukið arð sinn um 125%, miðað við arðgreiðslur núverandi leigusamnings eða um tæpar 1.000.000 krónur á ári með breytingum á lögunum eða 5.000.000 krónur á leigutímanum. Þetta væri mögulegt ef félagið gæti leyst til sín 30% af veiðidögnum, óháð atkvæðagreiðslum innan veiðifélagsins, og selt sínum félagsmönnum (**Sjá viðhengi**). Fyrir lítið félag eins og SVFÍ sem er enn að borga af einni jörð sinni við Langadalsá, Fremri-Bakka, munar um minna þar sem þessar tekjur myndu létta skuldabyrðina. Með núverandi

lagaákvæðum hefur SVFÍ því tapað umtalsverðum fjárhæðum í árána rás, þar sem nýtingarréttur jarða félagsins er ekki í þeirra höndum.

Miðað við samtöl mín við forsvarsmenn SVFÍ og aðra landeigendur við aðrar laxveiðiár tel ég brýnt að gera eftirfarandi breytingar á laxveiðilögnum:

1. Núverandi atkvæðagreiðslur með jöfnum atkvæðarétt um nýtingu veiðiréttinda jarða á aðalfundum veiðifélaga verði **felldar niður**. Ákvörðun um nýtingu stangaveiðiréttis jarða, til leigu eða eigin nota, á að vera í höndum hvers landeiganda fyrir sig. Landeigandi geti leyst til sín stangardaga í samræmi við stærð jarðar ef hann kys að nýta veiðiréttinn sjálfur. Þannig gæti t.d. SVFÍ fengið rúm 30% af stangardögum Langadalsár á hverju sumri fyrir sína félagsmenn en leigutakinn tæp 70% af stangardögnum, ef aðrir landeigendur kysu að framleigja sín veiðiréttindi til hans. Þannig væri ákvörðunarréttur hvers einasta landeiganda virtur, óháður stærð jarðar hans.
2. Alla aðra þætti, **aðra en nýtingu veiðiréttar**, sem varða rekstur veiðifélaga (seiðasleppingar, veiðivarsla, veiðistaðamerkingar o.fl.) skal bera undir atkvæðagreiðslu aðalfunda veiðifélaga eins og áður, að því tilskyldu að vægi atkvæða innan veiðifélags verði í samræmi við eignarhlut jarðar. Það er sanngjarnt að þeir landeigendur sem eiga stærri eignarhlut hafi meiri vægi í sínum atkvæðum en litlir landeigendur með lítinn eignarhlut.
3. Landeigandi yrði áfram í veiðifélagi viðkomandi veiðiár, hvort sem hann myndi leigja frá sér veiðiréttinn eða nýta hann sjálfur. Landeigandi myndi borga rekstrarkostnað í samræmi við eignarhlut jarðar eða arðskrá veiðifélags. Arðgreiðslur frá veiðifélagi detta sjálfkrafa niður ef landeigandi nýtir veiðirétt sinn sjálfur.

Ég vona að þú takir þér tíma til að fara yfir þetta og ígrunda athugasemdir mínar rækilega. Ef við myndum heimfæra núverandi lax-og silungsveiðilög yfir á t.d. hrossabændur á ákveðnu svæði, þá þætti mörgum hrossabóndanum örugglega freklega brotið á eignar-og nýtingarrétt sínum ef hann þyrfti að borga leigu til leigutaka fyrir úthagabeit á sinni eigin jörð, vegna þess að félag landeiganda í kringum hann ákváðu það fyrir hann. Af hverju ættu landeigendur lax-og silungsveiðiáa að þurfa að sætta sig við það?

Að lokum vil ég rekja tvö tilbúin dæmi hvernig núverandi óréttlát lög virka í raunveruleikanum fyrir marga landeigendur.

Dæmi 1:

Þrjár jarðir eigi veiðirétt að laxveiðiá, A, B og C. Landeigandi A á 80%, landeigendur B og C eiga 10% hvor. Veiðifélaginu berst tilboð í veiðiréttindin uppá 5.000.000 krónur. Álagning leigutakans er 5.000.000. Verðskrá hans hljóðar því upp á 10.000.000. Landeigandi A vill að veiðifélagið sjái sjálft um sölu veiðileyfa í ána en B og C vilja ganga að tilboði leigutakans. Gengið er til atkvæðagreiðslu og þar ræður afl atkvæða B og C og gengið er til samninga við leigutakann. 20% eignarhlutur B og C hefur því meira vægi atkvæða heldur en 80% eignarhlutur A.

Rekstrarkostnaður veiðifélagsins er um 1.000.000 á ári og því er arður landeigenda 4.000.000 sem skiptist eftir eignarhluta. **A fengi 3.200.000 í sinn hlut**, B og C fengu 400.000 hvor.

Með ofangreindum breytingum á lögnum gæti arðsemi jarðar A aukist umtalsvert. Landeigandi A ákveður nú að nýta sinn veiðirétt með því að selja sjálfur veiðileyfi og fengi hann 80% af veiðidögum í sinn hlut. Landeigandi A yrði áfram í veiðifélaginu og myndi taka þar þátt í rekstrarkostnaði eins og áður. Landeigandi A myndi vera með sömu verðskrá og leigutakinn og selja veiðileyfi fyrir 8.000.000. Hlutfall hans í rekstrarkostnaði veiðifélags er 80% af 1.000.000 eða 800.000. **Arður jarðar A gæti því orðið 7.200.000! Þarna munar um 4.000.000 á milli ára eða aukning á arði um 125% á milli ára.**

Nýtingarréttur og arðsemi jarðar A er því algjörlega háð atkvæðum B og C.

Dæmi 2:

Þrír veiðifélagar eiga 10% eignarhlut í laxveiðía. Þeir vilja nýta sinn veiðirétt og taka sín 10% af veiðidögum en ákveðið er að ganga að tilboði leigutaka eftir atkvæðagreiðslu innan veiðifélagsins miðað við núverandi lög. Stangardagar eru tæpir 300. Arður jarðar þeirra er 400.000/ár. Þeir veiða 3 sinnum í ánni á sumri í samtals 9 daga en 3 stangir eru leyfðar í ánni. Meðalverð fyrir hverja stöng/veiðidag er 40.000 krónur/dag. Hvert þriggja daga holl kostar því: $40.000 * 3 * 3$ eða 360.000 krónur/3ja daga holl. Þeir fara í þrjár veiðiferðir sem samtals kosta 1.080.000 krónur.

Þessir landeigendur þurfa því að borga **680.000 krónur til leigutaka á hverju ári fyrir að veiða á sinni eigin jörð**, eftir að arður þeirra frá veiðifélagi hefur verið dreginn frá.

Ef þeir fengu að nýta 10% af veiðidögnum í eigin þágu eða 27 stangardaga (Þrjú 3ja daga holl) og borga 10% rekstrarkostnað vegna veiðifélags þá þyrftu þeir í raun aðeins að **borga 100.000 krónur/ár fyrir veiðileyfin.**

Virðingarfyllst,

Aron Jóhannsson B.Sc. í líffræði og M.Sc. í umhverfisverkfræði.

Stífluseli 3

109 Reykjavík

Forsendur: 276 stangardagar/tímabil, 30,29% hlutur SVFI gera tæplega 84 daga

Verð stangardags til félagsmanna SVFI er miðað við verðskrá Lax-á 2005

Arði er deilt þannig að 50% er skipt jafnt á milli 8 jarða óháð stærð, hinum 50% er skipt eftir stærð jarða.

Veiðileyfasala SVFI				
Tímabil	Verð	Stangardagar	Stangir	Alls
Júní	15.000	3	3	135.000
Júlí	20.000	3	3	180.000
Júlí	32.000	3	3	288.000
Júlí	32.000	3	3	288.000
Ágúst	32.000	4	3	384.000
Ágúst	28.000	3	3	252.000
Ágúst	26.000	3	3	234.000
September	20.000	3	3	180.000
September	20.000	3	3	180.000
Alls sala		28		2.121.000

Verðskrá Lax-á 2005	
Leiga Lax-á til jarðeigenda	4.040.000
Álagning Lax-á	3.000.000
Rekstrarkostnaður Vf. Langadalsár	30%
Rekstrarkostnaður Vf. Langadalsár	1.212.000
Arður Veiðifélags	2.828.000
Arður Bakkasels (15,41%)	394.647
Arður Fremri-Bakka (14,88%)	387.153
Alls arður SVFI	781.801

Jarðir	Hlutfall
Kirkjuból	29,76
Bakkasel	15,41
Fremri-Bakki	14,88
Neðri-Bakki	12,72
Brekka	9,52
Arngerðareyri	10,71
Tunga	3,52
Rauðamýri	3,47

Miðað við verðskrá Lax-á 2005	
Sala veiðileyfa SVFI til félagsmanna	2.121.000
Rekstrarkostnaður Vf. Langadalsár	1.212.000
Hlutfall SVFI	30,29%
Rekstrarkostnaður SVFI	367.115
Arður SVFI	1.753.885

Tekjumissir SVFI	972.085
-------------------------	----------------



Alþingi
Erindi nr. P/132/2031
komudagur 3. 5. 2006

Reykjavík 2. maí 2006

Landbúnaðarnefnd
Alþingishúsinu
Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um Lax- og silungsveiði.


Í framhaldi af athugasemdum sem stjórn Stangaveiðifélags Reykjavíkur, sendi til nefndarinnar þann 17. apríl s.l. vegna frumvarps til laga um Lax- og silungsveiði, vill stjórn félagsins árétta mikilvæg atriði sem komið hafa fram í umræðunni um frumvarpið.

Á ráðstefnu sem Landsamband stangaveiðifélaga gekkst fyrir þann 26. apríl s.l. ásamt SVFR, komu ýmis áhugaverð sjónarmið fram. Eins og fram hefur komið, telur SVFR að netaveiði sé tímaskekkja en æskilegast sé að hagnunaaðilar semji um upptöku neta. Í því ljósi vill stjórn SVFR benda á að með því að gera tvær minniháttar breytingar á frumvarpinu mætti auðvelda aðilum samningsleiðina til muna.

- Í fyrsta lagi með því að breyta 17. grein frumvarpsins þannig að meirihluti félaga í fiskihverfi geti tekið ákvarðanir er varða veiðitæki og veiðiaðferðir.
- Í öðru lagi, með því að breyta 49. grein þannig að ef stjórn veiðifélags (eða meirihluti félaga í fiskihverfi) tekur ákvarðanir sem tilteknir veiðiréttareigendur telja að rýri sinn hlut, geti þeir skotið slíkum ákvörðunum til matsferlis eins og skilgreint er í 44. – 46. grein frumvarpsins.

Með þessum breytingum telur stjórn SVFR að samningaleiðin verði aðgengilegri og meiri líkur til að hagnunaaðilar nái saman.

f.h. Stangaveiðifélags Reykjavíkur


Bjarni Júlíusson, formaður SVFR



Alþingi
Erindi nr. P 132/1655
komudagur 19.4.2006

Reykjavík 17. apríl, 2006

Landbúnaðarnefnd
Alþingishúsinu
Reykjavík

Í framhaldi af bréfi nefndarinnar til Stangaveiðifélags Reykjavíkur, dagsettu 28. mars s.l. gerir stjórn SVFR meðfylgjandi athugasemdir við frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, þingskjal nr. 891, máli 607.

Stjórn SVFR vill að gefnu tilefni taka það fram að hún telur að laxveiðar í net séu tímaskekkja og þeim beri að hætta. Stafar það ekki síst af því að arður af stangaveiddum laxi er margfalt meiri en af þeim laxi sem veiddur er í net. Stórlaxastofnar eiga víða undir högg að sækja og mun auðveldara er að skipuleggja og framkvæma ýmsar aðgerðir til verndunar þegar einungis er veitt á stöng. Á það ekki síst við um Hvítár-Ölfusársvæðið þar sem laxveiði á stöng hefur dregist meira saman en víðast hvar annars staðar á landinu. Jafnframt skal það áréttað að mun auðveldara að koma við eftirliti með stangaveiðum en netaveiðum.

Lögð er áhersla á að frumvarpinu sé breytt á þann veg að stjórnun veiðifélaga sé auðveldað að taka ákvarðanir um stýringu á lax- og silungsveiði, t.d. með því að takmarka notkun tiltekinna veiðarfæra á vatnasvæði. Því er lagt til að meirihluti félagsmanna í tilteknu fiskihverfi fái heimild til að taka ákvarðanir er lúta að vali og stýringu á veiðitækjum. Ef einhverjir veiðiréttareigendur telja sig verða fyrir tjóni geti þeir skotið slíku til matsnefndar sbr 1. mgr 44. gr. laganna um skipan matsnefndar o.fl.

Skýra þarf að heimilt sé að leigja veiðirétt til þriðja aðila (sér í lagi þar sem netaveiði hefur verið stunduð) með það fyrir augum að taka upp stangaveiði eða leggja veiði af til friðunar. (Löglærður aðili í hóp netaveiðibænda við Hvítá/Ölfusá taldi slíka leigu óheimila og það er mat SVFR að það álit hans hafi skaðað tilboð félagsins í leigu á veiðirétt á svæðinu).

Hugsanlega væri það leið til skoðunar að heimila uppkaup netaveiðiréttar í straumvatni til frambúðar, rétt eins og gert hefur verið með sjávarlagnir í Faxaflóa.

Lögð er áhersla á enn frekari takmarkanir á netaveiði í þeim tilvikum þar sem veiðifélög og veiðiréttareigendur kunna að kjósa að halda henni áfram:

- Minnka heimildir til þverunar. Í 22. gr. er hugtakið gönguhelgi skilgreint. Lagt er til að það sé útvíkkað og nái yfir helming breiddar straumvatns.




- Fækka fjölda daga þar sem leyfilegt er að leggja net í straumvatn og þrengja jafnframt það tímabil sem heimilt væri að leggja net, sér í lagi að fresta upphafi veiðitíma til verndar stórlaxi, sem gengur jafnan fyrst í árnar.
- Fækka þeim dögum vikunnar sem heimilt er að leggja net í straumvatni
- Auka og bæta eftirlit með netaveiði í straumvatni
- Takmarka framleigurétt á netaveiðirétti

Að öðru leyti er vísað til athugasemda sem stjórn SVFR gerði við frumvarpsdrögin þann 20. september 2005 (sjá hjálagt bréf).

Stjórn SVFR óskar sérstaklega eftir því að fá að ræða ofangreindar hugmyndir við háttvirta Landbúnaðarnefnd.

Virðingarfyllst,
F.h. stjórnar Stangaveiðifélags Reykjavíkur



Bjarni Júlíusson, formaður.

Fylgigögn:
Tilboð SVFR til netaveiðibænda við Hvítá/Ölfusá
Athugasemdir stjórnar SVFR við frumvarpsdrög, dags. 20. september 2005.



Reykjavík 20. september 2005

Landbúnaðarráðuneytið

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um lax- og silungsveiði.

Stjórn Stangaveiðifélags Reykjavíkur hefur farið yfir frumvarp til laga um lax- og silungsveiði sem leggja á fram á Alþingi á komandi þingi. Ákveðið hefur verið að gera meðfylgjandi athugasemdir.

Meginskoðun Stangveiðifélags Reykjavíkur er að hætta beri netaveiðum í íslenskum ám og vegur stangaveiði verði aukinn enn frekar. Það mun til lengri tíma litið auka verðmætasköpun fyrir landeigendur. Stangaveiði skapar aukinn virðisauka til handa almennri ferðaþjónustu og ýmsum þjónustuaðilum í héraði. Það leiðir af sér auknar skatttekjur til sveitarfélaga og ríkis og hefur því jákvæð þjóðhagsleg heildaráhrif. Þetta kemur fram í fjölmörgum skýrslum um stangaveiði ásamt því að upplýsingar um þetta er að finna í skýrslu Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands. Hins vegar er um leið ljóst að bæta þarf netabændum þann tekjumissi sem þeir verða fyrir við upptöku netanna og lýsir stjórn SVFR fullum vilja til þess að koma að því og greiða fyrir því máli.

Ef hins vegar netaveiðar verða heimilaðar gerir stjórn SVFR eftirfarandi athugasemdir við slíka veiði:

1. Á meðan að netaveiðar eru leyfðar þá er lagt til að netin fari ekki niður fyrr en 1. júlí. Nauðsynlegt er að stytta netaveiðitímann sérstaklega í byrjun veiðitíma til þess að vernda stórlaxinn. Veiðimálastofnun, Landsamband veiðifélaga og Landsamband stangaveiðifélaga hafa lýst yfir áhyggjum vegna verulegrar fækkunar stórlaxa. Stórlaxastofnarnir eru óafturkræf auðlind og er sumarið 2005 staðfesting á því að stórlaxinn er kominn í útrýmingarhættu. Á undanförunum árum höfum við horft á hvernig stórlaxinum hefur fækkað jafnt og þétt og í mörgum ám sem áður geymdu stórlaxastofn má nú telja á fingrum annarrar handar þá laxa sem hafa verið tvö ár eða lengur í sjó.
2. Á meðan að netaveiðar eru leyfðar er lagt til að leyfilegum veiðidögum verði fækkað um einn á viku.



3. Á meðan netaveiðar eru leyfðar þá megi aðeins eigandi lögbýlis eða ábúandi nýta veiðiréttinn. Þetta þýðir að allt framsal veiðiréttar sé bannað, m.a. innan fjölskyldu.
4. Á meðan að netaveiðar verði leyfðar þá verði lagnir stytta. Nauðsynlegt er að breidd lagna fari ekki yfir 1/5 af breidd árinna.
5. Ef leyfa á netaveiðar er nauðsynlegt að efla eftirlit með slíkum veiðum. Setning laga sem heimila netaveiðar í íslenskum ám með takmörkunum og skilyrðum verður að vera fylgt eftir með öflugum eftirliti. Lagabókstafurinn einn sér er ekki pappírins virði ef eftirliti er ábótavant. Á það hvort tveggja við um laxveiðar og silungsveiðar í net. Er sérstök athygli vakin á nauðsyn þess að fylgjast vel með silunganetalögnum í nágrenni nokkurra af bestu laxveiðiáa landsins og nægir þar að nefna ár eins og Hofsa og Selá í Vopnafirði og Miðfjarðará í Húnavatnssýslu.
6. Lagt er til að veiðar í stöðuvötnum, hvort heldur sem þau hafa samgang við sjó eða ekki verði leyfðar allan sólarhinginn kjósi veiðiréttareigendur að haga málum þannig.

Ábending sem við viljum koma á framfæri er að inni í frumvarpinu er enn ákvæði um að veiðitími silungs skuli vera til 10. október. Árlega er verið að veita fjölmargar undanþágur frá þessu ákvæði. Við leggjum til að þessi tími verði færður nær raunveruleikanum, en þó með þeim varnagla að eftirlitsaðili laganna geti fært veiðitímann frammar ef aðstæður einstakra ársvæða gefi ástæðu til.

Eins og fram kom í upphafi þessa bréfs er það eindreginn vilji stjórnar og félagsmanna í Stangaveiðifélagi Reykjavíkur að netaveiði verði lögð niður með öllu og að eigendum netaréttarins verði bætt netaupptakan á sanngjarnan hátt. Netaveiðar í ám eru tímasketkja og það getur reynst flókið að útskýra fyrir viðskiptavinum okkar, innlendum sem erlendum að enn er lax veiddur í net í miklum mæli í ám á Íslandi.

Hér eru gerðar þær helstu athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir á þessari stundu. Stjórn SVFR áskilur sér rétt til að gera frekari athugasemdir við endalegt frumvarp og að koma frekari skýringum á framfæri síðar.

Stjórn Stangaveiðifélags Reykjavíkur.
Bjarni Júlíusson, formaður
Gylfi Gautur Pétursson
Marinó Marinósson
Þorsteinn Ólafs
Eiríkur St. Eiríksson
Guðmundur Stefán Maríasson
Loftur Atli Eiríksson



Reykjavík 17. mars 2006

Til eigenda veiðiréttar við Hvítá og Ölfusá í Árnassýslu.

Vísað er til bréfs Stangaveiðifélags Reykjavíkur til Veiðifélags Árneseinga, dagsett 13. desember 2005. Í bréfinu var sett fram tilboð til netabænda innan vébanda Veiðifélags Árneseinga um greiðslu til netabænda gegn upptöku neta á vatnasvæði Hvítár-Ölfusár árin 2006-2008. Með vísan til þessa og viðræðna við fulltrúa netaveiðimanna innan V.Á. þann 20. febrúar sl., vill stjórn SVFR með bréfi þessu varpa fram hugmynd sem leitt gæti til þess að gert verði hlé á netaveiðum sem víðast á vatnasvæðinu á næstu þremur árum.

Stjórn Stangaveiðifélags Reykjavíkur telur einsýnt eftir viðræður við fulltrúa netabænda að ekki muni nást heildarsamkomulag um netaupptöku í tilraunaskyni á vatnasvæðinu að þessu sinni.

Stjórn SVFR virðir rétt þeirra landeigenda, sem vilja halda netaveiðum áfram, í stað þess að taka þátt í tilraun til að kanna áhrif netaupptöku á stangaveiði á vatnasvæði Hvítár-Ölfusár. Hins vegar vill stjórnin gjarna ræða frekar við þá sem hefðu hug á að leigja veiðirétt sinn tímabundið og í tilraunaskyni.

Eins og stjórn Veiðifélags Árneseinga er kunnugt hefur Stangaveiðifélag Reykjavíkur boðið 9.000.000 króna greiðslu á ári fyrir upptöku allra neta á vatnasvæði Hvítár-Árnassýslu árin 2006-2008. Stjórn SVFR telur eðlilegt að miða að því að allir veiðiréttareigendur fái greiðslur úr þessum netaupptökusjóði í framtíðinni, þótt stærstum hluta sjóðsins verði varið til þess að greiða fyrir upptöku neta þar sem veiðarnar hafa verið virkar á undanförmum árum. Ýmsar leiðir kunna að vera færar í þessu efni en ljóst er að endanlegt fyrirkomulag þarf að móta sameiginlega af hagsmunaaðilum. Slíkt kann að taka nokkurn tíma.

Stjórn Stangaveiðifélags Reykjavíkur hefur hins vegar áhuga á að hefja þetta ferli strax og er SVFR reiðubúið að leggja fram fjármuni næstu þrjú árin, hugsanlega í samstarfi við fleiri aðila, þrátt fyrir að einhverjir veiðiréttareigendur kjósi að halda áfram netaveiði.

Meðfylgjandi er bréf með tilboði í greiðslur fyrir tímabundna netaupptöku fyrir *landi þinnar eigin jarðar*.

Fyrir hönd stjórnar SVFR

Bjarni Lárusson,
Formaður


Eiríkur St. Eiríksson


Gylfi Gautur Pétursson



Reykjavík 17. mars 2006.

Xxxx
Xxxx
Xxx XXXXXX

Tilboð í veiðirétt fyrir landi XXX

Stangaveiðifélag Reykjavíkur gerir yður eftirfarandi tilboð í leigu á veiðirétti fyrir landi XXX vegna veiðitímabilsins 2006 – 2008

Tilboð:

1. Stangaveiðifélag Reykjavíkur gerir tilboð í veiðirétt einstakra jarða á Hvítár/Ölfusár svæðinu og býður kr. 3.000 fyrir hvern veiddan lax miðað við meðalveiði síðustu 10 ára.
2. Þegar það mark næst að veiðiréttareigendur sem hafa yfir 80% netaveiðinnar samkvæmt meðaltali síðustu 10 ára, hafa leigt Stangaveiðifélaginu veiðirétt sinn, munu þeir veiðiréttareigendur sem hættir eru að leggja net og ekki hafa tekið upp stangaveiði, fá greiðslu, kr. 50.000 á ári.
3. Náist samningar mun SVFR greiða útreiknað leiguverð 20. apríl ár hvert. Leiguupphæð er verðtryggð m.v. neysluvísitölu og er grunnvísitalan apríl 2006.
4. SVFR lýsir yfir áhuga á að gera tilraunir með stangaveiði á svæðum þar sem netalagnir hafa verið lagðar fram til þessa og kanna hvort þar liggja möguleikar til framtíðar. Dæmin hafa sýnt að á þeim svæðum þar sem stangaveiði er stunduð á vatnasvæði Hvítár/Ölfusár, eru arðgreiðslur til bænda umtalsverðar.

Undirritaðir eru reiðubúnir til að eiga fund með yður og fara nánar yfir einstaka þætti tilboðsins, t.d. hvað varðar þann fjölda netveiddra laxa sem tilboð félagsins miðar við.

Frávik:

SVFR gerir sér grein fyrir því að í einhverjum tilvikum hafa veiðiréttareigendur áhuga á að leigja frá sér veiðiréttinn, en hafa jafnframt mikla ánægju af því að stunda netaveiðar. Því kemur til greina að heimila eiganda veiðiréttar netaveiði í eitt skipti á sumri, annað hvort á tímabilinu 4. – 7. júlí eða 15. – 18. ágúst, í samræmi við heimildir veittar af Veiðifélagi Árnesinga. Nýti veiðiréttareigandi slíka netaveiði lækka leigugreiðslur SVFR um 30%.

Fyrirvarar:

SVFR áskilur sér rétt til að falla frá tilboði þessu ef ekki tekst að leigja veiðirétt sem samsvarar 50% af meðal netaveiði Hvítár-Ölfusár síðustu 10 ára.

Tilboð þetta gildir til 30. mars 2006.

F.h. Stangaveiðifélags Reykjavíkur,

Bjarni Júlíusson
Formaður

Páll Þór Ármann
Framkvæmdastjóri.

Alþingi
Erindi nr. P 132/1652
komudagur 19.4.2006

Svalbarðsstrandarhreppur
Ráðhúsinu Svalbarðseyri
601 Akureyri

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um lax- og silungsveiði.

Á fundi sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 11. apríl s.l. var kynnt efni frumvarps til nýrra laga um lax- og silungsveiði og athugasemdir Félags eigenda sjávarjarða við austanverðan Eyjafjörð við frumvarpið. Sveitarstjórn tekur undir athugasemdir Félags eigenda sjávarjarða við austanverðan Eyjafjörð.

Virðingarfyllst,

Svalbarðseyri, 12. apríl 2006

F.h. sveitarstjórnar
Svalbarðsstrandarhrepps


Arni K. Bjarnason, sveitarstjóri

Sýslumannafélag Íslands.

Alþingi
Erindi nr. P 132/1627
komudagur 18. 4. 2006

Akranes 16. 4. 2006.


Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Með bréfi dagsettu 28. mars sl. fór landbúnaðarnefnd Alþingis fram á umsögn Sýslumannafélags Íslands um eftirgreind frumvörp til laga:

1. Frumvarp til laga um eldi vatnasfiska, 595. mál.
2. Frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum, 596. mál.
3. Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, 607. mál.
4. Frumvarp til laga um Veiðimálastofnun, 612. mál.
5. Frumvarp til laga um fiskrækt, 613. mál.

Stjórn félagsins hefur fjallað um frumvörpin og gerir ekki athugasemdir við efni þeirra.

F.h. Sýslumannafélags Íslands,



Ólafur P. Hauksson.

Alþingi
Erindi nr. P 132/1626
komudagur 18.4.2006

Til Landbúnaðarnefndar Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Ytri – Tungu, 17. apríl 2006.

EFNI: Athugasemdir við frumvarp til laga um lax- og silungsveiði.

Frá símafundi hreppsnefndar Tjörneshrepps þann 16. apríl 2006, er eftirfarandi bókun:

1. Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði.

Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði tekið til umræðu. Eftirfarandi athugasemdir samþykktar og oddvita falið að koma þeim á framfæri.

15.gr.

Úr 15. gr. falli brott setningin :

“Við veiðar göngusilungs í fastar veiðivélar í netlögum einstakra sjávarjarða skal miða við þann netafjölda sem viðkomandi fasteign hafði síðustu 5 ár fyrir gildistöku laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957.”

Rökstuðningur:

Vart getur talist eðlilegt að hafa þessa viðmiðun inni því ýmislegt getur hafa valdið því að lítið hafi verið um netaveiði á ákveðnum jörðum einmitt á þessum árum þó að veiðiréttur hafi verið nýttur áður, t.d. aldur ábúanda.

5. málsgrein 15. gr. falli alveg brott.

Þess í stað hljóði 5. málsgrein 15. gr. þannig :

“*Heimilt er veiðifélagi og eigendum nærliggjandi sjávarjarða, án íhlutunar Landbúnaðarstofnunar, að gera með sér samning um nýtingu beggja aðila á veiði göngusilungs. Náist hinsvegar ekki slíkur samningur málsaðila skal Landbúnaðarstofnun setja reglur um nýtingu veiðihlunnindanna á viðkomandi svæði, þar sem gætt skal réttar beggja aðila.*”

Rökstuðningur:

Með þessu er verið að halda þeim möguleika opnum að aðilar heima í héraði geti náð sátt um fyrirkomulag mála en að Landbúnaðarstofnun komi ella að málum.

Þá bætist við í 15. gr. :

“*Telji veiðifélag þörf á takmörkun silungsveiða á tilteknu svæði eða um tiltekinn tíma, skal það því aðeins tekið til greina að fram hafi farið vísindalegar rannsóknir, kostaðar af viðkomandi veiðifélagi, á slíkri þörf.*”

16.gr.

Úr 16. gr. falli brott setningin :

“ef sýnt þykir að slíkar veiðar geti spillt fiskigengd í viðkomandi veiðivötn eða að slíkt er af öðrum ástæðum nauðsynlegt til verndar fiskstofnum veiðivatnsins.”

En komi þess í stað:

“ef sannað er með framlögðum rökstuddum rannsóknum að um ofveiði sé að ræða” .

17.gr.

Vegna 17. greinar er nauðsynlegt að gætt verði jafnræðis á milli veiðiheimilda á laxi í net í ám og veiða á göngusilungi í netlögum sjávarjarða, hvað varðar veiðitíma, bæði hvað snertir dagafjölda í viku og yfir veiðitímabilið í heild.

Rökstuðningur:

Heimiluð er netaveiði á laxi í nokkrum ám og því ekki óeðlilegt að sömu lög gildi um hana og netaveiði á silungi í sjó.

Að því verði hugað sérstaklega hvort takmarkanir á veiði sjávarjarðaeigenda, og einhliða bótalaust afnám veiðiréttar jarðanna í netlögum, séu ekki í andstöðu við jafnræðisreglur stjórnarskrár og friðhelgi eignarréttarins.

Inni í ákvæði til bráðabirgða verði bætt að einn fulltrúi í samráðsnefndinni skuli vera frá samtökum eigenda sjávarjarða, og verði fulltrúar þá ellefu.

Rökstuðningur:

Það hlýtur að vera mikils um vert að ná sem breiðastri sátt um framkvæmd þessara mála og með því að fulltrúi eigenda sjávarjarða fái aðild að samráðsnefndinni aukast líkurnar á að slíkt takist.



Jón Heiðar Steinþórsson Oddviti
TJÖRNESHREPPUR

Alþingi 132/1814
Erindi nr. Þ
komudagur 25.4.2006 UST

Nefndasvið Alþingis
Landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

21. apríl 2006

Skjalanúmer: 53.12.13

Tilvísun: UST20060300156/KG

Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, 607. mál


Vísað er til erindis landbúnaðarnefndar, dags. 28. mars sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, 607. mál.

Umhverfisstofnun vísar til þess að í framangreindu erindi nefndarinnar er jafnframt óskað umsagnar stofnunarinnar um 4 önnur frumvörp en öll þessi mál tengjast endurskoðun á núgildandi lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði. Athugasemdir um þá heildarendurskoðun er að finna í umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um fiskrækt, 613. mál (tilvísunarnúmer UST20060300158).

Vísað er til meðfylgjandi greinargerðar um sértækar athugasemdir Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, 607. mál. Óski landbúnaðarnefnd eftir ítarlegri umfjöllun stofnunarinnar um einstök atriði er stofnunin að sjálfsögðu reiðubúin til þess, sem og að senda fulltrúa sína á fund nefndarinnar.

Virðingarfyllst,


Davíð Egilson
forstjóri


Sigrúbjörg Guðadóttir
forstöðumaður

Meðf.: Greinargerð – athugasemdir við frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, 607. mál
Afrít: Umhverfisráðuneytið

Greinargerð

Athugasemdir við frumvarp til laga um lax- og silungsveiði, 607. mál

Athugasemdir um einstakar greinar:

3. gr. Skilgreiningar

11. tl. *Fiskeldi*. Umhverfisstofnun bendir á að skilgreining á fiskeldi í þessum lögum er ekki fyllilega í samræmi við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 33/2002, um eldi nytjastofna sjávar. Leggur stofnunin til að gætt sé að fullu samræmis milli skilgreininga, að teknu tilliti til frumvarps til laga um fiskrækt. Eftir að valið hefur verið orðalag verði jafnframt samþykkt frumvarpsins breytt viðeigandi ákvæðum í öðrum lögum.
38. tl. *Sjór* og 42. tl. *Vatn*. Umhverfisstofnun telur að gæta þurfi betur að afmörkun framangreindra skilgreininga. Annars vegar er tilgreint **salt vatn fyrir utan** árósa og hins vegar **ósalt vatn**. Hvað með ósasvæði fyrir innan sjálfan ósinn en þar sem gætir seltuáhrifa (t.d. lón fyrir innan ósa)?
60. tl. *Villtur fiskstofn*. Umhverfisstofnun bendir á að þessi skilgreiningin er breytt frá gildandi lögum og er ekki samhljóða skilgreiningu í frumvarpi til laga um eldi vatnafiska (27. tl. 3. gr.) eða um fiskrækt (26. tl. 3. gr.). Stofnunin telur að sú afmörkun sem lögð er til í þessu frumvarpi (helmingur stofns) sé ekki nægjanleg og leggst gegn því að það orðalag verði látið ráða óbreytt. Jafnframt leggur Umhverfisstofnun til að gætt sé samræmis í orðalagi þessara frumvarpa.

5. gr. Veiðiréttur

Umhverfisstofnun bendir á að í frumvarpinu er vísað beint til eldri vatnalaga en eins og kunnugt er voru samþykkt á Alþingi ný vatnalög þó að þau hafi ekki enn tekið gildi. Stofnunin telur að orðalag í frumvarpinu geti valdið misskilningi og leggur til að hafa almenna tilvísun til **vatnalaga**, án númers.

6. gr. Veiðiréttur í almenningi stöðuvatns

Umhverfisstofnun veltir því hér upp hvort ekki væri ástæða til að skylda fasteignareigendur til að þinglýsa sértilfellum eins og lýst er í 2. ml. 6. gr. Vel mætti hugsa sér að gefa frest til ákveðinna ára til að ljúka þinglýsingu, ella gildi almenna reglan sem lýst er í 1. ml. 6. gr. Á tímum þar sem eignarhald jarða breytist hratt, sem og sífellt færast í vöxt flóknara eignarhald, er hætt við því að óvissa skapist um forna skipan sem ekki er færð í bók.

7. gr. Veiðiréttur á afrétti í þjóðlendu

Umhverfisstofnun bendir á að frá því að núgildandi lög tóku gildi hefur orðið umtalsverð breyting á þjóðfélagi, sem og lagaumhverfi, ekki síst með setningu þjóðlendulaganna. Stofnunin telur að við lagasetningu um réttindi innan þjóðlenda beri að fara með gát og gæta að ákvæðum þjóðlendulaga og taka tillit til ákvæða um almannarétt.

11. gr. Ófriðun sels

Umhverfisstofnun bendir á að eyðing selalátra getur talist röskun á lífríki og getur haft áhrif á að náttúran þróist eftir eigin lögmálum (sbr. 1. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999). Umhverfisstofnun telur því að leita skuli umsagnar stofnunarinnar áður en heimiluð er eyðing selláturs skv. 2. mgr.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að stofnunin er leyfisveitandi á friðlýstum svæðum. Leggur stofnunin því til að bætt verði við nýrri 4. mgr.: „Innan friðlýstra svæða skv. náttúruverndarlögum er veiði sela óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar.“

33. gr. Um heimild til mannvirkjagerðar í veiðivötnum


34. gr. Fiskvegir

Umhverfisstofnun bendir á að mannvirkjagerð í veiðivötnum og ekki síst gerð fiskvega getur haft í för með sér umtalsverða röskun á viðkvæmri náttúru. Stofnunin telur að áður en leyfi eru veitt fyrir slíkar framkvæmdir skuli leitað umsagnar stofnunarinnar. Stofnunin bendir sérstaklega á að fossar njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga.

43. gr. Kæruheimild

Umhverfisstofnun telur eðlilega stjórnslu að ákvarðanir stofnunar eins og lýst er í 43. gr. frumvarpsins sé kæránleg til ráðherra sem hefur yfirumsjón með viðkomandi málaflokki.

Alþingi
Erindi nr. P 132/1651.
komudagur 19.4.2006



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18. apríl 2006

Umsögn um

**Frumvarp til laga um lax og silungsveiði, mál 607,
frumvarp til laga um Veiðimálastofnun, mál 612,
frumvarp til laga um eldi vatnafiska, mál 595,
frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum mál 596,
frumvarp til laga um fiskrækt mál 613.**

Veiðimálastofnun hefur fengið til umsagnar ofangreind mál. Um er að ræða heildarendurskoðun laga er lúta að lax og silungsveiði og er skipt í 5 frumvörp. Stofnunin fagnar framkomnum frumvörpum.

Veiðinýting í ám og vötnum á Íslandi er um margt til fyrirmyndar miðað við önnur lönd. Bæði er staða fiskstofna í ám og vötnum almennt betri og eins hefur tekist að skapa meiri arð af veiðunum (miðað við hvern veiddan fisk) en nokkur annars staðar. Það er rétt að skoða hvað veldur þessu. Án efa á sú umgjörð sem sköpuð hefur verið í kringum veiðarnar stóran þátt í þessu. Það eru nokkur grundvallaratriði sem skipta mestu máli og fest hafa verið í íslensk lög, sum frá fornu fari. Verð á veiðileyfum er algerlega háð markaðslögmálum og er besta veiðin á alþjóðlegum markaði. Þar er gjarnan verið að selja veiði með allri þjónustu, ferðum, góðri gistingu, mat, leiðsögn og fleira.

1. Veiði og síðar arði af veiði hefur verið skipt milli allra er land eiga að veiðivatni. Eigendur jarða að veiðivatni ber að stofna veiðifélag. Innan félagsins eru síðan teknar ákvarðanir um veiðina og tekjum og gjöldum skipt eftir arðskrá. Þetta fyrirkomulag er mjög mikilvægt þar sem brýnt er að allir komi að málum, þar sem um sömu fiskstofna að ræða í veiðivatninu. Með þessu móti er tryggt að hægt er að stjórna nýtingunni og allir njóta arðs af

veiðinni. Stofnun veiðifélaga og skylduaðild að þeim eru þarna lykilatriði. Þetta gerir einnig mögulegt að koma sameiginlega góðum aðbúnaði fyrir veiðimenn við veiðivötnin. Erlendis, þar sem þetta vantar, er sóknin í stofna of mikil, lítil og ómarkviss uppbygging sem og markaðssetning og arður af veiði brot af því sem er hér á landi.

2. Sókn í stofnana hefur verið takmörkuð í lögum og með reglum af stjórnvöldum. Að auki hafa sjávarveiðar á laxi verið bannaðar hér á landi frá því 1932, sem þýðir að lax er nytjaður í ánum.
3. Skráning veiði hefur verið til fyrirmyndar hér á landi sem gefur mjög góðar líffræðilegar upplýsingar um stöðu stofnana, veiðipól þeirra og er um leið verðmiði á veiðina í ám og vötnum.
4. Rannsóknir og þróunarstarf í veiðimálum hefur verið öflugt. Þrátt fyrir mjög takmarkað opinbert fjármagn er allvel fylgst með helstu veiðiánum og tekist hefur að þróa mjög öflugar ræktunaraðferðir fyrir veiðivötn. Standa íslendingar þarna langtum framur öðrum þjóðum. Rannsókn og þróunarstarf er mjög mikilvægt ef stunda á sjálfbæra veiðinýtingu og stunda ræktun í sátt við náttúrulega stofna. Ræktunarstarf í veiðiám og vötnum er víða mjög öflugt. Það þarf mikið starf að viðhalda þessum árangri og auka hann. Þar er öflug rannsókn- og þróunarstarf mjög mikilvægt.

Þessa umgjörð þarf að tryggja og styrkja m.a. í lögum. Í umræddum frumvörpum er það gert. Mjög hefur verið vandað til allrar vinnu er lítur að þessari lagasmíð og víðtækt samráð var viðhaft. Undirritaður kom að gerð laganna sem ráðgjafi og þekkir því að raun mikið og gott starf nefndarinnar sem vann frumvörpin. Í heild er þessi lagasmíð góð og ef yrði að lögum yrði hún til að bæta starfsumhverfi í veiðimálum og fiskeldi. Það að skipta lagabálinum í 5 hluta einfaldar hlutina og gerir þá auk þess skýrari. Þó eru nokkur atriði sem betur mættu fara, einkum er lítur að starfsumhverfi Veiðimálastofnunar. Sum þeirra ákvæða voru í frumvörpum þeim sem kynnt voru í haust en hafa nú tekið breytingu til hins verra.

Ef lítið er fyrst á frumvarp til laga um lax og silungsveiði þá er þar atriði er lítur að skráningu veiði, sem við álitum að betur mætti fara. Í 13. grein frumvarpsins er fjallað um veiðiskýrslur. Í nágildandi lögum er það embætti Veiðimálastjóra sem rann inn í Landbúnaðarstofnun um síðustu áramót sem hefur þetta hlutverk. Reyndin hefur hins vegar verið að Veiðimálastofnun hefur sinnt þessu hlutverki alla tíð.

Veiðiskýrslur hafa að geyma afar mikilvægar líffræðilegar upplýsingar þar sem víða er hver einasti veiddur fiskur skráður ásamt upplýsingum um stærð hans, kyn og veiðistað og tíma. Þessar upplýsingar saman komnar hafa nýst í margs konar vísindavinnu ekki síst þegar kemur að ráðgjöf varðandi veiðinýtingu, stjórnun á veiðiálagi, mat á ræktunaraðgerðir og fleira. Skráning á veiðiskýrslum á því að okkar mati tvímælaust heima hjá Veiðimálastofnun. Skráningin kallar ekki á að stjórnvald eins og Landbúnaðarstofnun fari með málið, þar sem engin viðurlög er að finna ef menn ekki skila skýrslu. Það er hagur veiðiréttarhafa og veiðimanna að skráningin sé sem allra best og því þvingunarúrræði ónauðsynleg. Tekist hefur að byggja upp gagnkvæmt traust Veiðimálastofnunar og veiðiréttarhafa og gengur innköllun og skráning þessara upplýsinga hnökralaust. Nú er í þróun á stofnuninni skráningarkerfi sem gerir kleyft að skrá þessar upplýsingar rafrænt í tölvu og varpa þá veiðitölum nánast beint út á netið. Það er því mikilvægt að Veiðimálastofnun hafi áfram þetta hlutverk með höndum og í raun einn af hornsteinum í hennar starfi. Þegar embætti Veiðimálastjóra var aðskilið frá stofnuninni 1997 færðist skráning fiskeldisframleiðslu frá stofnuninni til Veiðimálastjóra. Síðan þá er skráning á framleiðslu í fiskeldi því miður í skötulíki og skortir stórlega á að upplýsingar um framleiðslu í fiskeldi sé viðunandi. Svo má ekki fara fyrir veiðiskráningunni því þar með væri einni af mikilvægari stoðum undir góða veiðistjórnun og verðmætauppbyggingu í veiði brostin. Því er lagt til að Veiðimálastofnun hafi þetta hlutverk með höndum en Landbúnaðarstofnun hafi fullan aðgang að þessum gögnum.

Lítum næst á frumvarp til laga um Veiðimálastofnun. Í heild er frumvarpið til að bæta starfsumhverfi stofnunarinnar er þó eru nokkur atriði sem betur mega fara. Öll þau atriði sem betur verður á eru til þess fallin að styrkja og bæta starfsumhverfi stofnunarinnar.

Í 1. grein frumvarpsins um stjórnsýslulega stöðu. Fyrsta málsgrein er ekki vel orðuð. **“..... er rannsóknastofnun á sviði ferskvatnsfiska og lífríkis þeirra sem heyrir undir landbúnaðarráðherra”**. Setningin býður upp á misskilning. Þarna hljóta að hafa orðið mistök. Í frumvarpi því sem kynnt var í haust var lýsingin á þessa leið. **“er rannsóknastofnun á sviði vatnalíffræði sem heyrir undir landbúnaðarráðherra.”** sem er mun betri lýsing. Einnig mætti orða þetta á þá lund að stofnunin **“er rannsóknastofnun á sviði vatnalíffræði og veiðinýtingar ferskvatnsfiska sem.....”** til að koma veiðinýtingunni og fiskinum betur að.

Önnur málsgrein 1. gr. á fortakslaust að hverfa. Sjálfstæði stofnunarinnar er verulega laskað með slíkum kvöðum sem á hana eru settar með skyldu á að sinna hlutverki sínu með bæði samvinnu og samstarfi við menntastofnanir landbúnaðarins. Það einfaldlega gengur ekki. Ekki það að samvinna stofnunarinnar við þessar menntastofnanir sé slæm. Síður en svo. Stofnunin verður hins vegar að geta sinnt hlutverki sínu á sjálfstæðan máta. Þegar á stofnunin gott samstarf og vaxandi við bæði Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla. Stofnunin flutti starfsstöð sína á Vesturlandi úr Borgarnesi á Hvanneyri til að styrkja samstarfið. Þá flutti stofnunin einnig starfsstöð sína á Norðurlandi frá Hólum í Hjaltadal á Sauðárkrók, en þar hefur Hólaskóli byggt upp aðstöðu fyrir kennslu og rannsóknir í fiskeldi. Nú á vordögum flytur stofnunin starfsstöð sína í Reykjavík á Keldnaholt þar sem Landbúnaðarháskólinn er með starfsstöð. Stofnunin á því þegar í góðu samstarfi við báða skólana. Ekki er hins vegar hægt að laska sjálfstæði hennar með þessum hætti. Önnur málsgrein á því að hverfa.

Í 4. grein frumvarpsins eru talin upp hlutverk stofnunarinnar. Farin var sú leið að telja upp helstu hlutverk stofnunarinnar. En í listann nú vantar hlutverk sem talin voru í frumvarpinu eins og það var kynnt síðastliðið haust. Það að hafa þau með gefur betri mynd af starfsemi stofnunarinnar. Bæta mætti því við liðum. Þeir eru:

1. að vera stjórnvöldum, það er ráðherra, ráðuneyti, Landbúnaðarstofnun og öðrum til ráðgjafar.
2. til að rannsaka vistkerfi ferskvatns
3. að halda skrá um árlega veiði í ám og vötnum landsins.
4. að skrásetja náttúrufar í ám og vötnum og safna upplýsingum um gerð og eðli straumvatna og stöðuvatna.
5. að safna og skrá á kerfisbundinn hátt með vöktun upplýsingum um ástand vistkerfa eða einstakra stofna lífvera í ferskvatni.

Liður 1 er almenns eðlis og skýrir sig sjálfur. Liður 2 er einnig almennur en með víðari skírskotun í takt við tímann. Það fæst ekki fullur skilningur á fiskstofni sem á að nýta, nema að þekkja og skilja vistkerfið sem hann lifir í. Liður 3 er í samræmi við athugasemd hér að framan um frumvarp um lax og silungsveiði. Liður 4 tekur til þess að halda eigi gagnagrunn um ár og vötn og lífríki þeirra. Slíkt er nútíma varsla og miðlun upplýsinga og til þess fallið að gera rannsóknastarf og niðurstöður rannsókna gagnlegri með greiðum aðgangi að upplýsingum. Liður 5 tekur til að vakta eigi ástand vistkerfi ákveðin vötn og er í samræmi við vatnatilskipun Evrópu um

verndun vistgæða vatns og lögleiða þarf á Íslandi síðar á árinu. Þar er eðlilegt að Veiðimálastofnun komi að málum varðandi þennan þátt enda sú stofnun sem sinnir slíkum rannsóknum.

Þá er hér vakin athygli á því að í frumvarpi því sem kynnt var síðastliðið haust var Veiðimálastofnun gefið nýtt nafn Íslenskar vatnarannsóknir. Ástæðurnar eru einkum þær að nafnið, Veiðimálastofnun, hefur valdið miklum ruglingi meðal almennings. Innskotið mála vísar einnig sterkt til stjórnsýslu. Að lágmarki mætti fella “mála” út úr nafninu og kalla stofnunina Veiðistofnun. Enn betra er að nota nýtt nafn “Íslenskar vatnarannsóknir” sem betur lýsir starfsemi stofnunarinnar sem orðin er mun víðtækari en áður var og tekur nú til rannsókna á öllu lífríki og umhverfi í ferskvatni. Eins og áður er getið er eðlilegt að á einni hendi séu allar lífríkisrannsóknir í fersku vatni, þar sem einn hópur lífvera t.d. fiskar verða illa teknir út. Skilningur á vistkerfi og hlutverki hvers dyrahóps, stofnstærðarsveiflum og fleira fæst ekki til fulls öðru vísi en með rannsóknum á öllu vistkerfinu. Því er eðlilegt að það hlutverk sé vel skýrt í lögum eins og fyrr er komið að og einnig að nafn þeirrar stofnunar sem fer með málaflökkinn sé lýsandi yfir starfsemina. Íslenskar vatnarannsóknir lýsa þessu víðara hlutverki vel.

Að síðustu skal bent á að með þeim lagabreytingum sem boðaðar eru í þeim frumvörpum sem hér eru til umfjöllunar eykst hlutverk stofnunarinnar allnokkuð, einkum í gjöf umsagna til Landbúnaðarstofnunar varðandi veiðistjórnun, fiskrækt, fiskeldi og framkvæmdir við ár og vötn. Ef frumvörpin verða að lögum þarf því meira fjármagn til stofnunarinnar sem þegar býr við allt of knappan fjárhag. Fjárframlag ríkisins til þessa er lítið miðað við þau miklu verðmæti sem eru í húfi og þýðingu þeirra. Umsögn fjárlagaskrifstofu um kostnaðaráhrif frumvarpanna eru því ekki alls kostar rétt.

Um frumvarp til laga um eldi vatnafiska gerir stofnunin þá tillögu að í 8. gr. um rekstrarleyfi komi í upptalningu á upplýsingum sem þarf í umsókn, staðsetning stöðvar. Þetta er mikilvægt einkum þegar um umsókn um sjókvíastöð er að ræða. Stofnunin gerir ekki frekari athugasemdir enda var stór hluta þeirra ákvæða sem taka til fiskeldis í núgildandi lögum endurskoðuð fyrir fáeinum árum með bærilegri sátt þeirra hagsmunaaðila sem að málum koma.


Um frumvarp til laga um varnir gegn fisksjúkdómum gerir stofnunin ekki athugasemdir. Þær breytingar sem þar eru boðaðar eru til þess fallnar að skerpa á allri stjórnsýslu.

Um frumvarp til laga um fiskrækt gerir stofnunin ekki athugasemdir en bent skal á að betra væri að taka inn í þessi lög ákvæði um fiskræktarsjóð sem standa ein eftir af núgildandi lagabálk. Fiskræktarsjóður hefur mjög mikilvægt hlutverk í að styrkja rannsóknir og fiskrækt en býr við þróngan fjárhag. Hluti tekna sjóðsins kemur frá orkuverum sem vinna orku úr vatnsafli. Slík skattlagning á sér stað víða í löndunum í kringum okkur. Þar þykir sjálfsagt að orkufyrirtæki greiði til rannsókna og fiskræktar til mótvægis við þann skaða sem slík orkuvinnsla getur valdið til viðbótar við hreinar skaðabætur.

Veiðimálastofnun mælir með að umrædd frumvörp verði að lögum að teknu tilliti til fyrrgreindra athugasemda og breytingatillagna.

Undirritaður sem og aðrir á Veiðimálastofnun er reiðubúin að koma á fund nefndarinnar og ræða þessi mál ef þess er óskað svo og að fjalla nánar um einstaka þætti þess.

Virðingarfyllt,



Sigurður Guðjónsson, framkvæmdastjóri



Til Landbúnaðarnefndar Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1654
komudagur 19.4.2006

Þórshöfn 11. apríl 2006.

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um lax- og silungsveiði.

Á fundi landbúnaðarnefndar Þórshafnarhrepps, mánudaginn 10. apríl 2006, var m.a. fjallað um ofangreint efni og eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

2. Mál. Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði.

Frumvarp til laga um lax- og silungsveiði tekið til umræðu. Tökum undir athugasemdir félags eigenda sjávarjarða v/austanverðan Eyjafjörð að því undanskýldu að í 16. gr. laganna í þriðju línu, fyrstu málsgreinar komi í stað "...sýnt þykir.." "... sannað er með framlögðum rökstuddum rannsóknum að um ofveiði sé að ræða".

Athugasemdir landbúnaðarnefndar Þórshafnarhrepps við frumvarpið eru því sem hér segir:

- 1) **Úr 15. gr. falli brott setningin :** "Við veiðar göngusilungs í fastar veiðivélar í netlögum einstakra sjávarjarða skal miða við þann netafjölda sem viðkomandi fasteign hafði síðustu 5 ár fyrir gildistöku laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957". (Vart getur talist eðlilegt að hafa þessa viðmiðun inni því ýmislegt getur hafa valdið því að lítið hafi verið um netaveiði á ákveðnum jörðum einmitt á þessum árum þó að veiðiréttur hafi verið nýttur áður, t.d. aldur ábúanda).

5. málsgrein 15. gr. falli alveg brott.

Þess í stað hljóði 5. málsgrein 15. gr. þannig :

Heimilt er veiðifélagi og eigendum nærliggjandi sjávarjarða, án íhlutunar Landbúnaðarstofnunar, að gera með sér frjálsan samning um nýtingu beggja aðila á veiði göngusilungs.

Sé ekki gerður slíkur samningur skal Landbúnaðarstofnun í samráði við aðila, setja reglur um nýtingu veiðihlunnindanna á viðkomandi svæði, þar sem gætt skal réttar beggja aðila. (Með þessu er verið að halda þeim möguleika opnum að aðilar heima í héraði geti náð sátt um fyrirkomulag mála en að Landbúnaðarstofnun komi ella að málum).


Þá bætist við í 15. gr. : Telji veiðifélag þörf á takmörkun silungsveiða á tilteknu svæði eða um tiltekinn tíma, skal það því aðeins tekið til greina að fram hafi farið vísindalegar rannsóknir, kostaðar af viðkomandi veiðifélagi, á slíkri þörf.

- 2) 16. gr. verði breytt í samræmi við samþykkt hér að ofan.
- 3) Vegna 17. greinar er nauðsynlegt að gætt verði jafnræðis á milli veiðiheimilda á laxi í net uppi í á og veiða á göngu-silungi í netlögum sjávarjarða, hvað varðar veiðitíma, bæði hvað snertir dagafjölda í viku og yfir veiðitímabilið í heild. (Heimiluð er netaveiði á laxi í nokkrum ám og því ekki óeðlilegt að sömu lög gildi þar og varðandi netaveiði á silungi í sjó).
- 4) Að því verði hugað sérstaklega hvort takmarkanir á veiði sjávarjarðaeigenda, og einhliða bótalaust afnám veiðiréttar jarðanna í netlögum, séu ekki í andstöðu við jafnræðisreglur stjórnarskrár og friðhelgi eignarréttarins.
- 5) Inni í ákvæði til bráðabirgða verði bætt að einn fulltrúi samráðsnefndar skuli vera í nefndinni frá samtökum sjávarjarða eigenda, verði fulltrúar þá ellefu. (Það hlýtur að vera mikils um vert að ná sem breiðastri sátt um framkvæmd þessara mála og með því að fulltrúi eigenda sjávarjarða fái aðild að samráðsnefndinni aukast líkurnar á að slíkt takist).

Framangreindu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst.

F.h. landbúnaðarnefndar Þórshafnarhrepps



Björn Ingimarsson
sveitarstjóri

Afrit send:

Félagi eigenda sjávarjarða v/austanverðan Eyjarfjörð
Sveitarstjórnnum Svalbarðshrepps, Raufarhafnarhrepps, Öxarfjarðarhrepps,
Kelduneshrepps, Tjörneshrepps, Húsavíkurbæjar, Þingeyjarsveitar,
Grýtubakkahrepps og Svalbarðsstrandarhrepps.